allt
ÓLAFUR ÓLAFSSON
Loftþrýstidælur koma sér vel
• fasteignir • hús
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶



SJÓNVARP
Hver verður íslenski piparsveinninn?
FJÓRIR KEPPA Í FYRSTU ÞÁTTUNUM
FÓLK 30 ▶

Hagstæðasta bílalánið
FRJÁLSI
Hönnun og hæfi/SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
15. ágúst 2005 - 218. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Ullað á löggur

Um leið og fregnir bárust af þeirri ósvinnu að útlendingar hefðu í hyggju að mótmæla Kára-hnjúkavirkjun hófust stórfelldir liðsflutningar á vegum Ríkislögreglustjóra austur á land.

Í DAG 16

Grindavík sneri við blaðinu

Leikmenn Grindavíkur hafa greinilega jafnað sig eftir 8–0 tapið fyrir FH á miðvikudag því þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu Fylkismenn, 3–0, í gær. Með sigrinum lyftu Grindvíkingar sér upp úr fallsæti og eru því langt í frá búnir að játa sig sigraða.

ÍÞRÓTTIR 20

Fjórir strákar keppa um kvenhylli

Landinn spáir nú og spekúlerar hvaða karlmaður komi til með að hreppa hnossið. Í Bandaríkjunum er piparsveinninn kynntur til sögunnar í fyrsta þætti en íslenska útfærslan er aðeins öðruvísi.

FÓLK 30

VEÐRIÐ Í DAG



HÆG VESTANÁTT OG LÍTILSHÁTTAR VÆTA um allt land. Yfirleitt skýjað og hiti á bilinu 8-16 stig, hlýjast suðaustanlands.

VEÐUR 4



Vilja nýjan Reykjavíkurlista án þátttöku Vinstri grænna

Hópur innan Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar vill reyna að búa til nýjan Reykjavíkurlista án Vinstri grænna. Búast má við að framboðsmál Vinstri grænna skýrist á félagsfundi í dag.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Hugmyndir eru innan raða Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar um að flokkarnir bjóði fram sameiginlega í næstu borgarstjórnarkosningum og haldi þannig merkjum R-listans á lofti. Einnig er rætt um aðkomu óháðra og Frjálslyndra að nýju kosningabandalagi undir merkjum R-listans, svo og þeirra úr röðum Vinstri grænna sem styðja R-listaframboð.

Vinstri grænir í Reykjavík halda félagsfund í dag þar sem ákveðið verður hvort flokkurinn bjóði fram undir merkjum R-listans í komandi borgarstjórnarkosningum eða hefji undirbúning framboðs undir eigin merkjum. Fastlega er búist við því að Vinstri grænir ákveði að bjóða fram sjálfir, enda þótt skiptar skoðanir séu innan raða flokksins.

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir meginmáli skipta að halda Sjálfstæðisflokknum frá völdum. „Ég man hvernig það var að starfa þegar Sjálfstæðisflokkurinn stjórnaði hér öllu. Þá tíma vil ég ekki upplifa aftur. Ég mun því tala fyrir áframhaldandi R-lista-samstarfi,“ segir Björk.

Viðmælendur Fréttablaðsins innan raða Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar segja áhugann á kosningabandalagi til staðar hjá mörgum flokksmanna sinna en aðrir séu slíku mótfallnir og telji kominn tíma á að láta reyna á fylgi flokkanna í Reykjavík.

Er jafnan bent á að ekkert sé því til fyrirstöðu að mynda kosningabandalag með þátttöku Frjálslyndra og óháðra en þannig væri hægt að ná breiðri samstöðu og mynda kosningabandalag fleiri aðila en aðeins Framsóknar og Samfylkingar. Flokkarnir síðastnefndu halda einnig félagsfundi í vikunni þar sem búast má við ákvörðun um framboðsmál þeirra. **- hb**

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SORG Í APENU Mannskæðasta flugslys í sögu Grikklands varð í gær þegar farþegaþota af gerðinni Boeing 737 brotlenti skammt frá alþjóðaflugvellinum í Apenu. Allir farþegar og áhöfn vélarinnar fórust í slysinu. Mikil sorg ríkti á flugvellinum þegar fréttir bárust af því að enginn hefði komist lífs af. Konan á myndinni grætur ættingja sína sem fórust. **Sjá síðu 2**

Býflugur réðust að eldri konu:

Lifði af hundruð stungna

ARIZONA, AP Kona á níræðisaldri er á batavegi eftir að hún hlaut fjögur hundruð býflugnastungur við heimili sitt í borginni Tucson í Arizona í Bandaríkjunum. Býflugurnar komu frá vegg geymsluhúsnæðis við heimili konunnar.

Karlmaður sem staddur var á vettvangi sprautaði vatni úr slöngu á konuna þar til býflugnasveimurinn réðst á hann í staðinn. Tókst manninum að hlaupa býflugurnar af sér og hringja eftir hjálp.

Slökkviliðsmenn fundu konuna skömmu síðar þar sem hún lá meðvitundarlaus í götunni og fluttu hana á sjúkrahús. Starfsfólki sem þar hlúir að henni þykir ganga kraftaverki næst hversu fljótt konan jafnar sig, en hún var laus af gjörgæslu í gær. ■

Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi lögmaður Jóns Geralds, svarar gagnrýni í Baugsmáli:

Hafnar samsæriskenningum

BAUGSMÁLIÐ Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttardómari og fyrrum lögmaður Jóns Geralds Sullenberger, segir í yfirlýsingu að feðgarnir Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson ættu að einbeita sér að því að verjast í dómssalnum í stað þess að blása til gagnsóknar á opinberum vettvangi.

„Það er hreinasti heilaspuni að telja mig hafa átt þátt í að leggja á ráðin með lögreglunni um rannsóknarúrræði sem gripið yrði til vegna kærunnar, hvað þá að ég hafi villt um fyrir ríkislögreglustjóra og fengið hann til að æskja húsleitarheimildar hjá héraðsdómi, eins og Jóhannes Jónsson segir í viðtalinu við Fréttablaðið,“ segir Jón Steinar í yfirlýsingunni.

Jón Steinar segir enn fremur að störf hans fyrir Jón Gerald hafi verið venjuleg lögmannsstörf og Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, hafi þar hvergi komið nærri.

Sigurður G. Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi forstjóri Norðurljósa, segir að hægt væri að gera alla stjórnendur og fyrirtækjaeigendur á Íslandi að glæpamönnum ef fyrirtæki þeirra væru tekin til skoðunar. Hann segir að sala Búnaðarbankans hafi ekki verið skoðuð nægilega vel.

- hb / Sjá bls. 8 og 10

VIKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-
FRÁ EVRÓPU
hausverk
Miðvikudagar
Vlissingen / Holland
591 3000

SPURNING DAGSINS

Vala, hvernig er útlitið?

„Bjart og mjög skemmtilegt."

Valgerður Matthíasdóttir er hætt með sjónvarpsþáttinn Innlit/Útlit á Skjá einum eftir sex ára göngu hans. Nýr þáttur í umsjón hennar, hönnunar- og lífsstílsþátturinn Veggfóður, hefur fljótlega göngu sína á Sirkus.

Mikill viðbúnaður hjá ísraelskum og palestínskum hersveitum:

Búseta Ísraela á Gaza orðin ólögleg

GAZA, AP Ísraelar innsigluðu Gaza á miðnætti í nótt og mörkuðu þannig formlegt upphaf brottflutnings landnema frá svæðinu. Búseta Ísraela þar er nú ólögleg.

Ísraelskar og palestínskar hersveitir komu sér fyrir í gær til þess að gæta þess að brottflutningurinn færi vel fram. Í dagrenningu stóð til að ísraelskir hermenn hæfust handa við að banka á dyr landnema og benda þeim á að búseta þeirra væri ekki lengur leyfð. Á miðvikudag verður síðan byrjað að flytja fólk burt með valdi.

Mikil áhersla er lögð á að hersveitirnar sýni stillingu við brottflutninginn. Óttast er að óeirðir brjótist út þar sem vitað er að þúsundir andstæðinga brottflutningsins eru komnar til svæðisins. Þúsundir landnema hafa auk þess lýst því yfir að þeir fari hvergi.

Þúsundir palestínskra lögregluþjóna hafa einnig komið sér fyrir nærri landnemabyggðunum. Þeir hafa fengið fyrirmæli um að halda Palestínumönnum fjarri meðan brottflutningurinn fer fram til þess að koma í veg fyrir árásir vígamanna. Viðbúið er að slíkt myndi kalla á hörð viðbrögð Ísraela. ■

BROTTFLUTNINGUR Landnemar yfirgefa landnemabyggðina Morag í útjaðri borgarinnar Rafah á Gaza.

Umferðarslys í Fljótsdal:

Ökumaður á gjörgæslu

SLYS Maður um þrítugt var fluttur alvarlega slasaður með sjúkraflugi til Reykjavíkur eftir að pallbíll sem hann ók valt við Skriðuklaustur í Fljótsdal snemma í gærmorgun.

Vegfarandi sem leið átti hjá tilkynnti um slysið og var maðurinn í kjölfarið sóttur með sjúkrabíl, að sögn lögreglu á Egilsstöðum. Hann var síðan fluttur á Landspítala – háskólasjúkrahús í Fossvogi.

Maðurinn reyndist hafa hlotið talsverða áverka, meðal annars beinbrot, og var því fluttur á gjörgæsludeild, að sögn vakthafandi læknis á bráðamóttöku. Maðurinn var þó við meðvitund og ekki talinn í lífshætta. Hann er grunaður um ölvun við akstur. **- ht**

MIÐ-AUSTURLÖND

SMYGLARAR STÖÐVAÐIR Í KÚVÆT Lögreglan í Kúvæt stöðvaði mann sem notaði gólfteppi til að smygla heróíni til landsins. Heróínið var falið í litlum plastpípum sem voru ofnar inn í teppin.

KÚVÆTUM HÓTAÐ Hópar íraskra sjíamúslima hafa sent Kúvætum aðvörun um að draga herlið sitt til baka að fyrri landamærum þjóðanna, ellegar verði ráðist á þá. Árið 1991 ákvörðuðu Sameinuðu þjóðirnar ný landamæri milli landanna. Hótanirnar komi frá óþekktum hópi skæruliða sem ekki hafi nein tengsl við þau.

BANDARÍKIN

KONA LÉST Í SÍNU FYRSTA FALLHLÍFARSTÖKKI Kennslufallhlífarstökk fór illa þegar kona lést og leiðbeinandi hennar slasaðist alvarlega í Utah-ríki í Bandaríkjunum. Sjónarvottum ber ekki saman um hvernig slysið bar að en líklegast er talið að vindhviða hafi gripið þau og slengt þeim utan í hús. Konan lést á spítala stuttu eftir stökkið en leiðbeinandinn liggur enn þungt haldinn á sjúkrahúsi.

BRAK VÉLARINNAR DREIFÐIST YFIR STÓRT SVÆÐI Lögreglumaður og björgunarsveitarmaður á vettvangi flugslyssins. Í bakgrunni má sjá stél vélarinnar.

Hundrað tuttugu og einn fórst í flugslysi

121 lést þegar flugvél hrapaði í nágrenni við Aþenu. Tildrög slyssins eru um margt óljós en flugmennirnir virðast hafa misst meðvitund áður en flugvélin fór niður. Ásakanir eru uppi um að flugfélagið beri ábyrgð á slysinu.

AÞENA Hundrað tuttugu og einn lét lífið þegar Boeing 737-flugvél kýpverska flugfélagsins Helios brotlenti í nágrenni við Aþenu í gær. Sjónarvottar segja að flugvélin hafi flogið inn í hæðótt landslagið norðan við borgina og að kviknað hafi í henni um leið og hún lenti. Brak dreifðist yfir stórt svæði og í kjölfarið braust út mikill eldur sem læsti sig í skóglendið umhverfis slysstaðinn.

Flugvélin var á leiðinni til Prag með millilendingu í Aþenu en tildrög slyssins eru enn nokkuð óljós. Flest bendir til þess að loftþrýstingur hafi skyndilega fallið í vélinni og flugmennirnir misst meðvitund í kjölfar lofteitrunar af þeim völdum. Flugmenn herflugvéla sem sendar voru til að fylgja flugvélinni segjast hafa séð aðstoðarflugmanninn meðvitundarlausan í stjórnklefanum. Þar að auki segjast sjónarvottar sem komu að vélarflakinu hafa séð súrefnisgrímur fyrir vitum líkanna sem lágu á víð og dreif í kringum flakið, en slíkar grímur falla niður í farþegarýminu ef loftþrýstingur breytist.

Frændi eins farþegans segist hafi fengið SMS-skilaboð frá honum einungis nokkrum mínútum áður en flugvélin fórst. Þar hafi hann sagt flugmaðurinn væri blár í framan og að fimbulkuldi væri í farþegarýminu. Þetta er talið benda til þess að fleira hafi verið að en bara loftþrýstingurinn. Grísk flugmálayfirvöld segjast vera búin að finna flugrita vélarinnar en enn á eftir að koma í ljós hvort hann varpar einhverju ljósi á tildrög slyssins.

Áður en flugvélin lagði af stað í leiðangurinn fannst bilun í loftræstibúnaði vélarinnar en henni var veitt brottfararleyfi eftir að átt hafði verið við bilunina. Margir hafa viljað tengja þetta beint við slysið og eru fjölmargir aðstandendur fórnarlamba slyssins á þeirri skoðun að flugfélagið beri ábyrgð á því. Hópur aðstandenda safnaðist saman fyrir framan höfuðstöðvar Helios-flugfélagsins og kallaði forsvarsmenn þess morðingja.

annat@frettabladid.is

Kjarnorkuáætlun:

Norður-Kórea með sáttaboð

NORÐUR-KÓREA Aðalsamningamaður Norður-Kóreumanna í kjarnorkudeilunni við Bandaríkjamenn segir stjórn sína jafnvel tilbúna að sanna að landið haldi ekki úti kjarnorkuvopnaáætlun.

Í viðtali við fréttastofu CNN sagði Kim Gye Kwan, aðstoðarutanríkisráðherra Norður-Kóreu, að þarlend stjórnvöld væru ekki með neina kjarnorkuáætlun í gangi.

Þetta sáttaboð Norður-Kóreumanna er gefið út áður en sest verður að samningaborðinu að nýju í lok mánaðarins, en tilgangur fundarins er að fá Norður-Kóreumenn til þess að hætta við kjarnorkuáætlun sína.

Ríkin sem taka þátt í samningaviðræðunum eru: Norður-Kórea, Suður-Kórea, Kína, Japan, Rússland og Bandaríkin. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

HUNDRUÐ LÍTRA AF OLÍU Á GÖTUNA Tvö hundruð lítrar af olíu láku úr strætisvagni á Granda í gærmorgun eftir að bensíntankur hans rofnaði. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins þreif upp mestan hluta olíunnar. Hreinsibíll sem kallaður var út þreif afganginn upp í kjölfarið.

SLÖKKVILIÐ KALLAÐ ÚT AÐ LEIKSKÓLA Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út að leikskóla í austurborg Reykjavíkur um klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags eftir að eldvarnakerfi fór af stað. Enginn eldur fannst hins vegar þegar komið var á staðinn, en nokkur brunalykt. Ekki er vitað hvernig á lyktinni stóð, samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu.

ÖLVAÐIR ÖKUMENN STÖÐVAÐIR Lögreglan á Selfossi stöðvaði sex ökumenn aðfaranótt sunnudags grunaða um ölvun við akstur. Ávenjumikið var um ölvunarakstur þá nótt, að sögn lögreglu.

Loksins Loksins Loksins
Útsölumarkaður
Þjarkur Vinnuföt
Smiðjuveg 6 Rauð gata
ATH !!! Aðeins þessa viku
Smiðabuxur 2500kr Smekkbuxur 1500kr Regnsett 500kr
Barnaregnföt 990kr Kuldagallar (st152-176) 1990kr (stXXS-3XL) 2900kr Bolir 500kr Peysur 1500kr Vaðstígvél 990kr
Allt Microfleece á 490kr (Peysur og Buxur, börn og fullorðnir)
Og margt fleirra..... Finar vörur á frábæru verði
Opið frá 14-18
Mánudag – Föstudag.

Björn Bjarnason gagnrýnir Reykjavíkurlistann:

Fréttir af endalokum síst orðum auknar

STJÓRNMÁL Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir fréttir af endalokum R-listans síst orðum auknar og ekki koma á óvart. Björn gagnrýnir R-listann harðlega í pistli á heimasíðu sinni.

„R-listinn er hættur að snúast um annað en útdeilingu á völdum, hugmyndafræðilegt inntak hans er ekkert og stjórn hans á málefnum Reykjavíkurborgar er sorglegt dæmi um, hvernig fer, þegar hver höndin er upp á móti annarri og allir eru með hugann við að skara eld að eigin köku," segir Björn í pistlinum.

Björn segir nú komið að þeim punkti að það að taka ekki af skarið skaði trúverðugleik allra sem láti sem það sé unnt að blása nýju lífi í R-listann. „Ég er mest hissa á því hversu lengi R-lista flokkarnir telja sér sæma að halda þessum pólitíska hráskinnaleik áfram," segir Björn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

BJÖRN BJARNASON Segir trúverðugleik þeirra skaðast sem láti sem unnt sé að blása nýju lífi í R-listann.

„Björn Bjarnason hefur skrifaðeins um R-listann síðan listinn varð til, á meðan hafa borgarbúar hins vegar veitt okkur traust," segir Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi R-lista.

Stefán Jón segir enn fremur engan halda öðru fram en að brugðið geti til beggja vona um framtíð R-listans. Málið sé komið til félaganna í flokkunum sem að R-listanum standa.

- ht

Er framkvæmdahugur í húsfélaginu?

Inngöngutilboð!

Nýjum húsfélögum býðst ókeypis mánaðargjald fyrstu sex mánuðina.

Íslandsbanki býður hagstæð framkvæmdalán

Framkvæmdalán Íslandsbanka eru hagkvæm og einföld leið til að fjármagna framkvæmdir við húseignina. Lánin eru á hagstæðum kjörum og öll umsýsla einföld og þægileg. Það er því auðvelt fyrir alla íbúana að öðlast yfirsýn yfir stöðu sína gagnvart framkvæmdunum.

Húsfélagaþjónusta Íslandsbanka er framúrskarandi. Ef ætlunin er að ráðast í framkvæmdir á næstunni, byggja upp framkvæmdasjóð eða einfaldlega að ná heildaryfirsýn yfir fjármál húsfélagsins þá er Íslandsbanki rétti samstarfsaðilinn.

Kynntu þér framkvæmdalánin og húsfélagaþjónustuna á isb.is eða í síma 440 4000.

Húsfélagaþjónustan í hnotskurn:

- Sérstakur þjónustufulltrúi heldur utan um málin
- Greiðsluáætlun fyrir hverja íbúð
- Innheimtuþjónusta
- Sérhannaður Félagabanki á isb.is

ÍSLANDSBANKI | 100%

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2915

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 12.08.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	63,3	63,6
Sterlingspund	GBP	114,93	115,49
Evra	EUR	78,89	79,33
Dönsk króna	DKK	10,571	10,633
Norsk króna	NOK	9,944	10,052
Sænsk króna	SEK	8,481	8,531
Japanskt jen	JPY	0,5781	0,5815
SDR	XDR	93,55	94,11

Gengisvísitala krónunnar
109,8528

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tilnefningar í nýja ríkisstjórn Írans:

Umbótasinnar gagnrýna val á ráðherrum

ÍRAN, AP Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, hefur tilnefnt 21 ráðherra í ríkisstjórn sína. Umbótasinnar segja ráðherrana flesta vera afturhaldssinna sem séu andsnúnir þeim umbótum sem fyrirrennarar þeirra á síðasta kjörtímabili hafa staðið fyrir.

Þessi gagnrýni hefur komið fram af hálfu hópa sem kenna sig við umbætur og byggja meðal annars mat sitt á að einungis einn maður í hinum tilnefnda hópi hafi verið ráðherra í ríkisstjórn Khatamis, fyrirrennara Ahmadinejad. Hinir tuttugu séu allir mjög hallir undir klerkastjórn landsins.

Fræðingar á Vesturlöndum eru einnig uggandi yfir valinu á ráðherrunum og telja að í hópnum sé lítinn stuðning að finna við áætlanir um að Íranir láti af úraníumframleiðslu sem gæti nýst þeim við gerð kjarnavopna. Sem dæmi um þetta má nefna að hinn nýi utanríkisráðherra hefur gagnrýnt kjarnorkuviðræður landsins við Evrópusambandið. Að hans mati á landið að tileinka sér harðari stefnu í þessum málum og halda sig alfarið frá málamiðlunum. ■

MAHMOUD AHMADINEJAD Forseti Írans hefur tilnefnt 21 ráðherra í nýja ríkisstjórn.

Forseti Kirgisistan:

Breytingar í utanríkismálum

KIRGISISTAN, AP Kurmanbek Bakijev, forseti Kirgisistan, hefur verið settur í embætti.

Í innsetningarræðu sinni sagði forsetinn að Kirgisistan myndi halda áfram að marka sér sjálfstæða utanríkisstefnu. Í landinu eru nú bæði bandarískar og rússneskar hersveitir og hefur það valdið nokkurri togstreitu vegna þess að Kirgisistan er sérstaklega vel staðsett frá hernaðarlegu sjónarmiði.

Nokkur ólga hefur verið í landinu lengi en Bakijev tók við stjórnartaumunum fyrr á árinu þegar uppreisn var gerð gegn þáverandi forseta. Hann var síðan lýðræðislega kjörinn í júlí. ■

Toutou hershöfðingi:

Reiðubúinn að gefast upp

HAÍTÍ, AP Einn af valdamestu glæpamönnum Haíti segist reiðubúinn að gefa sig fram ef friðargæslulið Sameinuðu þjóðanna fellst á að tryggja honum öryggi. Gengi sem lúta stjórn mannsins, sem kallar sig Toutou hershöfðingja, eru talin bera ábyrgð á meirihluta morða og mannrána í þessu mjög svo óstöðuga landi.

Toutou sagði í samtali við AP-fréttastofuna að uppgjöf hans væri til þess ætluð að koma lýðræðisferlinu aftur á réttan kjöl en upplausnarástand hefur ríkt síðan Jean-Bertrand Aristide var bolað frá völdum í febrúar 2004. ■

ÍRASKUR MAÐUR BORINN TIL GRAFAR Á meðan stjórnmálamennirnir skrifa stjórnarskrá ríkir enn óöld í Írak.

Ágreiningur ríkir um nýja stjórnarskrá

Enn er ágreiningur meðal trúarhópa í Írak um nokkur atriði í uppkasti að stjórnarskrá landsins. Lokafrestur á að leggja stjórnarskrána fyrir þingið er í dag. Súnníar neita alfarið að samþykkja að Írak verði sambandsríki.

ÍRAK Enn standa deilur um nýja stjórnarskrá Íraks en stefnt var að því að leggja hana fyrir þingið í gær. Það gekk þó ekki eftir og var þá ákveðið að fresta þingfundinum þangað til í dag í þeirri von að samkomulag næðist. Óttast þó margir að enn þurfi að fresta því að leggja stjórnarskrána fyrir þingið.

Deilt hefur verið um hvernig stjórnkerfi landsins skuli háttað. Ekki eru allir á eitt sáttir um hvort og hvernig landinu með sínum olíuauðlindum verði skipt milli mismunandi trúaarhópa. Nýlegar óskir sjía um sjálfstjórnarsvæði í Mið- og Suður-Írak, þar sem mikið finnst af olíu, hafa kallað á sterk viðbrögð frá súnníum. Sjálfsstjórnarsvæði sjía myndi kalla á að Írak yrði skilgreint sem sambandsríki og það telja súnníar sig ekki geta sæst á. Samkvæmt fréttavef BBC var í gær allt útlit fyrir að sjíar hefðu látið undan kröfum súnnía um eitt ríki og samþykkt að landið skyldi heita lýðveldið Írak í stað sambandsríkisins Íraks.

Önnur atriði virðast vera komin á hreint. Olíumálaráðherra landsins hefur lofað að í stjórnarskránni verði kveðið á um sanngjarna skiptingu á olíutekjunum. Þykir þó ljóst að þau ákvæði verði mjög opin því ráðherrann hefur lýst því yfir að nákvæmar útlistanir á skiptingunni verði að bíða seinni tíma. Enn fremur hafa embættismenn fullyrt að réttur kvenna verði ekki fótum troðinn í nýju stjórnarskránni og þar verði konum gert jafn hátt undir höfði og körlum.

Viðræðurnar um íraska stjórnarskrá berast samhliða fréttum um áframhaldandi ofbeldi í landinu. Sex bandarískir hermenn létust í sprengju- og skotárásum í gær og er ljóst að andspyrnumenn ætla ekki að slaka á árásum sínum á bandaríska hernámsliðið þótt landar þeirra semji á þinginu.

annat@frettabladid.is

RÁÐHERRA LAGÐUR TIL HVÍLU Yfirvöld á Srí Lanka telja fullvíst að klofningshópur Tamíl-Tígra hafi staðið að baki morðinu.

Banatilræðið í Srí Lanka:

Tólf Tamílar handteknir

SRÍ LANKA, AP Tólf Tamílar hafa verið handteknir í tengslum við morðið á utanríkisráðherra Srí Lanka fyrir helgi. Um er að ræða ellefu karla og eina konu sem er verið að yfirheyra eins og stendur. Telja yfirvöld að nú sé fullvíst að klofningshópur innan uppreisnarhópsins Tamíl-Tígra standi að baki morðinu. Forsvarsmenn hreyfingarinnar hafa þó ítrekað lýst því yfir að hreyfingin hafi ekki staðið fyrir morðinu.

Fulltrúar Tamíla á þingi Srí Lanka hafa sagt að friðarsamkomulag milli Tamíl-Tígra og ríkisstjórnarinnar sé eina leiðin til að stöðva ódæðisverk af þessu tagi. ■

Erill í miðborginni:

Ráðist á konu

LÖGREGLA Mikill mannfjöldi lagði leið sína í miðborg Reykjavíkur á laugardagskvöld og hafði lögregla í nógu að snúast um nóttina. Ölvun var áberandi, einkum síðla nætur, að sögn aðalvarðstjóra hjá lögreglunni.

Ein líkamsárás kom til kasta lögreglu. Flytja þurfti konu á slysadeild eftir að hún var slegin, en að sögn lögreglu var ekki vitað í gær hver þar var að verki.

Önnur kona var flutt á slysadeild með sjúkrabíl undir morgun eftir að hún ók á kyrrstæða bifreið á Rauðarárstíg. Konan er ekki talin alvarlega slösuð en talsverðar skemmdir urðu á bifreiðunum. Hún er grunuð um ölvun við akstur.

- ht

LÖGREGLUFRÉTTIR

TÖÐUGJÖLD Bæjarhátíðin Töðugjöld fór fram á Hellu um helgina og gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig, að sögn lögreglu í Vík. Talsverð ölvun var þó í bænum og þurfti lögregla að hafa afskipti af nokkrum minniháttar pústrum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

FLUTTIR Á HEILSUGÆSLU Flytja þurfti tvo farþega bifreiðar á Heilsugæslustöðina í Stykkishólmi eftir umferðaróhapp við vegamót Snæfellsnesvegar og Vatnaleiðar á sjötta tímanum í fyrrinótt. Meiðsl mannanna voru ekki talin alvarleg. Alls voru fjórir í bifreiðinni en hinir tveir sluppu nær ómeiddir.

MIKIL UMFERÐ UM BORGARNES Mikil umferð var um Vesturlandsveg í gær og þyngdist hún eftir því sem leið á daginn, að sögn lögreglu í Borgarnesi. Þúsundir lögðu leið sína á Danska daga í Stykkishólmi og margir voru í gær á heimleið um Borgarnes til höfuðborgarinnar.

www.ibudalan.is

Einfaldari leið að íbúðakaupum

Að fjármagna íbúðakaup hjá **Íbúðalán.is** er einfalt, fljótlegt og þægilegt. Þú ferð einfaldlega inn á vefslóðina **www.ibudalan.is** og gengur frá þínum málum í tveimur einföldum skrefum - **greiðslumatinu og lánsumsókninni**.

Fasteignasalinn sendir síðan kauptilboðið rafrænt til **Íbúðalán.is**

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

VEÐRIÐ Í DAG

VESTANÁTT
Í dag má búast við hægum vestlægum eða breytilegum áttum. Það má reikna með lítilsháttar vætu hér og hvar um landið. Hitinn verður á bilinu 8-16 stig, hlýjast suðaustanlands. Á morgun bætir svo í vind og má búast við sunnanstrekkingi, jafnvel allhvössu veðri vestanlands með rigningu um allt land. Á miðvikudag dregur úr vindi en það má áfram búast við vætu sunnan- og vestanlands.

Í dag



Á morgun



Stíf suðaustanátt - víða rigning.

Miðvikudagur



Suðlægar eða breytilegar áttir og vætusamt.

Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	19°C	heiðskírt	Algarve	30°C	sk.m.köflum	Róm	25°C	sk.m.köflum
Osló	24°C	sk.m.köflum	Mallorca	26°C	sk.m.köflum	Alicante	31°C	sk.m.köflum
London	22°C	léttskýjað	Krít/Chania	31°C	heiðskírt	Kýpur	34°C	heiðskírt
París	20°C	skýjað	Barcelona	28°C	sk.m.köflum	Rimini	23°C	sk.m.köflum

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Fluggáfaðir einstaklingar klippið hér

www.icelandexpress.is

2000 FLUGSÆTI

Iceland Express býður nú **2000 flugsæti** aðra leið á sérstöku tilboðsverði. Tilboðið gildir fyrir flug á tímabilinu **17. ágúst** til **30. september**. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð. Hentu frá þér dagblaðinu, smelltu þér á **icelandexpress.is** og tryggðu þér miða til London, Köben eða Frankfurt! Sala hefst í dag **kl. 09:00**. **Fyrstur bókar, fyrstur fær!**

SALA HEFST KL. 09:00
www.icelandexpress.is

Takmarkað sætaframboð, fyrstur kemur, fyrstur fær!

Til Kaupmannahafnar:
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 3.350 kr. (skattar)
= **5.350 kr**. aðra leið með sköttum

Til London:
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 3.350 kr. (skattar)
= **5.350 kr**. aðra leið með sköttum

Til Frankfurt Hahn:
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 3.350 kr. (skattar)
= **5.350 kr**. aðra leið með sköttum

Frá Kaupmannahöfn:
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 3.350 kr. (skattar)
= **5.350 kr.** aðra leið með sköttum

Frá London:
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 2.850 kr. (skattar)
= **4.850 kr.** aðra leið með sköttum

Frá Frankfurt Hahn:
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 1.700 kr. (skattar)
= **3.700 kr.** aðra leið með sköttum

2000 SÆTI
Verð frá aðeins: **3.700 kr.**
Tilboðið gildir aðeins á völdum dagsetningum frá 17. ágúst til 30. september. Takmarkað sætaframboð. (Aðra leið með sköttum)

Iceland Express

Fíton / SÍA

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

KJÖRKASSINN

Ganga brottflutningarnir frá Gaza friðsamlega fyrir sig?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	9%
Nei	91%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu flughrædd(ur)?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

visir

Danskir dagar voru haldnir í Stykkishólmi um helgina:

Tíu þúsund manns í Stykkishólmi

HÁTÍÐIR Talið er að átta til tíu þúsund manns hafi verið á Dönskum dögum sem fram fóru í Stykkishólmi um helgina. Gekk hátíðin vel fyrir sig að sögn Berglindar Þorbergsdóttur, framkvæmdastjóra hátíðarinnar.

„Hápunktur Danskra daga var líklega koma danska Eurovisionfarans Jakobs Sveistrup,“ segir Berglind en Jakob lék bæði fyrir dansi á hátíðarsviði á laugardag og Bryggjuballi sem haldið var um kvöldið. Ball var einnig haldið á bíladekki Breiðafjarðarferjunnar Baldurs í fyrrinótt, auk þess sem haldið var úti dagskrá fyrir alla aldurshópa á laugardag.

Skipulagðri dagskrá var einungis haldið úti á laugardaginn en á föstudag héldu íbúar sjálfir hverfagrill auk þess sem keppt var um best skreyttu götuna. „Það er gaman að sjá hvað fólk er farið að leggja mikið í götuskreytingarnar,“ segir Berglind. „Fólk tjaldaði öllu sem til er og málaði jafnvel bílana sína.“

- ht

DÖNSK STEMNING Mikill fjöldi fólks safnaðist saman í Stykkishólmi um helgina og hélt Danska daga hátíðlega.

Danskir dagar:

Fjórir í fangelsi

LÖGREGLUMÁL Danskir dagar í Stykkishólmi um helgina fóru að mestu leyti vel fram, að sögn lögreglu. Talsverð ölvun var þó í bænum og þurfti lögregla að hafa afskipti af nokkrum mönnum vegna óláta.

Ein líkamsárás var kærð til lögreglu aðfaranótt laugardags og hlaut fórnarlamb árásarinnar glóðarauga auk þess sem tennur brotnuðu. Þá voru fjórir menn færðir á lögreglustöð aðfaranótt sunnudags vegna slagsmála og ónota sem af þeim stöfuðu. Öllum var mönnunum þó sleppt skömmu eftir að þeir voru handteknir.

- ht

Vopn á vellinum:

Ellefu handteknir

LONDON, AP Lögregla fór inn á áhorfendapalla í gær og handtók ellefu manns meðan leikur Queens Park Rangers og Sheffield United í ensku fyrstu deildinni stóð yfir í gær. Mennirnir voru vopnaðir og höfðu að sögn lögreglu ógnað Gianni Paladini, stjórnarformanni QPR, með byssu. Ekki er vitað hvað vakti fyrir mönnunum.

Sumir mannanna voru handteknir í áhorfendastúkum en aðrir utan við leikvanginn. Handtökurnar höfðu engin áhrif á leikinn, sem QPR vann 2-1. ■

Barist gegn mengun:

Bílar myndaðir

BANDARÍKIN, AP Svæðið í kringum Los Angeles er eitt hið mengaðasta í Bandaríkjunum og hafa stjórnvöld þar ákveðið að skera upp herör gegn mengandi bílum.

Ákveðið hefur verið að koma upp sérstökum skynjurum og myndavélum til að mynda bíla sem menga hvað mest. Tækin mæla mengunarlosun þegar bílarnir hraða á sér og taka myndir af númeraplötum þeirra. Eigendur bílanna mega svo eiga von á bréfi frá yfirvöldum þar sem þeim eru boðin góð kjör fyrir að laga bílana svo þeir mengi minna. ■

Dauðfeginn að hætta störfum

Umsjónarmaður einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey segist ekki ætla að falast eftir því að yfirtaka starfsemi stöðvarinnar þegar ríkið hættir rekstri hennar eftir áramótin. Hann segist verða dauðfeginn að hætta, þótt starfið sjálft sé afar gefandi og skemmtilegt.

DÝRAHALD Stefán Björnsson, umsjónarmaður einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey, segist verða dauðfeginn er hann lætur af störfum þegar stöðinni verður lokað. Starfið sjálft sé þó afar gefandi og skemmtilegt. Ríkið ætlar að hætta rekstri stöðvarinnar þegar ný stöð í Höfnum tekur til starfa. Stefán hefur starfað á stöðinni frá því upp úr 1990.

„Þeir í ráðuneytinu hafa ekki tilkynnt mér þetta,“ segir hann. „Ég veit að þetta stendur til en ekkert meir. Ég verð mjög ánægður þegar nýja stöðin tekur til starfa. Það hafa allir verið að berjast fyrir því að einangrunarstöð gæludýra verði staðsett sem næst flugvellinum. Ég hrósa sigri yfir því að það skuli vera orðið að veruleika. Það verður nóg fyrir mig að gera, ég get alls staðar fengið vinnu.“

Enginn hefur enn sem komið er falast eftir því við landbúnaðarráðuneytið að taka yfir rekstur-inn í Hrísey. Stefán segist sjálfur ekki hafa minnsta áhuga.

„Þegar þetta er orðið þannig að samstarf við örfáa einstaklinga úr hópi 200 viðskiptavina á ári er farið að koma niður á heimilinu og maður er orðinn leiður og þreyttur á stappi og djöfulgangi í símum og öðru, þá þarf að skipta um starf.“

Biðlistinn eftir einangrun nær nú til mánaðamóta janúar-febrúar. Stefán segir innflutninginn vera að aukast með árunum. Þar komi helst til jákvæður hugur fólks til þess að vilja eiga og halda dýr. Svo sé þetta greinilega tískufyrirbrigði og heimflutningur gæludýra meiri en nokkru sinni fyrr.

„Fólkið fer þá með dýrin með sér til útlanda og kemur svo með þau aftur, þótt þetta sé alveg fokandskoti dýrt. Tímabilið kostar um 135 þúsund krónur og þetta er bara brjálæði. Það verður að vera svona dýrt í því formi sem þetta er rekið í dag. Landbúnaðarráðuneytið hirðir fast að helmingi þessarar upphæðar með virðisauka. Svo leggst til dýralæknakostnaður, auk tveggja og hálfs stöðugildis.“

jss@frettabladid.is

STEFÁN BJÖRNSSON Segist ekki vera með „bjútístofur“ heldur leggja höfuðáherslu á andlegt geðheilbrigði hunda meðan þeir dvelji í Hrísey. Því leggi hann áherslu á að dýrin séu vinir hans og að þeim líði vel og komist óskemmd úr einangrunarvistinni.

www.icelandair.is/boston

Boston

Flug og gisting í þrjár nætur

Verð frá 49.900 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Midtown Hotel.
25.-28. nóv., 12.-15. jan., 26.-29. jan., 17.-20. feb. og 3.-6. mars.
Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú geta handhafar Vildarkorts Visa og Icelandair notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.

VR orlofsávisun Munið ferðaávísunina

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS ICE 29013 08/2005

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is

FARÞEGAR BÍÐA Á HEATHROW Svona var umhorfs á flugvellinum um helgina þar sem farþegar British Airways biðu eftir flugi.

Verkfall starfsmanna British Airways:

Áætlun á réttan kjöl

BRETLAND, AP Flugáætlun breska flugfélagsins British Airways er loks að komast á réttan kjöl eftir að starfsmenn þess fóru í verkfall fyrir helgi. Þó eru enn farþegar sem bíða eftir að komast á áfangastaði sína og hafa sumir nú beðið í fjóra daga eftir flugi. Hátt í hundrað þúsund farþegar komust ekki leiðar sinnar vegna deilunnar en það voru starfsmenn í fyrirtæki sem sér flugfélaginu fyrir mat sem ákváðu að leggja niður vinnu.

Verkfallið hefði ekki haft áhrif á jafn marga ef ekki hefði verið fyrir þær sakir að nú er háannatími hjá flugfélaginu vegna sumarleyfa. ■

Samkomulag um Aceh-hérað:

Hermenn fluttir á brott

HELSINKI, AP Skrifað verður undir friðarsamkomulag milli frelsishreyfingar Aceh-héraðs og ríkisstjórnar Indónesíu í dag. Þar með er vonast til að tekist hafi að binda enda á blóðug átök í héraðinu sem staðið hafa undanfarin þrjátíu ár og kostað um fimmtán þúsund manns lífið.

Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands, hefur haft milligöngu í friðarviðræðunum. Frelsishreyfing Aceh-héraðs hefur sæst á að láta af kröfum um fullt sjálfstæði héraðsins en á móti ætlar ríkisstjórn Indónesíu að flytja burt hermenn og veita íbúum héraðsins landrými, störf og fulltrúa í þinginu. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

SJÖ STÖÐVAÐIR Á SNÆFELLSNESI Sjö ökumenn voru stöðvaðir á Snæfellsvegi í gær vegna hraðaksturs. Sá sem hraðast ók mældist á nær 150 kílómetra hraða og á von á að verða sviptur ökuréttindum sínum þegar mál hans verður tekið fyrir.

MARGIR SKEMMTU SÉR Á EGILSSTÖÐUM Mikill mannfjöldi skemmti sér á Egilsstöðum aðfaranótt sunnudags en þar var Ormsteiti sett um helgina. Skemmtanahald fór vel fram og þurfti lögregla ekki að hafa afskipti af fólkinu. Norðurhéraðsdagur og Möðrudalsgleði voru einnig haldin hátíðleg á svæðinu um helgina.

HiveLite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL,
OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

Það er ekkert mál að skipta.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvers minntust íbúar Stokkhólms um helgina?*

2 *Teddy Sheringham, leikmaður West Ham, skoraði mark um helgina. Hvað er hann gamall?*

3 *Hver sækist eftir öðru sætinu á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir næstu borgarstjórnarkosningar?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Hert eftirlit með sæðisgjöfum:

Reglur látnar ná til vefsíðna

BRETLAND Búist er við að nýjar reglur um sæðisgjöf verði settar fram í Bretlandi á allra næstu dögum.

Eins og staðan er núna þurfa heimasíður sem bjóða upp á sæði til kaups ekki að uppfylla sömu skilyrði og heilsugæslustöðvar þar sem sæðing fer fram. Til dæmis er alls ekki alltaf búið að kanna hvort sæði sem keypt er í gegnum heimasíður sé smitað af alnæmi eða hvort það beri einhverja arfgenga sjúkdóma. Bresk heilbrigðisyfirvöld hafa haft af þessu nokkrar áhyggjur og er nú ætlunin að herða eftirlit með þessu.

Nokkuð mikið úrval er af vefsíðum sem bjóða upp á sæði og sæðingartól til kaups fyrir konur sem óska eftir að verða þungaðar án þess að karlmaður komi þar við sögu.

Margar fleiri spurningar vakna um sæði sem fengið er með þessum leiðum. Börn sem verða til í tæknifrjóvgun á heilsugæslustöðvum verði aldrei tengd við líffræðilegan föður sinn en sama gildir alls ekki um börn sem getin eru með sæði sem fengið er í gegnum netið. Menn sem selja sæði sitt með þessum leiðum gætu því fengið það í hausinn og verið dæmdir til að borga meðlag með líffræðilegum börnum sínum. ■

SÆÐI Í GLASI Bresk heilbrigðisyfirvöld hyggjast bæta úr því að ekkert eftirlit sé með sölu á sæði á veraldarvefnum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

VELTU BÍL VIÐ NÚPSSTAÐ Engin slys urðu á fólki þegar bifreið með tveimur mönnum innanborðs hafnaði utan vegar og valt við Núpsstað í Skaftárhreppi um klukkan tíu í gærmorgun. Hafnaði bifreiðin á þakinu við veltuna og var hún dregin af vettvangi, að sögn lögreglu í Vík.

ERILL VEGNA DANSLEIKS Talsverður erill var hjá lögreglu á Eskifirði og í Neskaupstað vegna dansleiks sem haldinn var á Eskifirði á laugardagskvöld. Hafði lögregla afskipti af nokkrum smávægilegum pústrum og ölvuðu fólki. Þá voru Norskir dagar á Seyðisfirði um helgina og fóru í alla staði vel fram, að sögn lögreglu.

JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON Segir að af viðtölunum í Fréttablaðinu sé ljóst að feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson vilji blása til gagnsóknar gegn ákærunum á opinberum vettvangi með því að halda fram samsæriskenningu um að valdi hafi verið misbeitt við málatilbúnað gegn þeim.

Jón Steinar hafnar samsæriskenningum

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna ummæla Jóhannesar Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í Fréttablaðinu á laugardaginn. Yfirlýsingin birtist hér í heild sinni.

YFIRLÝSING Í viðtölum við Fréttablaðið 13. ágúst síðastliðinn víkja feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson báðir orðum að mér í tengslum við ákæru á hendur þeim sem blaðið birti sama dag. Er helst á þeim að skilja, að ég hafi verið þátttakandi í einhvers konar samsæri um að koma á þá tilefnislausum sökum í tengslum við rekstur Baugs hf. Í tilefni af ummælum þeirra tel ég rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Sumarið 2002 leitaði Jón Gerald Sullenberger til lögmannsstofu minnar vegna viðskiptakrafna, sem hann taldi fyrirtæki sitt Nordica eiga á hendur Baugi. Ég tók málið að mér og stefndi fyrirtækinu þá um haustið í tveimur málum til greiðslu þessara krafna. Þeim lauk síðar með sátt, sem fól meðal annars í sér greiðslu krafna umbj. míns og kostnaðar sem hann hafði haft. Með sáttinni var einnig lokið málaferlum sem fyrirsvarsmenn Baugs höfðu efnt til á hendur Jóni Gerald og fyrirtæki hans í Bandaríkjunum. Frá þessu var skýrt í fjölmiðlum á sínum tíma og einnig staðfesti Jón Ásgeir Jóhannesson þetta í bréfi til ríkislögreglustjóra, sem hann afhenti fjölmiðlum og Morgunblaðið birti í heild 2. júlí 2005.

2. Auk þess að fá fullnustu þessara einkaréttarlegu krafna kvaðst Jón Gerald einnig vilja kæra fyrirsvarsmenn Baugs fyrir refsiverða háttsemi sem honum væri kunnugt um og framin hefði verið í tengslum við viðskiptin. Ég vísaði honum með það erindi til Ríkislögreglustjóra. Er líklegt, þó að ég muni það ekki, að ég hafi haft samband við lögregluna til að óska eftir að skjólstæðingur minn fengi að koma til skýrslugjafar um þetta. Það er hreinasti heilaspuni að telja mig hafa átt þátt í að leggja á ráðin með lögreglunni um rannsóknarúrræði sem gripið yrði til vegna kærunnar, hvað þá að ég hafi villt um fyrir ríkislögreglustjóra og fengið hann til að æskja húsleitarheimildar hjá héraðsdómi, eins og Jóhannes Jónsson segir í viðtalinu við Fréttablaðið.

3. Ofangreind störf mín í þágu Jóns Geralds Sullenbergers voru ósköp venjuleg lögmannsstörf á borð við störf sem ég hafði sem lögmaður tekið að mér í gegnum árin fyrir fjölda fólks sem til mín leitaði með erindi sín. Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra kom hvergi nærri. Kom mér nafn hans ekki í hug, þegar ég tók störfin að mér.

4. Af viðtölunum í Fréttablaðinu er ljóst, að feðgarnir vilja blása til gagnsóknar gegn ákærunum á opinberum vettvangi með því að halda fram samsæriskenningu um að valdi hafi verið misbeitt við málatilbúnað gegn þeim. Slíkar kenningar eiga oft greiðan aðgang að fólki. Ég skil það vel, að menn sem eru áberandi í fjölmiðlum og þurfa að verjast ákærum um alvarleg refsilagabrot, reyni á opinberum vettvangi að rétta hlut sinn. Það er bara mannlegt. Of langt er hins vegar seilst, þegar smíðaðar eru svona kenningar sem ekkert hafa við að styðjast. Úr málinu verður ekki leyst á grundvelli þeirra. Þeir ættu fremur að einbeita sér að því að verjast þeim efnislegu sökum sem þeir eru bornir á þeim vettvangi, þar sem um verður fjallað, þ.e. inni í dómsalnum. Hafi þeir ekki framið þau brot sem þeir eru sakaðir um ættu þeir engu að þurfa að kvíða. ■

Aðeins 25stk!!!

ALLTAF ÓDÝRARI

99.990

HP nx6110 Ferðatölva

1.6 GHz Pentium M Centrino örgjörvi - 2MB
512MB DDR 333MHz vinnsluminni - St í 2GB
40GB Ultra ATA100 hljóðlátur harðdiskur
24x Skrifari sem er líka DVD geisladrif
Innbyggt stereo hljóðkerfi með 2 hátölurum
Innbyggt hraðvirkt 10/100 netkort og 56K mótald
Intel Extreme Graphics II skjákort með allt að 64mb
15" XGA TFT LCD skjár • Windows XP Professional
Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11g og Bluetooth
2x USB 2.0, 1xPCMCIA, FireWire, VGA, o.fl
2,8 kg, H 30 mm x W 329 mm x D 267 mm
Li-ion rafhlaða, ending allt að 4 tímar
2ja ára ábyrgð, 6 mán á rafhlöðu

Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

Skeifunni 11d
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 10-18
Sunnudaga 13-17

GRIFFILL

ÞJÓÐHÁTÍÐUM FAGNAÐ Indverskir og pakistanskir landamæraverðir dansa saman í sameiginlegum hátíðahöldum á landamærum ríkjanna um helgina. Pakistanar héldu þjóðhátíðardag sinn hátíðlegan í gær og þjóðhátíðardagur Indverja er í dag.

Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður um Baugsmálið:

Gefur tilefni til að skoða fleiri mál

DÓMSMÁL „Ég tel að hægt væri að gera alla stjórnendur og fyrirtækjaeigendur á Íslandi að glæpamönnum ef fyrirtæki þeirra væru skoðuð ofan í kjölinn," segir Sigurður G. Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi forstjóri Norðurljósa.

Sigurður kveðst ekki hafa séð ákærur í Baugsmálinu en gögn sem Fréttablaðið birti á laugardag gefi til kynna að málið snúist fyrst og fremst um viðskiptasamninga. Það gefi væntanlega tilefni til þess að skoða mál fleiri aðila.

Aðspurður um sölu Búnaðarbankans segir Sigurður það mál ekki hafa verið skoðað ofan í kjölinn. „Það er mikið talað um þessi viðskipti hér í samfélaginu og þeirri mynd hefur verið varpað upp að ekki hafi allt verið með felldu," segir Sigurður. „Þá hlýtur að vera eðlilegt að skoða það mál frekar."

Sigurður segist ekki telja ástæðu til þess að skoða mál eins né neins nema að fyrir liggi verulegur grunur um afbrot. „Hvenær grunur telst verulegur verða dómstólar að meta," segir hann.

- ht

SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON Segir að hægt væri að gera alla stjórnendur og fyrirtækjaeigendur á Íslandi að glæpamönnum ef fyrirtækin væru skoðuð ofan í kjölinn.

Fjörutíu milljónir til snekkju Bónusfeðga

Í fyrsta ákærulið Baugsmálsins er Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Tryggva Jónssyni gefið að sök að hafa dregið sér rúmlega fjörutíu milljónir króna til rekstrar snekkju í Miami. Þeir neita sök og segja að um lán hafi verið að ræða til Jóns Geralds Sullenberger sem átti snekkjuna.

BAUGSMÁLIÐ Í fyrsta ákærulið Ríkislögreglustjóra gegn forsvarsmönnum og endurskoðendum Baugs hf. er fyrrverandi forstjóra og aðstoðarforstjóra fyrirtækisins, þeim Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Tryggva Jónssyni, gefið að sök að hafa dregið sér og öðrum rúmlega fjörutíu milljónir króna á tímabilinu 30. apríl 1999 til 11. júní 2002.

Peningunum var samkvæmt ákærunni varið til að greiða af lánum, mæta rekstrarkostnaði og mæta öðrum tilfallandi kostnaði snekkjunnar Thee Viking, sem var Baugi óviðkomandi samkvæmt ákærunni en sameiginleg fjárfesting feðganna Jóns Ásgeirs og Jóhannesar Jónssonar og fyrrum viðskiptafélaga þeirra, Jóns Geralds Sullenberger. Snekkjan var keypt í Miami í Flórída í Bandaríkjunum og var þar staðsett en skráð eign fyrirtækisins New Viking Inc. Það fyrirtæki er skráð í Delaware í Bandaríkjunum og eign Jóns Geralds.

KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR Ákærð fyrir sömu hluti og Jóhannes faðir hennar.

Þannig munu hinir ákærðu hafa látið Baug greiða þrjátíu og fjóra reikninga sem gefnir voru út af fyrirtækinu Nordica Inc. Er hinum ákærðu gefið að sök að hafa gefið fyrirmæli um að reikningarnir skyldu greiddir af Baugi hf. enda þótt fyrirtækið hafi ekki haft yfirráð í snekkjunni heldur snekkjan verið einkaeign forsvarsmanna Baugs. Þá er systur Jóns Ásgeirs, Kristínu Jóhannesdóttur, og Jóhannesi Jónssyni gefið að sök að hafa haft vitund um og veitt hinum ákærðu liðsinni við greiðslu reikninganna.

Segja snekkjuna Jóns Geralds

Í athugasemdum sakborninga við þennan lið ákærunnar sem birtist í Fréttablaðinu á laugardaginn segir að þessi ákæruliður eigi ekki við rök að styðjast enda hafi snekkjan Thee Viking alla tíð verið einkaeign Jóns Geralds og forsvarsmönnum Baugs og fjölskyldufyrirtækisins Gaums óviðkomandi.

Hvorki Jón Ásgeir né fjölskyldufyrirtæki Jóhannesar Jónssonar og barna hans, Gaumur, hafi eignast hlutdeild í snekkjunni heldur hafi Gaumur lánað umtalsverða fjármuni til Jóns Geralds og Nordica vegna kaupa og rekstrar á Thee Viking.

Greiðslurnar sem um ræðir og fóru milli Baugs og Nordica hafi verið mánaðarlegar greiðslur vegna ráðgjafar og annarrar þjónustu sem Jón Gerald hafi veitt Baugi við innkaup og merkingar á vörum.

Þannig telja hinir ákærðu vandséð að sjá hvaða auðgunarbrot hafi átt sér stað. Segir í athugasemd sakborninganna að þar sem Ríkislögreglustjóri telji að um lögbrot hafi verið að ræða hefði embættinu skilyrðislaust borið að ákæra Jón Gerald fyrir hlutdeild í þeim brotum sem um ræðir.

Til framfærslu fjölskyldu Jóns Geralds

Sakborningarnir segja í athugasemdum sínum að ástæða þess að greiðslurnar voru inntar af hendi hafi einkum verið sú að þær hafi verið nauðsynlegar til framfærslu á fjölskyldu Jóns Geralds, enda hafi taprekstur verið á vöruhúsi Jóns Geralds. Hafi þetta komið fram í gögnum og þar á meðal bankareikningum sem aflað hafi verið í tengslum við málarekstur í Bandaríkjunum og ýti undir þá staðreynd þegar litið sé til þess hvernig þeim var varið.

Er Jón Ásgeir sagður hafa gerð ítarlega grein fyrir þessum atriðum í bréfum til Ríkislögreglustjóra. Er einnig tekið fram að þeim Kristínu og Jóhannesi sé gefin að sök hlutdeild í fjárdrætti en ekki fjárdráttur eins og fram kemur í ákærunni.

hjalmar@fretttabladid.is

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Dró sér fé samkvæmt ákæru.

JÓHANNES JÓNSSON Ákærður fyrir að haft vitund og veitt liðsinni við fjárdrátt.

JÓN GERALD SULLENBERGER Sagður hafa átt snekkjuna Thee Viking.

TRYGGVI JÓNSSON Einnig sagður hafa dregið sér fé.

Húsbréf

Útdráttur húsbréfa

Nú hefur farið fram útdráttur húsbréfa í eftirtöldum flokkum:

1. flokki 1991 – 55. útdráttur
3. flokki 1991 – 52. útdráttur
1. flokki 1992 – 51. útdráttur
2. flokki 1992 – 50. útdráttur
1. flokki 1993 – 46. útdráttur
3. flokki 1993 – 44. útdráttur
1. flokki 1994 – 43. útdráttur
1. flokki 1995 – 40. útdráttur
1. flokki 1996 – 37. útdráttur
3. flokki 1996 – 37. útdráttur

Koma þessi bréf til innlausnar 15. október 2005.

Öll númerin verða birt í Lögbirtingablaðinu.
Auk þess eru númer úr fjórum fyrsttöldu flokkunum hér að ofan birt í DV, mánudaginn 15. ágúst.
Upplýsingar um útdregin húsbréf má finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs: *www.ils.is*.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 569 6900 | Fax 569 6800 | www.ils.is

CIVIC

HONDA
The Power of Dreams

Hondagæði og þægindi á Hondagóðu verði

Álfelgur eru aukabúnaður á mynd

VERÐLAUN: 5 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN NHTSA
4 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN EURO NCAP´S

HÉR & NÚ / SÍA

→ Snaggaralegur, 4 dyra, sjálfskiptur á Honda-góðu verði frá

1.895.000 kr.

19.922 á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

honda.is

Í Honda Civic finnur þú allt sem þú leitar að í góðum bíl: Sparneytni, kraft, lipurð og einstaklega gott verð. Það fer vel um fjölskylduna í þessum snaggaralega bíl. Honda Civic er samnefnari fyrir hagsýni - verkfræðingar Honda hafa sannað að ekki þurfi að fórna ánægju í akstri fyrir hagsýni. **Honda Civic - skynsamlegt val á Honda-góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær, sími 421 7800 - Bílver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535

„ORÐRÉTT“

„Orkuveitan er að vinna að þessu hörðum höndum og vonandi verður rafmagn komið á þegar kennsla hefst eftir rúma viku.“

ÞORKELL JÓNSSON, DEILDARSTJÓRI MANNVIRKJASKRIFSTOFU REYKJAVÍKUR, Í FRÉTTABLAÐINU.

„Hvar eru öll Búrgundarvínin, Bordeaux-vínin, Rónarvínin, Toskana-vínin, Piedmont-vínin, austurrísku hvítvínin, þýsku hvítvínin?“

STEINGRÍMUR SIGURGEIRSSON, AÐSTOÐARMAÐUR MENNTAMÁLARÁÐHERRA, Í MORGUNBLAÐINU.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SVEINN PÁLSSON SVEITARSTJÓRI Í MÝRDALSHREPPI

Slappað af eftir unglingalandsmót

„Nú erum við bara að slaka á eftir vel heppnað unglingalandsmót,“ segir Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, en unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Vík í Mýrdal um verslunarmannahelgina. Það er skiljanlegt að menn þurfi að slaka á eftir slíkt mót því undirbúningur þess stóð í rúmt ár og mæddi mikið á fólki síðustu dagana og vikurnar á undan.

Sveinn kom að undirbúningnum með ýmsum hætti en fylgdist svo með mótshaldinu sjálfu af áhorfendapöllunum. „Ég átti náðuga daga á meðan á mótinu stóð en var á tánum ef eitthvað þyrfti að gera,“ segir hann. Ætlað er að gestir í bænum hafi verið á milli sex og átt þúsund og er líklegt að aldrei hafi fleiri verið saman komnir í Vík áður. „Hér voru reyndar haldnar fjölmennar útihátíðir um verslunarmannahelgi í eina tíð en ég held að þær hafi nú ekki náð þessum fjölda.“

Sveinn segir unga íþróttafólkið hafa sett mikinn svip á bæinn og að allt hafi farið vel fram. Hann býst og við að mótshaldið verði mýrdælskri ætsku hvatning. „Þetta ýtir við íþróttaáhuganum og virkar sem vítamínsprauta fyrir börnin og unglingana.“

Sveinn er nú í sumarfríi og varði fyrri hluta þess til ferðalaga norður í land. Síðari hluta frísins ætlar að vera heima og láta lítið fara fyrir sér.

tilveran *nær og fjær*

ÁSTKÆRA YLHÝRA

Lemon ch...?

Á Íslandi er töluð íslenska. Þetta er einföld staðreynd en á það til að gleymast og fara menn þá stundum að tjá sig á ensku við aðra innfædda Íslendinga. Tökum einfalt dæmi. Á kaffihúsi í höfuðborginni, sem kennir sig af einhverjum ástæðum við norræna borg upp á ensku, er boðið upp á eftirrétt sem forráðamenn staðarins kjósa að kalla „lemon cheesecake“. Nú er óvíst að allir Íslendingar skilji hvað þetta merkir, en þeir sem átta sig á því hefðu nú sennilega ekki átt í vandræðum með að melta hugtakið sítrónuostakaka, þótt í því séu þrír orðhlutar. Hlutir eins og smjördeigshorn, sem þekkjast víða erlendis undir heitinu croissant, eru sumir betur þekktir undir sínu útlenda nafni og því ef til vill réttlætanlegt að einhverju leyti að nota alþjóðlega heitið, þó það sé letilegt. Það er hins vegar ansi langt gengið að geta ekki kallað sítrónuostakökur sítrónuostakökur. Þetta eru jú sítrónuostakökur.

magnus@frettabladid.is

EINN STÓRAN, TAKK Risablaðra í bjórlíki prýðir tún í úthverfi Bristol á Englandi um þessar mundir.

AKUREYRARKIRKJA Hér hafa margir Helgar verið skírðir.

Nafnaflóran illa nýtt:

Þrír Helgar á akureyri.net

Þrír af fimm starfsmönnum hins nýja netmiðils akureyri.net heita Helgi.

Helgi Steinar Halldórsson markaðsstjóri fullyrðir að það hafi ekki verið sérstakt skilyrði fyrir starfi á miðlinum að heita Helgi og bendir á að hinir starfsmennirnir tveir heiti Pálmar og Þórhallur. Helgi segir þetta helbera tilviljun en er um leið nokkuð ánægður með að hinir Helgarnir tveir hafi ráðist til starfa hjá fyrirtækinu enda Helganafnið gott. „Það er dálítið skrítið þegar kallað er Helgi hér hjá okkur því við lítum allir við,“ segir Helgi og hlær. Bót er í máli að allir heita Helgarnir tveimur nöfnum, Hrafn, Már og Steinar.

- bþs

Miðborgarbúi ósáttur við minnismerki um Halldór Laxness:

Troðið á minningu skáldsins

„Hverjum datt eiginlega í hug að setja minnismerki um skáldið á gangstétt á Laugaveginum þar sem fólk treður á því daginn út og inn?“ spyr Guðbjörg Sigurðardóttir, íbúi í miðborg Reykjavíkur, sem lætur sér annt um umhverfi sitt og samferðafólk.

Henni finnst ósæmilegt að sjá fólk ganga eftir Laugavegi og stíga á minnismerkið enda skáldinu sýnd lítil virðing með slíku. „Og hver veit nema sumir hræki á það eins og virðist vera í tísku í dag,“ bætir hún við.

Minnismerkið um Halldór Laxness stendur við fæðingarstað hans, Laugaveg 32, og var afhjúpað á fæðingardegi hans 2002.

GUÐBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR miðborgarbúi – Finnst misráðið að finna minnismerkinu stað í gangstéttinni.

Það er mat Guðbjargar að fáir viti af merkinu og fyrir vikið stígi margir á það.

FRÓÐIR MENN SEGJA MÉR... Orð úr Í túninu heima eru grafin í minnismerkið.

„Ég skil ekki hvers vegna ekki var reist brjóstmynd á stöpli eða skjöldur á stöpli fyrir framan fæðingarstað Halldórs. Það þyrfti alls ekki að kosta mikið að setja fallegan skjöld á stöpul,“ segir Guðbjörg, sem sjálf tiplar varlega fram hjá minnismerkinu þegar hún á leið þar um.

Rithöfundasamband Íslands og Borgarbókasafn stóðu í sameiningu að því að merkja fæðingarstað skáldsins.

- bþs

GENGIÐ YFIR MINNISMERKIÐ Fjölmargir vegfarendur á Laugavegi ganga yfir minnismerkið um Halldór Laxness.

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

HVAÐ ER ÞETTA? Sumir sjá að þetta er ekki eins og hver önnur hella og rýna í textann.

RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 2.170.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 22.590 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Skíðalandsliðið býr sig undir átök vetrarins:

Á skíðum í Ástralíu

Fjórir landsliðsmenn í skíðaíþróttum eru á leið til Ástralíu og Nýja-Sjálands til æfinga. Löndin tvö hafa varla verið Íslendingum ofarlega í huga sem skíðaparadís en raunin er sú að betra er að skíða þar um þessar mundir en í Evrópu. „Það er jú vetur í Ástralíu og þar hefur mikið snjóað að undanförnu á meðan hlýtt hefur verið í veðri í Evrópu," segir Guðmundur Jakobsson, formaður alpagreinanefndar Skíðasambandsins, og bætir við að helst sé hægt að æfa í skíðahúsum í Belgíu og Hollandi eins og málum er nú háttað.

Skíðamennirnir eru Björgvin Björgvinsson, Kristinn Ingi Valsson, Kristján Uni Óskarsson og Sindri Már Pálsson og eru þeir vitaskuld spenntir fyrir ferðalaginu mikla.

Þeir verða þó ekki fyrstir Íslendinga til þess að skíða í brekkum andfætlinga okkar; Dagný Linda Kristjánsdóttir var við æfingar í Ástralíu fyrir tveimur árum og auðvitað er ekki óhugsandi að fleiri Íslendingar hafi rennt sér í ástralskri fönn.

Guðmundur segir það ekki eina kostinn við að æfa í Ástralíu að þar sé nægur snjór um þessar mundir því brekkurnar þar eru í mun lægri hæð en álitleg skíðalönd í Evrópu. Af því leiðir að menn geta æft þrotlaust í þann tíma er þeir kjósa en í háfjöllum Evrópu þarf að hvíla sig vel eftir nokkra daga á skíðum því súrefni minnkar eftir því sem hærra er farið.

Miklar kröfur eru gerðar til íslenskra skíðamanna líkt og annarra íþróttamanna og öðrum þræði eru það þær sem reka fjórmenningana til Ástralíu. „Við erum alltaf borin saman við þau bestu í heiminum og verðum því að æfa og æfa," segir Guðmundur Jakobsson en stærsti skíðaviðburður vetrarins verður á Ítalíu í febrúar þar sem vetrarólympíuleikarnir verða haldnir.

STÓRSVIG Björgvin Björgvinsson sést hér í brekkunni, þó ekki ástralskri.

bjorn@frettabladid.is

JÓN JÓNSSON Jón keppir í flokki óvanra á hrútaþuklsmótinu á Ströndum á sunnudag.

Spennan magnast á Ströndum:

Hrútaþuklsmót á næsta leiti

Bændur og búalið um gjörvallt landið búa sig nú undir árlegt meistaramót í hrútadómum sem haldið verður á Ströndum á sunnudag. Mótið er opið öllum og er bæði keppt í flokki vanra og óvanra.

„Hér ríkir mikil spenna," segir Jón Jónsson, Strandamaður og sagnfræðingur. „Þetta er stórviðburður í sveitinni og mikið dæmi."

Þegar hrútar eru dæmdir eru þeir þuklaðir hátt og lágt, allir líkamshlutar kannaðir og svo er kveðið upp úr um byggingu þeirra, kosti og galla. Tekið er tillit til vöðvaþykktar, heildar byggingarlags, hlutfalla milli líkamshluta, ullar, horna og augnaráðs, svo fátt eitt sé nefnt.

Aðeins er á færi reyndustu manna að þukla hrúta svo vel sé og segist Jón sjálfur, sem er bóndasonur, hafa lítið í vana menn að gera.

Í fyrra gerðu húnvetnskir bændur strandhögg á Ströndum og héldu heim með flest verðlaunin. Heimamenn sátu sárir eftir en vita sem er að eigi skal gráta Björn bónda heldur safna liði. Hyggjast þeir endurheimta æruna í ár og hafa lagt hart að sér við æfingar að undanförnu.

Sauðfjársetrið á Ströndum stendur að mótinu, sem haldið er í Sævangi. Jón Viðar Jónmundsson, þrautreyndur nautgriparæktarráðunautur hjá Bændasamtökunum, verður yfirdómari en hann er annálaður fyrir sanngirni.

Margt annað fjörlegt verður við Sævang á sunnudaginn og vitaskuld verður kaffihlaðborð á boðstólnum. Strandamenn eru þekktir af vel útilátnu bakkelsi og því ætti enginn að þurfa að fara svangur heim.

- bþs

FordExplorer 4x4

Veldu nýjan **Ford**

Nýtt tákn

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar XLT Sport:

5 þrepa sjálfskipting.
Rafeindastýrt stöðugleikastýrikerfi.
Rafeindastýrð veltivörn.
4x4, hátt og lágt drif.
17" álfelgur. 245/65R17 dekk.
Sjálfstæð fjöðrun, framan og aftan.
Læsivarðir hemlar (ABS).
Öryggispúðar fyrir ökumann og farþega í framsætum.
Hraðastillir (Cruise Control).
Samlæsing með fjarstýringu.
Lúxusinnrétting með plussáklæði.
Rafknúið ökumannssæti.
Þokuljós í framstuðara.
Rafdrifnar rúður, framan og aftan.
Rafknúnir útibaksýnisspeglar.
Tvísktiptur afturhleri.
Gangbretti.
Ford útvarp með geislaspilara.
Litað gler að aftan.
Loftkæling.
Geymsluhólf milli sæta.
Toppbogar.
Útihitamælir og áttaviti.
Stokkur í lofti með lesljósum.
Baksýnisspegill með dimmingu.
Leðurklætt stýrishjól.
Heimreiðarljós.

Ford Explorer 5 dyra 4x4*

Kaupverð	Sjálfskiptur
Ford Explorer XLT Sport 4,0i V6 210 hö.	**4.190.000 kr.**
Ford Explorer Eddie Bauer 4,6i V8 239 hö.	**4.675.000 kr.**
Ford Explorer Limited 4,6i V8 239 hö.	**4.795.000 kr.**



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Viðbótarbúnaður í Eddie Bauer:

Lúxusinnrétting með leðuráklæði á sætum.
Rafknúin framsæti.
Ökumannssæti með minni.
Hiti í framsætum.
Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki, loftkælingu og hraðastilli.
Ford Audio System með 6 diska geislaspilara og 5 hátölurum.
Aksturstölva.
Samlit stigbretti.
Tölvustýrð loftkæling.
Klæðning á hliðum í „beige" lit.

Og meira til í Limited:

Krómaðar felgur.
Krómaðir þakbogar.
Samlit klæðning á hliðum.

Nýttu þér sumartilboðin
Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi

Ford Fiesta Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.430.000 kr.
Bílasamningur 14.970 kr.
Rekstrarleiga 27.950 kr.

Ford Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.570.000 kr.
Bílasamningur 16.440 kr.
Rekstrarleiga 29.980 kr.

Ford Focus Trend
Wagon 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.990.000 kr.
Bílasamningur 20.865 kr.
Rekstrarleiga 35.950 kr.

Ford Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.895.000 kr.
Bílasamningur 19.840 kr.
Rekstrarleiga 34.950 kr.

Ford Mondeo Ghia
Wagon 2,0i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.650.000 kr.
Bílasamningur 27.824 kr.
Rekstrarleiga 49.975 kr.

Ford Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 27.280 kr.
Rekstrarleiga 48.500 kr.

Ford Mustang Deluxe
3 dyra 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 30.030 kr.

Ford Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.810.000 kr.
Bílasamningur 29.430 kr.
Rekstrarleiga 52.700 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynt

Þungaskattskerfið hefur breyst. Við fögnum nýja kerfinu. Nú hefur þú kost á að velja á milli bensín- og dísilbíla án afskipta stjórnvalda. Nú er áríðandi að reikna dæmið til enda miðað við áætlaðan akstur á ári og dýrari dísilvél. Útkoman kemur þér á óvart. Komdu í Brimborg. Veldu Ford Explorer.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

Það er munur á Explorer og Land Cruiser

Besta einkunn sem hver jeppi getur hlotið eru draumarnir um að fá að njóta hans hvern dag - að vera á draumajeppanum. Vinsælasti draumurinn er Ford Explorer enda mest seldi jeppi í heimi. Hinsvegar hefur Toyota Land Cruiser verið draumajeppi Íslendinga, hingað til, enda sterkur torfærujeppi byggður á grind með hátt og lágt drif eins og Explorer. Í gegnum tíðina hefur Land Cruiser hrifið okkur og drifið á tinda landsins en staðlaðir breytingapakkar og þjónustulund starfsfólks P. Samúelssonar ehf. gerðu torfæruna að spennandi viðfangsefni í krafti dísilvélarinnar, sumar sem vetur.

Nú er öldin önnur. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Íslendingar velja nú aðra eiginleika en áður. Önnur mið hafa verið tekin í átt að þægindum, mýkt og meira öryggi sem sést á auknum vinsældum Explorer sem fæst núna á hagstæðu verði. Sala á óbreyttum Land Cruiser hefur aukist sem er önnur vísbending á breytt viðhorf og auknar kröfur um þægindi. Reyndar er erfitt að bera Land Cruiser saman við Explorer þar sem bílarnir eru ólíkir að eiginleikum og uppruna. Veldu mýkt, þægindi og fallega hönnun. Veldu Explorer.

Auknar kröfur um öryggi jeppa

Þú berð saman jeppa og áttar þig á því að gæði öryggiskerfanna eru misjöfn og mörg þeirra yfirleitt ekki staðalbúnaður í dísiljeppum..! Öryggisatriði eins og rafeindastýrt stöðugleikastýrikerfi og rafeindastýrð veltivörn eru þar á meðal. Hugsaðu um öryggi fjölskyldunnar - skoðaðu Explorer og tilfinningin fyrir draumajeppanum verður örugglega að veruleika. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Ford Explorer.

Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

■ **Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.960.000 kr.
Bílasamningur 39.200 kr.
Rekstrarleiga 68.300 kr.

■ **Ford** Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.190.000 kr.
Bílasamningur 41.760 kr.
Rekstrarleiga 74.200 kr.

■ **Ford** Expedition Eddie Bauer 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 5.160.000 kr.
Bílasamningur 53.990 kr.
Rekstrarleiga 102.500 kr.

■ **Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 24.820 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.

■ **Ford** Explorer Sport Trac XLT 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 2.960.000 kr.
Bílasamningur 30.990 kr.
Rekstrarleiga 56.700 kr.

■ **Ford** F-350 Lariat Crew Cab 4x4
4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.128.000 kr.
Bílasamningur 43.160 kr.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölurráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur á Fiesta, Focus og Galaxy; samlitur á Escape; tvílitur á Ranger. Explorer og Freestyle myndir eru af Limited.

skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Verð á olíu hækkaði fimm daga í röð í síðustu viku.

Eldsneytisverð verður áfram hátt

Á sama tíma og eldsneytissalan er einna mest í Evrópu og víðar vegna sumarleyfa, og er þá átt við sölu á olíu og bensíni á bíla og svo þotueldsneyti, er eftirspurn eftir olíu meiri en framleiðslan af mörgum ástæðum. Þetta veldur stöðugum verðhækkunum á olíumarkaðnum. Í fimm daga í röð í síðustu viku var olíuverðmetið slegið og þarf að leita langt aftur til finna viðlíka verðhækkanir.

Það er margt sem stuðlar að því að olíuverðið hækkar dag frá degi.

Í fyrsta lagi hefur stjórnmálaástandið í Sádi-Arabíu – mesta olíuframleiðsluríki heims – verið ótryggt og í Íran er verið að setja af stað á ný kjarnaofn. Í öðru lagi hafa verið miklar tafir í olíuhreinsun í Bandaríkjunum vegna tíðra bilana í olíuhreinsunarstöðvum, sem margar hverjar virðast vera komnar til ára sinna. Þá er í þriðja lagi orðin mikil eftirspurn eftir olíu í löndum eins og Kína þar sem efnahagsframfarir hafa verið miklar. Allt þetta kemur til viðbótar mikilli eftirspurn á sumarleyfistíma.

Sérfræðingar í olíuviðskiptum spá því að verðið eigi enn eftir að hækka vegna mikillar eftirspurnar, og eftir nokkrar vikur kemur svo enn eitt hækkunartímabilið þegar meiri olíu þarf til húshitunar á meginlandi Evrópu og í norðurhluta Bandaríkjanna.

Þegar olíukreppan svokallaða skall á á áttunda áratug síðustu aldar vöknuðu margir upp við vondan draum. Þá urðu miklar framfarir í framleiðslu sparneytinna ökutækja, ekki síst í Bandaríkjunum, þar sem menn höfðu lengi búið við lágt eldsneytisverð og bílaiðnaðurinn miðaðist við það. Upp úr þessu fóru menn að beita tæknikunnáttu sinni til að framleiða léttari og sparneytnari bíla og hefur svo verið allt fram á þennan dag. Olíukreppan opnaði líka augu manna fyrir nauðsyn þess að einangra hús sín vel og fara vel með eldnsneyti. Bandaríkjamenn hafa fram til þessa verið taldir miklir eyðsluseggir þegar kemur að orkunotkun og ættu nú að líta sér nær og taka sér tak í þeim efnum.

Olíuverðhækkanir nú hafa orðið til þess að menn líta nú í auknum mæli til annarra orkugjafa, en enn sem komið er hefur ekkert fundist sem jafnast á við olíu. Vetnisnotkun er enn á tilraunastigi og eftir er að yfirvinnna ýmsa byrjunarörðugleika til þess að það verði almennt í notkun. Auk þess þarf orku til að framleiða vetni. Þá er hugsanlegt að hafin verði olíuvinnsla á svæðum þar sem það var ekki talið borga sig áður.

En hvert fer svo allur olíugróðinn vegna hinna miklu verðhækkana? Olíuframleiðslulöndin hljóta að hagnast vel um þessar mundir, og þá ekki síst arabaríkin, sem væntanlega fá miklar fjárhæðir til fjárfestinga. Þar veitir ekki af að jafna lífskjörin í mörgum löndum, en því miður er auðnum misskipt í þessum heimshluta og þau lönd sem þyrftu einna mest fá minnst af olíuauðnum. Olíugróðinn ætti að koma Rússum vel og þeim veitir ekki af að rétta við fjárhag sinn. Nágrannar okkar Norðmenn verða ríkari og ríkari og leggja alltaf meira og meira fyrir til mögru áranna.

Þegar upp er staðið kemur hið háa olíuverð mörgum til góða, en það er fyrst og fremst almenningur á Vesturlöndum sem blæðir. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hindranir

Undanfarin ár hefur verið unnið hörðum höndum að því að draga úr tollamúrum í viðskiptum með landbúnaðarafurðir, reyndar með misjöfnum árangri. Þó hefur náðst sá árangur að flytja má inn ákveðið lágmark afurða ár hvert en ríkjum er í sjálfsvald sett að hindra innflutning þeirra afurða sem ástæða er að ætla að séu ekki öruggar. Stundum hefur þó verið rætt um að þessi heilbrigðissjónarmið sé notuð sem yfirskin til að stöðva innflutning. Þetta kemur upp í hugann þegar rætt er um höfnun Guðna Ágústssonar á innflutningi nautalunda frá Argentínu. Starfsmenn yfirdýralæknis lögðust yfir gögn og mæltu

með innflutningi, meðal annars þar sem engin gin- og klaufaveiki væri á því svæði sem kjötið kemur frá. Þó nefnir Guðni gin- og klaufaveiki sem rök fyrir að hafna innflutningnum. Skrýtið kynnu sumir að segja.

Fjörið rétt að byrja

Útlit er fyrir að R-listinn deyi drottni sínum í vikunni, ef ekki þegar í dag, og því ekki seinna vænna að flokkarnir fari að huga að framboðsmálum sínum. Úr VG hefur heyrst að Björk Vilhelmsdóttir geti átt á hættu að falla niður í fjórða sæti þar sem vilji sé fyrir því að fá Katrínu Jakobsdóttur í öruggt sæti og Árni Þór Sigurðsson stefnir enn á fyrsta sætið. Þar sem Vinstri grænir vilja fléttulista getur það þýtt hrap niður í fjórða sæti fyrir Björk. Búast má við hörðum slag hjá Samfylkingunni, þar sem Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Stefán Jón Hafstein gera væntanlega bæði tilkall til að leiða listann. Þó kynnu bæði að þurfa að víkja fyrir Össuri Skarphéðinssyni. Hann stimplaði sig inn þegar hann ræddi möguleika á framboði Samfylkingar og óháðra og hefur ekki hafnað því að verða borgarstjóraefni þó hann hafi reyndar heldur ekki tekið undir það. Hafa menn nefnt honum til tekna reynslu úr borgarstjórn og af þingi auk þess að hafa verið ráðherra. Þá þykir hann hafa unnið gott starf við að byggja upp flokkinn og ekki þykir verra að hann þótti taka ósigri sínum í formannskjöri með sæmd. Það telur, líkt og Helgi Hjörvar getur vottað, en hann flaug inn á þing eftir að hafa fallið í prófkjöri Samfylkingar fyrir síðasta R-listaval.

brynjolfur@frettabladid.is

Ullað á löggur

Í DAG
MÓTMÆLENDUR OG LÖGREGLAN

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Allt í einu er fólk hætt að hlæja að mótmælendum og farið að hlæja að lögreglunni...

Allt frá því að Víkingasveitin var sett hér á fót nokkru fyrir aldamót hefur sá félagsskapur liðið fyrir skort á verðugum og raunverulegum andstæðingum. Einhvern tímann hringdi reyndar ölóður maður úr Vogunum í Reykjavík og sagðist vera með byssu en þegar vongóðir sérsveitarmenn höfðu skundað á vettvang, lokað götunni og umkringt húsið í velheppnaðri aðgerð - albúnir að leggja til atlögu – bárust þær fregnir af byssumanninum að hann væri sofnaður. Flest dæmi af umsvifum víkingasveitarinnar hafa verið af svipuðum toga - séu glæpamennirnir ekki hreinlega sofnaðir þegar loksins á eitthvað að fara að gerast þá eru þeir að minnsta kosti ævinlega gersamlega óverðugir þessari harðsnúnu sveit.

Víkingasveitin er þannig svolítið eins og Grettir sterki áður en hann glímdi við Glám og fór um gersamlega viðþolslaus og leitaði eftir því hvar hann mætti reyna afl sitt.

Það þótti því aldeilis bera vel í veiði þegar bárust fregnir af því að hingað til lands hygðust streyma útlenskir umhverfisverndarsinnar. Eins og kunnugt er þykir slíkt fólk alveg sérstaklega viðsjárvert samkvæmt hugmyndum íslenskra ráðamanna. Á sínum tíma voru meira að segja haldnar hér á landi sérstakar Nató-heræfingar þar sem hermenn frá ýmsum löndum ímynduðu sér að þeir ættu í höggi við öfgasinnaða umhverfisverndarskæruliða sem hefðu hreiðrað um sig í fjöllunum - þessi undarlegi stríðsleikur mun hafa farið fram samkvæmt sérstakri ósk frá íslenskum ráðamönnum sem eftir fall kommúnismans gátu ekki ímyndað sér neitt hættulegra og hryllilegra en fólk sem var andvígt hvalveiðum Íslendinga - sú skoðun þótti og þykir sjálfsagt enn skelfilegustu öfgar sem hægt var að láta sér detta í hug.

Allt síðan hvalamálið kom upp hefur það verið nokkurs konar ríkistrú hér á landi að höfuðóvinir þjóðarinnar séu andstæðingar hvalveiða. Fólk sem svo er komið fyrir að skilja ekki þá miklu hugsjón að drepa þessi spendýr - þótt enginn markaður sé fyrir afurðirnar - slíkt fólk hlýtur að vera til alls víst. Slíkt fólk hlýtur eiginlega að vera nokkurs konar hryðjuverkamenn.

Um leið og fregnir bárust af þeirri ósvinnu að útlendingar hefðu í hyggju að mótmæla Kárahnjúkavirkjun - og við þyrftum að upplifa niðurlægingu hvalveiðimálsins enn á ný - þá hófust stórfelldir liðsflutningar á vegum Ríkislögreglustjóra austur á land með viðkomu á Akureyri undir því yfirskini að þar í bæ væru mikil umsvif eiturlyfjasala. Óhætt er að segja að menn hafi beðið spenntir eftir hinum útlensku öfgamönnum, enda gafst hér nú í fyrsta sinn kærkomið tækifæri til að kljást við raunverulega atvinnu-öfgamenn. Maður getur ímyndað sér að vonbrigðin hafi verið sár þegar téðir öfgamenn – þegar þeir loksins fundust – gerðu ekki annað en að hlekkja sig við vinnuvélar og príla upp í krana og gera ýmsar aðrar dramatískar pósur fyrir myndavélar. Viðbrögð lögreglunnar við þessum meinlitlu óspektum bera vitni um uppsafnaða gremju yfir því að enn á ný hafa andstæðingarnir brugðist Víkingasveitinni...

Allt í einu er fólk hætt að hlæja að mótmælendum og farið að hlæja að lögreglunni... Ríkislögreglustjóra hefur tekist það sem fyrr í sumar virtast nær ógerningur: að búa til raunverulegt afl úr því fólki sem fyrr í sumar virtist afar ósennilegt til að velgja nokkrum undir uggum þar sem það var norpandi á hálendinu. Fram að aðgerðum lögreglunnar var þetta barátta sem flestum virtist töpuð, mótmælabrölt sem almennt var litið á sem athyglissýki þess sem velur sér glataðan málstað til að hreiðra um sig í hægindum ósigursins - aðgerðir sem enginn tók alvarlega. Nema Ríkislögreglustjóri og hans menn og fyrir vikið eru skyndilega allir farnir að taka þessa baráttu alvarlega á ný. Með yfirdrifnum aðgerðum sínum, sem líkjast mest ofsóknum ríkislögreglu í alræðisríkjum, hefur Ríkislögreglustjóri komið þeim skilaboðum á framfæri að vænlegast til árangurs fyrir náttúruverndarfólk sé að ulla á löggur, fremur en að standa í kærum og blaðaskrifum og öðrum lögformlegum aðferðum til að vekja athygli á rétti jarðarinnar og rétti ókominna kynslóða til ósnortinnar náttúru. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ORLOFSUPPBÓT

Hefurðu fengið orlofsuppbótina greidda?

Þeir sem fá greidd laun skv. kjarasamningi VR og SA eiga rétt á **orlofsuppbót** að upphæð **16.500 kr.** miðað við fullt starf, annars miðað við starfstíma og starfshlutfall á orlofsárinu. Orlofsuppbótina á að greiða við upphaf orlofstöku og í síðasta lagi 15. ágúst.

Fíton/SÍA

Starf okkar **eflir** þitt starf

VR



allt-fasteignir

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

hús o.fl.
Góður árangur með háþrýstidælum BLS. 2
Eldhús skipulagt á netinu BLS. 5

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	5.19	13.32	21.43
AKUREYRI	4.52	13.17	21.39

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 15. ágúst, 227. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	20-21
Akkurat	30-31
Árborgir	17
Ás	8-9
Borgir	6
Draumahús	23-26
Eignakaup	40
Eignasala Reykjavíkur	37
Eignastýring	29
Fasteign.is	37
Fasteignamiðlun	12
Fasteignam. Grafarv. -	13
Fasteignam. Hafnarf.	36
Fasteignastofan	32
Fasteignast. Suðurn.	40
Fyrirtækjasala Íslands	33
Hof	16
Hraunhamar	14-15
Húseign	22
Húsalind	35
Höfði	28
Klettur	18
Lundur	39
Lyngvík	7
Neteign	34
Nethús	27
Nýtt	19
Remax	29
Smárinn	10-11
Stuðlaberg	37
Valhöll	17
X-hús	12

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar & fjöldi

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Húsinu hefur verið vel við haldið og er mjög snyrtilegt.

Skjólgott og snyrtilegt hús

Fasteignasalan Húsalind er nú með til sölu fallegt 266,5 fermetra raðhús í Vogatungu 24 í hjarta Kópavogs. Húsinu hefur verið vel við haldið og er mjög snyrtilegt.

Komið er inn í rúmgott anddyri sem er flísalagt og með gott skápapláss. Hiti í gólfi. Rúmgott þvottahús með miklu skápaplássi og glugga. Eldhúsinnréttingin er úr beiki/hvít og er U-laga. Tengi fyrir uppþvottavél. Baðherbergið er bæði með baðkeri og sturtu. Flísalagt í hólf og gólf, falleg hvít baðinnrétting.

Á efri hæðinni eru þrjú svefnherbergi. Þau voru áður fjögur en veggur var tekinn niður og er þar í dag borðstofa. Hjónaherbergið er rúmgott með nýlegum skáp. Tvö barnaherbergi er á efri hæð hússins. Stofan er rúmgóð og stór. Arinn er í stofunni. Parket á gólfi. Möguleiki er á að opna niður í stærri íbúðina með stiga.

Út frá stofunni er gengið út á rúmgóðar suðursvalir þar sem markísa er yfir svölunum. Af svölunum er svo gengið út á mjög stóran flísalagðan pall. Í garðinum er gróðurhús. Nýlegt handriði er á svölunum og á pallinum. Hlið er fyrir svölunum og því tilvalið ef lítil börn eru á svæðinu.

Í kjallara eru tvær íbúðir, önnur um það bil þrjátíu fermetra stúdíóíbúð. Dúkur er á gólfi. Eldhúsið er lokað af og þar er nýlega búið að flísaleggja allt gólfið. Geymsla er inn af eldhúsinu. Hin íbúðin er um það bil fimmtíu fermetra tveggja herbergja íbúð. Eldhús er opið við stofu og þar er tengi fyrir þvottavél. Parket á gólfi. Sameiginleg sturta og salerni er á neðri hæðinni. Báðar íbúðirnar eru í útleigu.

Mikið geymslurými er á neðri hæð hússins og er óskráð geymslurými um fimmtíu fermetrar.

26,4 fermetra bílskúr fylgir eigninni. Húsið er byggt í L og því er þarna mikið skjól. Hiti er í stétt fyrir framan húsið. Sameiginlegt leiksvæði er fyrir framan raðhúsalengjuna. Stutt er í alla þjónustu og verslanir.

Ásett verð er 46,7 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU
í fasteignum

Í Búðardal og víðar í Dalabyggð verður óvenju mikið byggt í haust. Framkvæmdir við sláturhúsið eru á lokastigi og hefur húsið tekið miklum breytingum. Þrjú ný einbýlishús eiga að rísa á næstunni við Stekkjarhvamm og einnig sex leiguíbúðir í þremur parhúsum. Þá er byrjað á stækkun hjúkrunarheimilisins á Fellsenda í Dölum sem á að vera lokið í júní á næsta ári. Heimild: Skessuhorn.is

Samkeppni hefur staðið yfir um nafn á húsnæði því sem áður var Lækjarskóli í Hafnarfirði en hýsir nú Námsflokka Hafnarfjarðar, auk fjölgreinadeildar, enskuskóla og aðstöðu fyrir Leikfélag Hafnarfjarðar. Valin voru fjögur nöfn sem bæjarbúar og geta kosið um nú á hafnarfjordur.is. Það eru Gamli barnaskólinn, Lækjarsetrið, Menntasetrið við Lækinn og Skólagerðið.

Verið er að deila út byggingarrétti á 430 íbúðum í öðrum skipulagsáfanga Naustahverfis á Akureyri þessa dagana. Hverfið er við suðausturhorn golfvallarins og þar er gert ráð fyrir 18 einbýlishúsum, 95 íbúðum í raðhúsum og 319 íbúðum í fjölbýli. Lóðirnar verða að hluta til byggingarhæfar 1. nóvember í ár en að hluta 1. júlí á næsta ári.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán 4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS LBI 26726 12/2004

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Verkfærakassi

Verkfærakassi ætti að vera til á hverju heimili. Hann þarf að vera á vísum stað og ófrávíkjanleg regla ætti að vera að ganga frá verkfærunum í kassann eftir notkun. Það er svo leiðinlegt að finna ekki hamarinn.

S.Ó. Garðverk ehf.
Garðyrkjufræðingur, trjáplöntusala og vélavinna
Sigurður Ólafsson
S: 822 3650

Slönguhjól Claber 5081636 Verð áður 4.999 3.495
Slönguhjól Claber 5081644 Verð áður 5.495 3.995
Slönguhjól Claber, málm 5081660 Verð áður 7.945 4.895
Slönguhjól Claber, á vegg 5081665 Verð áður 2.495 1.495
2.295 ~~3.112~~
Slönguhjól Claber 5081662
Passaðu uppá slönguna
HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Nýtt og ferskt blað á næsta blaðsölustað

Áskrift 586 8005 www.rit.is

Ólafur Ólafsson þekkir háþrýstiþvott.

Fólk þarf almennileg tæki

Ólafur Ólafsson hjá fyrirtækinu Fagþjónustan býr yfir mikilli þekkingu á notkun háþrýstidæla. Ef réttu dælurnar eru notaðar næst góður árangur en þó þarf að varast að beina ekki spíssinum hvert sem er.

Þegar á að mála harða fleti eins og bárujárn og stein þarf að vinna góða grunnvinnu. „Þetta er í fyrsta lagi bara venjulegur háþrýstiþvottur og þá fer öll laus máling og duftsmitandi fletir, saltútfellingar, óhreinindi og fleira," segir Ólafur. Hann bætir við að einnig séu háþrýstidælur notaðar þegar á að ná allri málingunni af en þá þurfi einnig að nota ýmis efni sér til hjálpar. Þetta sé til dæmis gert þegar málningin sé hætt að anda eins og stundum gerist ef máluð eru mörg lög án þess að hreinsa á milli.

Málningin flýgur um allt þegar háþrýstidælur eru notaðar.

Hægt er að fá leigðar háþrýstidælur auk þess sem svoleiðis græjur eru til sölu í byggingavöruverslunum. „Það er alveg hægt að fá leiguvélar og hér er ég að tala um svona alvöru vélar," segir Ólafur. Hann segir að lítið dugi að fá sér vél sem er minna en 350 bör en það er venjuleg stærð á leiguvélum. „Að mínu mati ber að varast að taka of litlar dælur því þær vinna bara einfaldlega ekki nógu vel."

Þar með er þó ekki öll sagan sögð því til þess að ná almennilegum árangri þarf að vera með stærri tæki, vinnupalla og fleira í þeim dúr. „Fólk getur alveg gert þetta sjálft ef það verður sér úti um almennileg tæki en þá eru þau bara farin að kosta sitthvað," segir Ólafur. Hann þekkir þetta mjög vel og veit að með því að vinna góða og rétta grunnvinnu er hægt að auka endinguna á málingunni svo um munar. Þó þarf að vara sig á ýmsu enda getur háþrýstingurinn skemmt meira en hann gerir gagn ef ekki er rétt farið að. „Það þarf að passa mjög vel að fara ekki of nærri tréverkinu því ef þú ferð nálægt því með spíssinn getur það eyðilagst." ■

VELFAC®
Gluggar
10 ára ábyrgð
formaco
Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík
Sími 577 2050 · www.formaco.is

Silfurhúðaðar sykurtangir.
Verð frá 1.200 krónum
Antik fer aldrei úr tísku!
AMMA RUTH
Skipasund 82, 104 Reykjavík – s. 552 6255
www.ammaruth.is • Opið virka daga 14-18

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Glæsileg hús með marmaraklæðningu

Steypuskemmdir og húsaviðhald eru stór hluti af kostnaði húseigenda.

Friðjón Halldórsson og Ívar Sturluson hafa unnið að klæðningu húss við Háteigsveginn sem er vægast sagt glæsilegt eftir yfirhalninguna.

„Það færist í vöxt að fólk velji þessa leið, því þetta hentar vel íslenskum aðstæðum," segja þeir félagar. „Þetta hús er byggt árið 1945 og var með steiningu fyrir og nú var fyrst kominn tími til að flikka upp á það. Verkið er búið að taka fimm vikur að því meðtöldu að líka var skipt um þak."

Steining var algeng hér á landi eftir stríð og er einkenni á heilu hverfunum, eins og til dæmis Hlíðunum. „Þá var notaður skeljasandur og tinna en á þessu húsi er marmari, sem er til í ótal útgáfum og litum. Þetta efni kemur frá Ítalíu og er malaður marmari, en við tökum efnið frá seljanda og blöndum það sjálfir," segja strákarnir, sem vinna hjá Múr- og málningarþjónustunni. „Nú þarf ekkert að gera hér næstu 50-60 árin." ■

Friðjón og Ívar voru að leggja lokahönd á marmaraklæðningu við Háteigsveginn.

Húsið er glæsilegt með nýju klæðningunni og þarf ekki frekara viðhald í að minnsta kosti hálfa öld.

Börnin hafa gaman af því að mála.

Fjölskyldulistaverk

BÖRNIN LÁTIN MÁLA.

Börnum finnst ótrúlega gaman að mála. Taktu frá heilan vegg í geymslunni, kjallaranum eða bílskúrnum og leyfðu börnum að myndskreyta vegginn að vild. Hjálpaðu þeim jafnvel að skipuleggja myndefnið áður en þau byrja að mála og teikna það fyrst upp á blað. Svo má mála yfir vegginn hvenær sem andinn kemur yfir þau. Eitt er víst, að þessi mynd fer aldrei í ruslið, en það er þó ágætt að mynda vegginn eftir að búið er að mála hann ef einhvern tímann yrði málað yfir hann eða flutt út.

Hreini stíllinn lönd og leið

Frjálslegir garðar geta verið fallegir.

Garðar krefjast mikillar vinnu og viðhalds og þegar líða fer á sumarið hættir þeim til þess að fara í dálitla flækju. Lægðirnar fara dýpkandi sem koma upp að landinu og þeim fylgir oft bæði rok og rigning sem fer illa með hávaxnar plöntur. Eitt af því sem hrellir garðeigendur á þessum tíma er illgresið, sem vex jafnvel hraðast af öllu og erfitt er að hafa í fullu tré við. Ekki dugar að láta hugfallast heldur halda áfram að hafa gaman af öllu saman. Ein leiðin er að láta beinar línur og hreinan stíl lönd og leið og leyfa garðinum að hluta til að vaxa villt. Það getur alveg haft sinn sjarma.

NÚ er rétti tíminn fyrir TEMPUR

Betra BAK

Ágústtilboð á Tempur heilsudýnum og stillanlegum rúmum

Að sofa er eitt, að hvílast er annað.
Í ágúst bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði.
Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™
EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG SKJALFEST AF GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA

AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

www.design.is @ 2005

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Opið á laugardögum frá og með 13. ágúst, frá 11-16

Ekki skemma gluggastólpana

Það er alls ekki nógu gott að vera með lélegar gluggafestingar á haustin og veturna og því fínt að skipta um þær núna.

Nú er langt liðið á sumarið og haustið á næsta leiti. Nú er einmitt tíminn til þess að hnýta lausa enda og koma vistarverum í gott horf fyrir langan vetur.

Eitt af því sem er gott að ljúka við er að skipta um gluggafestingar ef þær eru lélegar. Það er hræðilegt að vera með lélegar gluggafestingar þegar allra veðra er von og getur hreinlega skemmt gluggstólpana.

Fyrst þú ætlar hvort sem er að skipta um gluggafestingar er ekki úr vegi að pússa upp gluggastólpana sjálfa og lakka þá eða mála svo þeir verði fínir og flottir þó að úti geisi hríð. ■

Gluggastólpar eru ekki mikil prýði ef þeir eru illa farnir og því um að gera að lappa upp á þá meðan veður leyfir.

Góða hús handa þér

Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar

HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

Veggflísar	20x25	verð **1490.-**
Veggflísar	20x20	verð **990.-**
Parketgólfflísar	33x33	verð **1500.-**

Fjölbreytt úrval af gólf og veggflísum

HÚSHEIMAR

Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S:553 4488

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Stjúpur standa enn í fullum blóma í gróðrarstöðvum og því er hægt að bæta þeim í blómapottana ef þörf er á endurnýjun þar.

Enn má bæta við blómum

Vel er hægt að bæta blómum í garðinn eða skipta út þeim sem fyrir eru þar til fer að frysta.

Liðið er vel fram á sumar og flestir löngu búnir að setja niður sumarblómin. Enn eru nokkrir sem hafa engum blómum stungið niður, eða hreinlega vilja bæta við það sem fyrir er, því alltaf getur maður blómum á sig bætt. Tíminn er ekki á þrotum þar sem sumrinu er alls ekki lokið.

„Hægt að gróðursetja öll blóm í potta fram þar til kemur frost," segir Gyða Guðmundsdóttir, starfsmaður hjá gróðrarstöðinni Mörk. Eitthvað hefur þó dregið úr úrvali en Gyða segir enn heilmikið vera til. „Við eigum ennþá mikið til af stjúpum og auk þess kornblóm, skrautkál, rjúpurunna, stjörnuklukku, eilífðarblóm og fleira," segir Gyða. Af þessum plöntum er skrautkálið harðgerðast og líklegast til að haldast vel fram á haustið. „Fjólurnar sem við erum með eru frekar litlar og eiga dágóðan tíma eftir. Þær væru góður kostur fyrir þá sem vilja bæta við sig," segir Gyða.

Fljótlega fer að líða að því að haustplöntur eins og erikur fari að láta sjá sig, en þær geta staðið nokkuð lengi ef veturinn er mildur. Sípris trén eru sívinsæl og hægt að setja þau niður þar til kemur frost, en þau lifa allt árið. Mikilvægt er að vökva þau reglulega þegar veður er þurrt. ■

VERKTAKAR OG HÚSBYGGJENDUR

ATHUGIÐ

Getum útvegað eldhús og baðinnréttingar, baðkör með nuddi, heita potta, sturtuklefa, öll hreinlætistæki , parket, markísur, sólhlífar, flísar, og margt margt fleira. Allar vörur í gæðum sem Islendingar gera kröfur um og sennilega á verði sem ekki hefur sést hér á landi áður.

Afgreiðslufrestur er um 8 vikur.

Upplýsingar í síma 861-2743 , 699-0031

Oftast eru dekkri litir valdir á stigaganga.

Teppi dregur úr hávaða

Sprengdur litur felur óhreinindi betur.

Álag er mikið á stigagöngum fjölbýlishúsa og því skiptir máli að velja gólfefni sem þolir það. „Stigagangar eru yfirleitt með teppum þar sem þau gefa góða hljóðeinangrun," segir Olgeir Þórisson hjá Gólfefnum Teppalandi.

„Algengast er að teppin séu úr gerviefnum, yfirleitt úr pólípropelíni eða pólíamíði. Það síðarnefnda er með sterkari þráð. Pólípropelínið á það til að bælast, sem gerir það að verkum að það getur virst skítugt og slitið," segir Olgeir.

Hann útskýrir að í pólíamíði sé ljósbrot minna og þótt teppið sé skítugt endurkasti það ekki birtunni og sýnist ekki eins skítugt. „Teppi er ekki bara teppi," segir Olgeir.

Stigahúsateppi segir hann geta verið á verðbilinu 15 til 400 þúsund krónur fermetrinn og litaval sé óþrjótandi. „Yfirleitt eru litir á stigagang hafðir frekar dökkir og sterkir. Mikilvægt er að liturinn sé ekki alveg hreinn, heldur sprengdur eins og það kallast, því þá upplifir maður að teppið sé hreinna," segir Olgeir.

Hann segir orðið algengara að viðbótarefni sé keypt á fyrstu tvær hæðirnar þegar skipt er um teppi, enda sé álagið þar mest. „Þegar teppið er orðið mjög slitið á þessum stað er einfalt mál að skipta því út án þess að þurfa að setja nýtt teppi á allan ganginn," segir Olgeir. ■

Skipuleggðu eldhúsið á netinu

Á vefsíðu IKEA, ikea.is, er hægt að skipuleggja eldhús frá A til Ö með sérstöku teikniforriti.

Þegar verið er að skipta út eldhúsinnréttingu og breyta og bæta getur oft verið erfitt að sjá nýja eldhúsið fyrir sér þegar maður er aðeins með penna og blað að vopni.

IKEA hefur leyst þetta vandamál og býður áhugasömum að hlaða niður sérstöku teikniforriti á vefsíðu sinni, ikea.is. Í forritinu er hægt að velja um fjölmargar eldhúseiningar og aukahluti og færa þá fram og til baka á grunnteikningunni. Hægt er að skoða fullbúið eldhúsið í þrívídd, prófa mismunandi klæðningar og liti og prenta síðan teikninguna út.

Mjög auðvelt er að hlaða niður teikniforritinu.

Gott er að hafa teikninguna með þegar kaupa á eldhúsinnréttinguna og getur sparað mikinn tíma.

Auðvelt er að hlaða niður teikniforritinu og fylgja nákvæmar leiðbeiningar á slóðinni ikea.is/ikea/eldhusteikniforrit/. ■

Krydd í tilveruna

MARGIR HAFA KRYDDPLÖNTUR Í GARÐINUM OG NOTA ÞÆR FERSKAR YFIR SUMARIÐ.

Gaman er að þurrka kryddið og eiga til haustsins og vetrarins en þá þarf að taka plönturnar á réttum tíma til þess að þær verði sem bestar. Einnig þarf að geyma þær á réttan hátt svo bragðefni og ilmur varðveitist sem best.

Dill
Dill er best að tína þegar jurtin hefur náð 5-10 cm hæð og klippa sveipina af þegar fræin eru þroskuð.

Kerfill
Tína þarf blöðin fyrir blómgun. Þau má bæði frysta og þurrka.

Kúmen
Þroskað fræið er tínt af síðsumars og geymt þurrkað.

Kóriander
Blöðin eru best ung og þau má frysta.

Skessujurt
Ungu blöðin eru best og þau má bæði þurrka og frysta.

Sítrónumelissa
Blöðin þarf að tína fyrir blómgun og þau eru fínþurrkuð.

Bergmynta
Blöðin á að taka rétt fyrir blómgun og annað hvort þurrka þau eða frysta.

Steinselja
Lifir lengi fram á haustið en blöðin má frysta.

BORGIR
FASTEIGNASALA

Ármúla 1, sími 588 2030 • fax 588 2033
Netfang: borgir@borgir.is
www.borgir.is
Opið mán. - fim. frá kl. 9-18
föstudaga 9-17
Ægir Breiðfjörð, lögg. fasteignasali.

SKIPTU VIÐ FAGMENN - ÞAÐ BORGAR SIG

ÆGISGATA - VIÐ HÖFNINA

Í nýju 5 hæða lyftuhúsi sem risið er á horni Ægisgjötu og Tryggvagötu í Miðbæ Reykavíkur er nú hafin sala á 2ja herbergja íbúðum í stærðum frá 63 fm upp í 91 fm. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum. Afhending í október til nóvember 2005. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna en þó er búið að flísaleggja baðherbergi. Sameign skilast fullfrágengin. Sér inngangur í íbúðir af svölum. Sér svalir eru ýmist í norður með útsýni yfir Ægisgarð eða vestur. Inngangssvalir snúa í suður eða austur. Ein íbúð á efstu hæð er með 45 fm svölum meðfram vestur og suður hlið íbúðarinnar. Mikið útsýni er úr mörgum íbúðum í húsinu. Verð frá kr. 16,9 milj. fyrir íbúð án bílskýlis á 1. hæð upp í kr. 32,9 fyrir íbúð á efstu hæð með bílskýli. 6761

HÖRÐUKÓR 1 – ÓTRÚLEGT ÚTSÝNI

Björn Ólafs, arkitekt í París, hefur hannað einstaklega fallegt og stílhreint fjölbýlishús við Hörðukór 1 í Kópavogi. Húsið sem er á 14 hæðum auk kjallara er eitt af hæst byggða fjölbýlishúsi á Höfuðborgarsvæðinu. Í húsinu eru 57 íbúðir og njóta þær allar geisilega mikils útsýni. Allar íbúðir eru með stofu og svölum til suðurs til að auka notagildi og útsýnisþáttinn. Svalir eru með glerlokun. Íbúðirnar verða til afhendingar, fullbúnar án gólfefna, í apríl - maí 2006. **Á efstu hæð er sannkölluð 200 fm lúxus þakíbúð með tvennum svölum, 75 fm þaksvölum með nuddpotti og þ.h. Að auki fylgir þessari íbúð tvöfaldur sérstæður bílskúr.** 6932

KRÓKAVAÐ - SÉRHÆÐIR

Vorum að fá í sölu 24 efri og neðri sérhæðir í 12 tvíbílishúsum á góðum stað í Norðlingaholti. Hæðirnar sem eru 127,5 fm að stærð auk bílskúrs eru með 3 svefnherbergjum og stórum stofum ásamt góðum sérafnotareiti á lóð sem fylgir hverri íbúð. Bílskúrar fylgja efri hæðum. Húsunum verður skilað rétt tæplega tilbúnum til innréttingar að innan en fullbúnum að utan með frágenginni lóð. **Sjá glæsilegan kynningarvef á www.borgir.is/byggben** 6802

TRÖLLATEIGUR

SÍÐUSTU ÍBÚÐIRNAR
Tröllateigur 20-24 er þriggja og fjögurra hæða fjöleignahús með alls 34 íbúðum. Aðalaðkoma hússins er um tvo sjálfstæða stigaganga sem opnast út á svalaganga. Hvor stigagangur þjónar 17 íbúðum. Þessar íbúðir eru glæsilegar og vel útbúnar 3ja herbergja íbúðir í þessu viðhaldslitla og fallega fjölbýlishúsi. Íbúðirnar sem eru um 120 fm að stærð, auk stæðis í bílskýli, verða til afhendingar í júlí, fullbúnar með gólfefnum og innfelldri lýsingu í loftum. 6303

LANGALÍNA - GARÐABÆ

Eigum eftir eina 3ja - 4ra herbergja ca 117 fm íbúð ásamt stæði í bílskýli í þessu fallega lyftufjölbýli. Skilast tilbúin án gólfefna í ágúst/sept. **V. 27,9 m.** 363

BIRKITEIGUR - MOSFELLSBÆR

2-íbúðir
Glæsilegar íbúðir í tvíbýlishúsi með sérinngangi. Húsið skiptist í efri sérhæð, sem er 5 herbergja með stórum innbyggðum bílskúr á mjög góðum stað í Mosfellsbæ. Glæsilegt útsýni í átt að Esjunni. Eignin er samtals 207,7 fm.Íbúðin skiptist í anddyri á 1. hæð og steyptur stigi upp á efri hæðina. Þar er eldhús, stofa, fjögur svefnherbergi og baðherbergi. Stór bílskúr er á neðri hæð. Neðri sérhæð sem er ca. 81.fm og er 3ja herbergja. Íbúðinn skiptist í andyri, stofu.eldhús, tvö herbergi og baðherbergi og lítið þvottahús.Íbúðirnar seljast tæplega tilbúnar til innréttinga.Til afhendingar fljótlega. 6704

FASTEIGNASALAN BORGIR ER Í FÉLAGI FASTEIGNASALA

LYNGVÍK FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is

OPIÐ

mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9-18, föstudaga frá kl. 9-16.
Svo er GSM-inn alltaf opinn.

Sigrún Gissurardóttir, lögg. fasteignasali

Steinar S. Jónsson, sími 898 5254

Daníel Björnsson, sími 897 2593

Þorsteinn Austri sími 820 3466

EINB - RAÐ- OG PARHÚS

ÁLFHÓLSVEGUR PARHÚS MIKIÐ ÚTSÝNI Gott parhús á tveimur hæðum með bílskúr. Á neðri hæðinni er hol, þvottahús, snyrting, eldhús og stofa með arni gengið er í góðasn garð frá stofu. Á efri hæð eru 4. herbergi, hol og baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Frá holi er gegnið út á stórar svalir. Þetta er góð eign. **Verð. 36.0 m**

BLÖNDUBAKKI
Góð 4ra herbergja endaíbúð með auka herbergi í kjallara. Parketlagt eldhús með nýlegri innréttingu og borðkrók. Björt stofa og borðstofa með flísum á gólfi og suður svölum. Þrjú góð svefnherbergi tvö með skápum. Baðherbegi með innréttingu, baðkari. þvottahús innan íbúðar. Snyrtileg sameign. (2487)

ÁLAGRANDI 71 fm 2ja herbergja íbúð á 2.hæð með suður svölum. Viðgerð og málun á húsi stendur yfir á kostnað seljanda. Möguleiki á stuttum afhendingartíma. V 14,9 m.

ATVINNUHÚSNÆÐI

VAGNHÖFÐI Snyrrtilegt atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Vinnuslaur með hárri innkeyrsluhurð, snyrting, og skrifstofa, Á eri hæð er fundarherbergi, tvær góðar skrifstofu ásamt ca 100 fm innréttuðu plássi sem 4ra herbergja íbúð. Húsið er velviðhaldið og næg bílastæði. Góð eign til ýmisa nota. ásett verð 36.0 m. Seljandi getur aðstoðað við fjármögnun.

HÆÐIR

LAUFÁSVEGUR
Mjög vel staðsett 170 fm íbúð á tveimur hæðum í fallegu tveggja íbúða húsi. Hæðin skiptist í tvennar stofur, hjónaherbergi og stórt eldhús með útgengi út í bakgarð, á neðri hæð eru þrjú svefnherbergi og bað. V. 34,9 m

3JA HERB.

LUNDARBEKKA - SÉR INNGANGUR AF SVÖLUM. Um er að ræða góða 86 fm 3ja herbergja íbúð á 4.hæð. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni fyrir 6. íbúðir. Sér ca 6 fm geymsla á jarðhæð sem er ekki innifalin í ofangreindum fermetrum. Möguleiki á stuttum afhendingartíma. V.16,9 m.

NÝBÝLAVEGUR HEIL HÚSEIGN MEÐ GLÆSILEGRI PENTHOUSE ÍBÚÐ. Um er að ræða alla húseingina sem samanstendur af fyrstu og annari hæð sem eru verslunar og iðnaðar húsnæði og glæsilegri penthouse íbúð á efstu hæð með miklu útsýni til fjalla og upp á jökul. húsið er allt 601,2 fm og er íbúðin af því 135 fm auk tvenna svala sem snúa í suður og norður en þær eru samanlagt ca 80 fm. Verslunar og iðnaðarhúsnæðið er í góðri útleigu. Afhending getur verið eftir samkomulagi. Allar nánari upplýsingas veitir Daniel í síma 588-9499 / 897-2593.

4RA HERB

KÁRSNESBRAUT - MEÐ AUKAHERBERGI OG BÍLSKÚR.
Um er að ræða 3ja herbergja 77,2 fm íbúð á 1. hæð. Í vel staðsettu 4ra íbúða húsi. Íbúðinni fylgir 8,2 fm aukaherbergi sem hefur aðgengi að snyrtingu, ásamt 7,2 fm geymslu og 19,9 fm bílskúr, samtals birt séreign 112,5 fm. Verð. kr. 18,9 m.

2JA HERB.

TRÖNUHJALLI. MEÐ ÚTSÝNI
Vorum að fá í sölu 2ja herbergja 69 fm íbúð á þriðju og efstu hæð í góðu húsi. Gott svefnherbergi með parketi á gólfi og skáp. Stofa / borðstofa með parketi á gólfi og vestur svölum.

HRÍSABREKKA - SVÍNADAL.
Um er að ræða vel staðsettan ca 60 fm sumarhús (heilsárshús) á 1/2 ha. leigulandi í landi Svínadals á móti Vatnaskógi. Húsið er fullbúið stendur hátt og er gott útsýni. Skipti möguleg V. 14,9 m.

SUMARBÚSTAÐIR

HOFTEIGUR - SÉR INNGANGUR
Rúmgóð og vel staðsetta 137 fm 4-5 herbergja íbúð í kjallara með sér inngangi. stór og góð herbergi. V. 24,9 m

FROSTAFOLD - LYFTUHÚS
Glæsileg 2ja herberjga íbúð á 6. hæð með suður svölum. Stofa með parketi. Herbergi með parketi og góðum skápum. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi og veggjum, innréttingu, baðkari og tengi fyrir þvottavél. Íbúðinni getur fylgt stæði í bílageymslu Íbúðin er laus við kaupsamning.

VERSLUNARHÚSNÆÐI

ATVINNUTÆKIFÆRI 432 fm verslunarhúsnæði ásamt rekstri verslunarinnar Dalakjör Búðardal. Um er að ræða húsnæðið, öll tæki og áhöld sem tilheyra ásamt verslunar og veitingarekstri. Þá er 145,4 fm. íbúð á efri hæðinni. Gott langtímalán getur fylgt. Afhending eftir samkomulagi. Besti tíminn framundan. Allar nánari upplýsingar veitir Daniel 588-9499 / 897-2593

ENGJASEL- 4RA HERBERGJA MEÐ STÆÐI Í BÍLGEYMSLU
Vorum að fá í sölu fallega 4ra herbergja 107 fm íbúð auk 31 fm stæðis í bílgeymslu. Íbúðin er á 1 hæð 3.svefnherbergi, sjónvarpshol, stofa og borðstofa. V. 18,7 M

REYKJAVÍKURVEGUR - VIÐ HÁSKÓLANN
Góð 25 fm ósamþykkta íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fallegu húsi við Reykjavíkurveg. V. 7,2 m.

MIKIL SALA!
VANTAR
ALLAR EIGNIR
Á SKRÁ

SKÓLAGERÐI - VESTURBÆ KÓPAVOGS

Vorum að fá í sölu mikið endurnýjað 133,5 fm parhús á tveimur hæðum, ásamt 36 fm sérstæðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi. Fallegur afgirtur suður garður. V. 37,9 m.

ÞRASTARHÖFÐI MEÐ BÍLAGEYMSLU.

Glæsileg ný 5. herb. íbúð 129,2 fm á jarðhæð með sérafnotarétt af garði og stæði í bílageymslu. Íbúðin afhendist fullbúin án gólfefna nema baðherbergi er með flísum á gólfi og í hurðarhæð. Þvottahús er með flisalagt gólf. Val er um innréttingar til 20. ágúst nk.

REYKJAVÍKURVEGUR - SKERJAFIRÐI.

Vorum að fá í sölu góða 77,6 fm 3ja herbergja íbúð í kjallara í góðu og vel staðsettu sjö íbúða húsi. Verð 15,4 m.

HVERAFOLD - MIKIÐ ÚTSÝNI

Vorum að fá í sölu mjög skemtilega 3ja herberja 98 fm íbúð á 3ju og efstu hæð á þessum eftirsótta stað í Grafarvoginum, yfirbyggðar svalir með miklu útsými. Verð. 19,5 m

MIÐTÚN - EINBÝLISHÚS MEÐ BÍLSKÚR.

Einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara. Í kjallaranum er góð 2ja herbergja íbúð með sérinngang. Húsið hefur verið tekið í gegn og endurnýjað svo sem baðherbergi, gólfefni raflagnir, vatnslagnir og frárennslislagnir auk annars. Verð 32.0 m.

MIÐVANGUR - RAÐHÚS -MIKIÐ ÚTSÝNI

Leggjum frostfríar snjóbræðslur. Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.

Leggjum frostfríar snjóbræðslur. Hringdu í Steina pípara. S. 699 0100 & 567 9929.

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Innanhúsviðgerðir og nýlagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709. Lítil bið.

HEILSA

Heilsuvörur

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Heilun
Tek fólk í einkatíma í heilun. Get einnig tekið að mér námskeið í heilun. Er meistari. S. 697 8602.

Snyrting

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Microsoft kerfistjóranám hefst 5. september. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is s. 863 2186

Kennsla

Hólabrekkuskóli
Vantar dönskukennara í unglingadeild, full staða. Skólaliða vantar til starfa.
Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 664 8235 & 557 4466. Hólabrekkuskóli Suðurhólar 10, 111 Reykjavík.

Nám í útlitsráðgjöf
The Academy of Colour and Style - útlits- og förðunarskóli. Innritun er hafin fyrir haustönn, uppl. í síma 533 5101.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Design tískustólinn, verð áður 29.900, verð nú 14.900 www.rum.is Snorrabraut 56, Rvk. S. 551 5200, Glerárgötu 36, Akureyri 461 5300.

Útsala
Fallegar yfirbreiðslur fyrir sófa, stóla og borðstofustóla. Opnunartími mán. - mið. 12.00 - 15.00, fim. 15.00 - 18.30 og lau. 11.00 - 15.00 Sófalist, Síðumúla 20 (2 hæð), www.sofalist.is Sími 553 0444.

Til sölu rúm 1.20m á breidd. Upplýsingar í s. 564 5861 & 659 5861 eftir kl. 16.

Antík

Til sölu ýmislegt úr Rosenborg matar og kaffistelli. Eins mokka kaffistell antik hvítt með gylltri rönd. Uppl. í s. 588 8753 & gunnabjarna@bluebottle.com

Heimilistæki

Til sölu 10 ára Siemens þurrkari lítið notaður. Uppl. í s. 588 8753 & 661 8759.

Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Barnavörur

Leiðist barninu í bílnum? Bækur á cd-diskum fást á www.hljodbok.is og í b.búðum.

Dýrahald

Hundabúr-Hvolpagrindur
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Labradorhvolpar til sölu með ættbók frá HRFÍ. Frábærir fjölsk. og veiðihundar. Uppl. í síma 822 7970.

Ýmislegt

Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna aukahlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru sumartilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Byssur

Geymsla á byssum í styttri eða lengri tíma. Byssusmiðja Agnars, sími 891 8113.

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Tóti Tönn og Ingó Ásgeirs fengu 42 laxa á þessa túpu. fæst á www.frances.is

Ánar, ormar, maðkar. Sprækir og ódýrir fyrir laxa og silunga. Sími 693 2825.

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Ýmislegt



HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Námsmenn á leið til Rvk ATH!
Fullbúin einstakl. herbergi í reisulegu einbýli við Sogaveg. Aðgangur að eldhúsi, baðherbergi/þvottaaðstöðu. Sjá heimasíðu, www.mmedia.is/tilleigu S. 892 9888.

101-R austan tjarnar. Tvö rúmgóð herbergi. m.eldh. bði, wc. S. 551 6527 & 867 4280.

Húsnæði óskast

Ósk eftir 3ja-4ra herb. íbúð í vesturbæ Kópavogs, fyrirfram greiðsa ef óskað er. Upplýsingar í s. 856 4967.

Feðgin óska eftir
2ja herbergja íbúð helst á svæði 104 en annað kemur til greina. Uppl. í s. 660 6800 & 660 6803.

Par með 2ja ára barn óska eftir 3ja herb. íbúð í Hafnarfirði, Álftanesi eða Garðabæ. Bankaábyrgð ef óskað er. Uppl. í síma 893 9338 :)

Reglusamur 23 ára háskólanemi leitar að stúdíó- eða einstaklingsíbúð til leigu, helst í grennd við HÍ, s. 899 9434.

Sumarbústaðir

Aksturshlið - Gönguhlið
Á göngustíga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitarhólf ofl. Mikið úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugir burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir.Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414-8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464-8600

Við hjá Skógarhúsum erum að smíða glæsileg sumarhús í stærðunum frá 53-95 fm. Gerum undirstöður og reisum húsin á staðnum eða afhent í Rvk. og flutt á lóð. Húsin skilast fokheld til að vera fullbúin með innréttingum. Uppl. í s. 820 7383.

Vandað 68 m2 heilsárshús til sölu. Tilbúið að utan og fokhelt að innan með einangrun í útveggjum. S. 517 4200, www.husoghonnun.is

Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.geymsla1.is. S. 564 6500.

ATVINNA

Atvinna í boði

Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki í verslanir og þjónustuver. Hlutastörf og full störf í boði. Umsækjendur þurfa að vera 17 ára eða eldri. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga! Umsóknir má nálgast í öllum verslunum Domino's og á heimasíðunni www.dominos.is-

Ert þú í leit að starfi?
Viljum bæta við jákvæðu og duglegu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu. Líflegur og fjörugur starfshópur á þremur stöðum Reykjavík / Kópavogi / Hafnarfirði. Æskilegur aldur: 17 ára og eldri. Einnig lausar hád. vaktir alla virka daga frá 11-14.
Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is

Vantar starfsmann sem fyrst
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.
Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.

Mosfellsbakarí
á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 7:00-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 5535280 eða 6602153.

Fullt starf og hlutastarf
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastar. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is

Select og Shell
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is

Rennismiðir óskast - framtíðarstörf
Vélvík ehf óskar að ráða rennismiði með sveinspróf. Í boði eru góð laun á afar velbúnu verkstæði þar sem verkefni eru fjölbreytileg. Tækifæri fyrir vandvirka menn með metnað. Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík Sími 587 9960, netfang: velvik@velvik.is

Hressingarskálinn, Austurstræti 20 óskar eftir skemmtilegu starfsfólki í fasta dag- og kvöldvinnu, einnig er laust í aukavinnu um helgar. Umsóknir á Hressó.

Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal og í eldhús. Hæfniskröfur. Starfsreynsla, þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Aldurstakmark er 20 ár. Um er að ræða framtíðarstarf. Áhugasamir sendi inn umsókn á loa@pizzahut.is sem fyrst. Nánari uppl. í síma 533 2010 eða loa@pizzahut.is.

Vantar þig vinnu?
Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir duglegum einstaklingum til starfa í matvælavinnslu í Mosfellsbæ. Hlutastörf og full vinna í boði.
Uppl. í s. 897 3236, Ragnar eða 566 6614, Ragnar eða Sigurður.

Spennandi tækifæri! Enginn áhætta, enginn útlagður kostnaður!
ClaMal vantar nokkra duglega sölufulltrúa til að kynna falleg og vönduð dönsk föt á heimakynningum. Miklir tekjumöguleikar - góður sölutími framundan.
Allar nánari upplýsingar gefur Anna í síma 565 3900 milli 10 og 16 alla virka daga, eða á anna@clamal.is

Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal og í eldhús. Hæfniskröfur. Starfsreynsla, þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Aldurstakmark er 20 ár. Um er að ræða framtíðarstarf. Áhugasamir sendi inn umsókn á loa@pizzahut.is sem fyrst. Nánari uppl. í síma 533 2010 eða loa@pizzahut.is.

Hjá Dóra
Matsölustaður í Mjódd óskar eftir strafskrafti, vinna á kassa, frágangur, þrif og önnur eldhússtörf. Vinnutími 10-19.30.
Frekari uppl. á staðnum eða í síma 567 5318 & 692 0359.

Loftorka Reykjavík
Óskar eftir verkamönnum til malbikunarframkvæmda og jarðvinnuframkvæmda.
Upplýsingar í síma 565 0877.

Leikskólinn Hof Gullteig 19, 105 Rvk.
óskar eftir leikskólakennara/leiðbeinanda í 100% starf frá kl. 9:00 - 17:00 og í 50% starf frá kl. 13:00 - 17:00. Það sem einnkennir þennan vinnustað er góður starfsandi og metnaðarfull starfsemi.
Upplýsingar gefur Sigrún leikskólastjóri í síma 553-3590/553-9995.

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98.9 Bylgjan FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Kauptu notaðan bíl hjá Brimborg
Allt á að seljast.
Enn meiri verðlækkun, komdu strax.
Brimborg, notaðir bílar.

Jeppakerrur,
Víkurvagnar.

Kauptu notaðan bíl hjá Brimborg.
Allt á að seljast.
Enn meiri verðlækkun
Komdu núna í Brimborg.

Dráttarbeisli,
Víkurvagnar.

Hinsegin hamborgarar.
Hamborgarabúlla-Tómasar

Upp til fjalla og inn til dala...
Ormsteiti Héraðshátíð.

Endurvinnslan Knarravogi
opnar kl. 10.

Ársalir Fasteignamiðlun,
533-4200.

Magadans, magadans, magadans.
Skráið ykkur á www.magadans.is

Microsoft prófgráðunám.
Rafiðnaðarskólinn.

Búlluborgarar, Búlluborgarar.
Hamborgarabúlla-Tómasara

Upplifðu ævintýri Norður-Héraðs...
Ormsteiti Héraðshátíð.

Ársalir Fasteignamiðlun,
www.arsalir.is

Framlengingarspeglar,
Víkurvagnar.

Smáauglýsingasími Blaðsins, 510-3737
þar sem smáauglýsingarnar kosta aðeins
555.- krónur stykkið.

Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

ÞINN MARKHÓPUR?
70% hlustenda samkeyrðra auglýsinga Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru 50 ára og yngri.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

Viltu vinna 4 tíma á kvöldin og þéna ca. kr. 5000-12000.- pr. kvöld?
Rótgrófið markaðsfyrirtæki leitar eftir starfsfólki 2-5 kvöld vikunnar allt árið um kring. Heppilegur aldur 20 ára og eldri, jafnvel miklu eldri. Engin reynsla áskilin. Verkefnin eru auðveld í sölu og tekjumöguleikar góðir. Unnið er frá skrifstofu okkar sem staðsett er í Reykjavík og upplýsingar veittar í síma 699-0005 eftir kl.15 daglega.

Bakaríið Kornið óskar eftir hressu og jákvæðu fólki í afgreiðslu. Um er að ræða störf í Hrísarteig og Hjallabrekku í Kóp. Umsóknir liggja frammi í búðunum og einnig á www.kornid.is

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki til starfa víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 587 3111, virka daga milli kl. 9-12.

Bakari
Okkur vantar bakara í kökuhúsið, Auðbrekku. Uppl. gefur Örvar s. 693 9093.

Afgreiðsla/bakarí
Afgreiðslufólk óskast í kökuhúsið Auðbrekku. Uppl. á staðnum og s. 554 2708.

NK kaffi kringlunni
Óskum eftir að ráða fólk í afgreiðslu í fullt starf og einnig í helgarstörf, ekki yngri en 18 ára. Einnig starfskraft í smurbrauð. Uppl. á staðnum og síma 568 9040.

Matstofa á Háskólasvæðinu - 107.
Fullt starf, hlutastörf eða vaktavinna. Okkur vantar duglegt, heiðarlegt og stundvíst fólk til starfa. Upplýsingar gefur Ásta í s. 699 1079.

Ræsting, hentar vel fyrir heimavinnandi!
Viljum bæta við okkur fólki við ræstingar fyrir veturinn. 40-50% vinna. Uppl. og umsónir á staðnum milli kl. 10-16. Kringlukráin.

Veitingahúsavinna.
Viljum bæta við okkur hressum og skemmtilegum starfsmönnum fyrir veturinn. Þjónustustörf, vakta,- eða helgavinna. Hjálpa kokk í eldhúsi-pítsabakari. Uppl. og umsóknir á staðnum milli kl. 10-16. Kringlukráin.

Atvinna í boði
Vífilfell óskar eftir því að ráða starfsfólk í verksmiðju fyrirtækisins Reykjavík. Unnið er á vöktum. Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslunni Stuðlahálsi 1. Umsækjendur þurfa að vera eldri en 18 ára og geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar í síma 5252500.

Næturvinna - Subway Ártúnshöfða
Vantar fólk á næturvaktir, 100% starf. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is. Góð laun í boði.

Dagvinna - Subway
Vantar fólk í fullt starf á nokkrum stöðum, vaktavinna, sveiganlegur vinnutími. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is

Starfsmann vantar!!
Starfsmann vantar til framtíðarstarfa við afgreiðslu í ísbúð, söluturn og myndbandaleigu. Lágmarksaldur 18 ár, hærri aldur skaðar ekki. Ath. reyklaus vinnustaður. Vinnutími frá kl. 10:00 til 18:00. Möguleiki á hálfsdagsvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Snorrabraut 56.

Bakarí
Starfsmaður óskast á vakt frá kl. 13-19.00 í Bakararíið Austurveri. Uppl. í s. 845 0572.

Óska eftir röskum manni á hjólbarðaverkstæði Nýbarða Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600.

Söluturninn Allt í einu, Jafnaseli 6, 109 Rvík, óskar eftir hressu og brosmildu starfsfólki í vaktavinnu annars vegar og kvöld- og helgarvinnu hinsvegar. Ekki yngri en 18 ára. Góðir bónusar í boði. Upplýsingar fást á staðnum og í síma 587 7010.

Aukavinna-uppgrip
Okkur vantar duglegt símasölufólk 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

Nonnabiti
Starfskraft vantar í fullt starf og hlutastarf, reyklaus. Uppl. í s. 586 1840 & 899 1670

Árbæjarbakarí
Starfskraftur óskast í afgreiðslu, frá 13-18.30 virka daga og aðra hvora helgi. Upplýsingar í síma 869 0414 eða á staðnum, Hraunbæ 119.

Fjarðarbakarí Hafnarfirði óskar eftir reglusömu og heiðarlegu fólki til framtíðarstarfa í afgreiðslu, eldri en 18 ára. Upplýsingar gefur Berglind í s. 895 8192.

Í Bónus í vetur
Bónus auglýsir eftir starfsfólki til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og í Kringlunni. Leitað er að fólki á öllum aldri í fullt starf og hlutastarf fyrir veturinn. Áhugasamir geta snúið sér til næsta verslunarstjóra, starfsmannastjóra á skrifstofu Bónus eða sótt um á bonus.is

Byggingaverkamenn. Óskum eftir að ráða vana verkamenn, mikil vinna. S. 860 0866.

Óskum eftir að ráða trésmiði, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 860 0866.

Garðabær bakarí
Aðstoðarfólk óskast í sal sem fyrst. Uppl. í s. 565 8070 og 891 8258, Þóra.

Matsölustaðurinn The Deli Bankastræti 14 óskar eftir starfsfóki. Sími 551 6000.

Fallega hótelið okkar vantar gott fólk í ræstingar, sal, eldhús, almenn herbergjaþrif. Viðkomandi þarf að hafa bíl. Hótel Glymur Hvalfirði.

Hefur þú áhuga?
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

Atvinna óskast

Byggingaverktakar
Afhverju að auglýsa eftir vönum mönnum sem eru ekki til? Leyfðu okkur að aðstoða. Yfir 30 ára reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Allir okkar íslensku viðskiptavinir eru meira en ánægðir með okkar menn. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá hingað.
Upplýsingar í síma 897 8978
AWM ehf. Alan.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Viltu vera memm?
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

Starfskraftur í mötuneyti

Listaháskólinn rekur tvö aðskilin lítil mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Annars vegar í húsnæði myndlistardeildar á Laugarnesvegi og hins vegar í húsnæði leiklistar- og tónlistardeilda að Sölvhólsgötu.

Listaháskólinn óskar eftir að ráða tvo aðstoðarmenn í ofangreind mötuneyti frá 1. september n.k. Við leitum að dugmiklum og áreiðanlegum einstaklingum, sem hafa áhuga á að starfa í skemmtilegu og skapandi umhverfi. Reynsla á þessu sviði æskileg. Um er að ræða 70% starf frá kl. 9:30-13:30 alla virka daga.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Listaháskóla Íslands, Skipholti 1, 105 Reykjavík eigi síðar en 22. ágúst 2005.

Nánari upplýsingar veittar á netfanginu lhi@lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

EININGAVERKSMIÐJAN

Okkur vantar trésmiði og laghenta verkamenn við framleiðslu á forsteyptum einingum í steypustöð og á lager.

Nánari upplýsingar fást hjá Einingaverksmiðjunni
Breiðhöfða 10, 110 Rvík. eða hjá Jóni
í síma 587-7770 eða 843-8777
frá kl. 13:00-16:00 virka daga.
Einnig hægt að senda email á *ev@ev.is*

ÚTSALA

HEILDSÖLUÚTSALA
Snyrtivara – Gjafavara – Hársnyrtivara – Jólavara
Leðurhanskar – Kventöskur – Förðunarpennslar
og fleira og fleira milli kl. 1 og 5 næstu daga
Dugguvogi 12 – Að ofanverðu

TIL LEIGU

Golf USA

Til leigu glæsilegt fullbúið (húsgögnum og húsbúnaði) 3ja svefnherb. hús við golfvöll á Palm Springs svæðinu í Kaliforníu.

Inná lokuðu svæðinu eru sundlaugar, heitir pottar, tennisvöllur, veitingastaðir, líkamsrækt, spa, klúbbhús. Leikhús, kvikmyndahús, verslanir í göngufæri. Stutt til LA, Las Vegas og á skíði. Sumar allan veturinn.

Leigist frá og með 1. sept. 2005 í eitt ár. Leiga 3.600 dollarar á mán. Uppl. í s. 001 7607730900 *berglindolafs@yahoo.com*

!
90,9
MARKAÐURINN
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

SUNDLAUG SIGLUFJARÐAR



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sundlaugin var opnuð fyrst árið 1939 og var þá útilaug. Hún var staðsett við Hvanneyraá þar sem rafstöð stóð og affallið var nýtt fyrir sundlaugina. Búningsklefar voru gerðir í kringum 1952 og byggt yfir hana í kringum 1960 og er hún búin að vera innilaug síðan. Það er heitur pottur utandyra og sána innandyra. Laugin er 25 metra löng og tíu metra breið með fjórum brautum. Fyrstu árin var hún bara notuð á sumrin og upp úr 1966 var sett gólf yfir hana og hún notuð sem íþróttahús á veturna. Árið 1989 var hún fyrst opnuð yfir veturinn og hefur verið það æ síðan. Gísli Halldórsson teiknaði sundlaugina og Sigurjón Sveinsson teiknaði húsið. Forstöðumaður laugarinnar er Jónína Kristín Jónsdóttir.

DRAUMAHÚSIÐ MITT EINAR SKÚLASON

Timburhús með útsýni yfir hafið

Draumahús Einars Skúlasonar, framkvæmdastjóra Alþjóðahússins, er hvergi til nema í hans eigin ímyndunarafli. Hann er að leita sér að nýrri íbúð sem yrði aldrei í líkingu við draumahúsið, en hann hefði samt ekkert á móti því að hún væri gædd einhverjum af kostum þess.

„Ég sé fyrir mér hús undir hlíð með útsýni yfir hafið þar sem lítil á rennur stutt frá. Þetta er einbýlishús með stórum garði. Mér þykja timburhús alltaf dálítið heillandi – svona hvernig brakar í þeim. Það er líf í svoleiðis húsum. Bárujárnið hefur mér líka alltaf fundist skemmtilegt, þannig að timburhús með bárujárni skal það vera," segir hann og bætir við að hann sé ekki frá því að umhverfið skipti hann meira máli en húsið sjálft.

Þungamiðjan í draumahúsi Einars væri einn stór geimur með eldhúsi og stofu. „Þar geta allir komið saman, lesið og lært og horft á sjónvarpið. Ég sé fyrir mér eldhús í toppstandi og mig langar voðalega mikið í gas og góða viftu sem kemur öllu út strax," segir Einar og bætir við að hann væri mjög til í að geta fengið sér beikon og jafnvel soðið skötu án þess að það færi í taugarnar á öðru heimilisfólki. „Það þyrfti nú örugglega að vera ansi kraftmikil vifta til þess, algjör draumavifta."

Á efri hæð draumahússins hefðu allir sitt herbergi og þar væri líka stórt baðherbergi, helst bæði með baðkari og sturtuklefa. „Ég sé líka fyrir mér að hafa húsbóndaherbergi, eða vinnuherbergi eins og það kallast nú í dag, á neðri hæðinni. Þar vildi ég hafa gott bókasafn."

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisisins.

Aukin útlán

Íbúðalánasjóður hefur tvöfaldað útlán sín milli ára.

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu rúmum 6,4 milljörðum króna í júlí, sem er tvöfalt hærri upphæð en á sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu sjóðsins og einnig að dregið hafi úr uppgreiðslum til sjóðsins að undanförnu. Í kjölfarið hafa áætlanir fyrir þriðja og fjórða ársfjórðung verið endurskoðaðar. Þær gera ráð fyrir því að heildarútlán sjóðsins verði nítján milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi í stað sextán milljaða áætlunar áður og einnig að útlán verði nítján milljarðar á fjórða ársfjórðungi, en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir 17,6 milljörðum.

? SPURNING VIKUNNAR
á fasteignavef Visis

Hvernig húsnæði kýst þú helst?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU:
Hver telur þú að þróun fasteignaverðs verði næstu mánuði?

Hækka	19,10%
Lækka	38,19%
Standa í stað	42,71%

Trebitt Terrassebeis
Pallaolía 3 ltr.
7049308

Er pallurinn tilbúinn fyrir haustið?

Trebitt Terrassebeis er ný pallaolía á markaðnum sem hefur þann eiginleika að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár.
Fáanleg í 15 fallegum litum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Notar OR hagnað einokunar í fjarskiptastarfsemi?

UMRÆÐAN
LJÓSLEIÐARAR

EVA MAGNÚSDÓTTIR
UPPLÝSINGAFULLTRÚI SÍMANS

Eitthvað hefur Sigrún misskilið gagnrýni Símans á ljósleiðaravæðingu OR og virðist hún telja að Síminn óttist samkeppni frá OR.

Í Fréttablaðinu föstudaginn 5. ágúst ritar Sigrún Elsa Gunnarsdóttir, varaformaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, grein þar sem hún segir heppilegt (væntanlega fyrir neytendur) að OR leggi ljósleiðaranet þar sem fyrir er öflugt ljósleiðarnet Símans. Eitthvað hefur Sigrún misskilið gagnrýni Símans á ljósleiðaravæðingu OR og virðist hún telja að Síminn óttist samkeppni frá OR. Síminn óttast ekki samkeppni, eins og Sigrún Elsa ýjar að í grein sinni. Síminn starfar á samkeppnismarkaði, býr yfir fullkomnum fjarskiptakerfum ásamt þekkingu á þjónustu og hefur þar af leiðandi forskot í samkeppni við OR sem hefur að kjarnastarfsemi sölu á rafmagni, hita og vatni.

Aðalatriðið í málflutningi Símans í þessu máli er spurningin um hvort eðlilegt sé að Orkuveita Reykjavíkur fari út fyrir hefðbundið verksvið sitt og inn á fjarskiptamarkaðinn með þessum hætti. Fyrirtækið hefur einokun á sölu rafmagns og vatns á athafnasvæði sínu. Símanum þykir í hæsta máta óeðlilegt að fyrirtækið nýti hagnað sinn á því verndaða sviði til þess að greiða niður framkvæmdir á sviði fjarskipta sem eru óskylt svið og þar sem hörð samkeppni ríkir.

En Elsu til fróðleiks mun samkeppni um hylli viðskiptavina ekki snúast um ljósleiðara eða aðrar tæknilegar útfærslur. Það sem skiptir viðskiptavinina máli er að þeir fái örugga, einfalda og hagkvæma þjónustu hvort heldur er gegnum ljósleiðara eða eftir öðrum leiðum. Síminn er þegar að veita mikla þjónustu gegnum ljósleiðarakerfi sitt og eftir öðrum tæknilegum leiðum enda eru fjarskipti kjarnastarfsemi Símans. Síminn notar þá leið að nýta núverandi lagnakerfi eins vel og kostur er.

Í um tvo áratugi hefur Síminn lagt ljósleiðara með öðrum lögnum sem lagðar hafa verið á vegum veitustofnana og sveitarfélaga. Þannig hefur ljósleiðara eða rörum fyrir ljósleiðara verið komið í nánast öll hús sem byggð hafa verið hérlendis síðustu árin, auk fjölda eldri húsa sem tengst hafa ljósleiðarakerfinu þegar aðrar framkvæmdir hafa kallað á að grafa hafi þurft fyrir lögnum að húsunum. Um 57% allra heimila á höfuðborgarsvæðinu hafa aðgang að þjónustu gegnum ljósleiðarakerfi Símans. Síminn mun halda áfram að byggja ljósleiðarakerfi sitt upp með þessum hagkvæma hætti. Jarðvinnan er stærsti kostnaðarliðurinn við ljósleiðaravæðingu heimilanna, eða yfir 75%. Til þess að lækka kostnað fyrir neytendur hefur Síminn dregið verulega úr kostnaði við ljósleiðaravæðinguna með nýtingu skurða sem grafnir eru upp vegna annarra ástæðna.

Ljóst er að sú aðferð sem Orkuveitan notar við lagningu eigin ljósleiðara verður aldrei jafn hagkvæm og sú samnýting sem Síminn hefur notað með góðum árangri síðasta áratug auk þess sem núverandi lagnir úreldast ekki í bráð. Síminn mun áfram leggja ljósleiðara með þeim hagkvæma og markvissa hætti sem notaður hefur verið og á meðan nýta núverandi fjarskiptakerfi. Slík ráðdeild sparar neytendum að auki verulegar upphæðir. OR mun aftur á móti grafa sérstaklega til þess að leggja ljósleiðarann og neytendur munu þurfa að borga þann viðbótarkostnað.

Síminn hefur lagt áherslu á að nýta þær lagnir sem fyrir eru, enda anna þær vel háhraðasamböndum, Interneti, sjónvarpi og útvarpi, svo eitthvað sé nefnt, í mörg ár í viðbót. Tækniþróun undanfarinna ára hefur beinst að því að auka flutningsgetu símalína og jafnframt að þjappa gögnum. Þetta hefur orðið til þess að hægt er að senda sjónvarpsrásir með hefðbundnum símalínum eins og Síminn gerir nú með stafrænt sjónvarp til yfir fimmtíu þéttbýlisstaða á landinu. Fyrir lok þessa árs munu allt að 92% landsmanna hafa möguleika á að ná stafrænu gagnvirku sjónvarpi um kerfi Símans, með ljósleiðaraheimtaug eða símalínu.

Tækniþróun undanfarinna ára hefur því dregið verulega úr núverandi þörf fyrir ljósleiðara og staðan er sú að engin þörf er á því að grafa upp heilu hverfin eða bæjarfélögin til þess eins að leggja ljósleiðara. Önnur tækni getur þjónað þörfum nútímans og mun gera það í talsvert langan tíma til viðbótar. Þann tíma er hægt að nota til að byggja upp fullkomið ljósleiðaranet á afar hagkvæman hátt og spara þannig milljarða króna sem annars eru sóttir í vasa neytenda með einum eða öðrum hætti. Eða eru Reykvíkingar og nærsveitamenn tilbúnir til þess að greiða hærra verð fyrir hita og rafmagn vegna ljósleiðaravæðingar OR?

SENDIÐ OKKUR LÍNU
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

NAPÓLEON BONAPARTE (1769-1815)
fæddist þennan dag.

„Maðurinn berst af meiri krafti fyrir hagsmunum sínum en réttindum.“

Napóleón vann sér margt til frægðar um ævina og kryndi sig meðal annars sjálfur til keisara.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Indland og Pakistan hljóta sjálfstæði

Á þessum degi árið 1947 hlutu Indland og Pakistan sjálfstæði eftir 200 ára yfirráð Breta. Mahatma Gandhi, forgöngumaður indverskrar sjálfstæðisbaráttu, sagði þetta vera göfugustu gjörð í sögu Breta.

Það hafði lengi staðið til að Indland hlyti sjálfstæði en styr milli múslíma og hindúa tafði fyrir og var að lokum brugið á það ráð að stofna sitt hvort ríkið. Hundruð manna dóu í átökum milli múslíma og hindúa í Punjab-héraði fyrstu dagana eftir að löndin fengu sjálfstæði.

Indverska sjálfstæðisbaráttan hófst að ráði í byrjun 20. aldar og náði miklu flugi undir forystu Gandhi eftir fyrri heimsstyrjöld. Á 4. áratugnum komu Bretar að nokkru leyti til móts við indverska þjóðernissinna, en í seinni heimmstyrjöldinni var óánægja Indverja með bresk stjórnvöld slík að Bretar óttuðust að landið myndi ganga til liðs við öxulveldin.

Gandhi tók tilboð Breta um sjálfsforræði til greina og skipulagði mótmæli sem miðuðu að því að Bretar færu sem fyrst úr landinu. Hann og hundruð fleiri voru handteknir í kjölfarið. Árið 1947 samþykkti indverska þingið stofnun Pakistans til að róa múslima og greiða fyrir sjálfstæðisbaráttunni. Eftir að sjálfstæðisbaráttunni lauk áttu hundruð þúsunda, þar á meðal Gandhi, eftir að liggja í valnum í blóðugu trúarbragðastríði.

MERKISATBURÐIR

1534 Ignatius Loyola stofnar reglu jesúíta.

1914 Panama-skurðurinn vígður.

1933 Flugkappinn Charles Lindbergh kemur til Íslands frá Grænlandi ásamt eiginkonu sinni.

1936 Framkvæmdir hefjast við byggingu Háskóla Íslands.

1948 Lýðveldið Suður-Kórea stofnað.

1967 Svifnökkvi kemur til Íslands.

1969 Woodstock-tónlistarhátíðin hefst.

1975 Hornsteinn lagður að stöðvarhúsi Sigölduvirkjunar.

Talstöðin
FM 90,9

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

AFMÆLI

Einar Njálsson, bæjarstjóri í Árborg, er 61 árs.

Guðmundur Sophusson, sýslumaður í Hafnarfirði, er 58 ára.

Jón Bragi Bjarnason prófessor er 57 ára.

Vigdís Grímsdóttir rithöfundur er 52 ára.

Alexei Trufan handboltamaður er 46 ára.

Carlotte Böving leikkona er 41 árs.

SIGRÚN ÁRNADÓTTIR LÆTUR AF STÖRFUM HJÁ RAUÐA KROSSI ÍSLANDS

Sest á skólabekk á ný

„Þetta hefur verið góður tími en ég tel að nú sé rétti tíminn til að hætta,“ segir Sigrún Árnadóttir, sem hefur sagt starfi sínu sem framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands lausu.

Sigrún hefur starfað í fimmtán ár hjá samtökunum, þar af tólf sem framkvæmdastjóri. Hún telur að stórum samtökum sé hollt að skipta reglulega um stjórnendur og að þessi ákvörðun muni reynast vel, bæði fyrir hana og Rauða krossinn. Sigrún ætlar að taka því rólega fyrst um sinn eftir að hún lætur af störfum, en stefnir á að setjast á skólabekk fyrr en varir. „Nú á ég eftir það vandasama verk að ákveða hvaða fag verður fyrir valinu,“ segir Sigrún, sem er með félagsfræðimenntun að baki.

Sigrún kynntist starfsemi Rauða krossins fyrst þegar hún að vann hjá Kynningu og markaði, sem sá meðal annars um ársskýrslu samtakanna. „Ég heillaðist fljótlega af því góða starfi sem þarna var unnið og hugsaði mig ekki tvisvar um þegar mér bauðst starf þar.“ Sigrún var ráðin sem upplýsinga- og fræðslufulltrúi og tók síðar við innanlandsdeild Rauða krossins áður en hún var ráðin framkvæmdastjóri.

Mikill gróska hefur átt sér stað í starfsemi Rauða krossins á undangengnum árum og Sigrún kveðst ganga afar sátt frá borði. Bæði hafi umfang starfsins hefur aukist mikið, til dæmis reka samtökin öflugra starf erlendis en áður og fjáröflunarleiðir eru orðnar fjölbreyttari. „Rauði krossinn er með skýra stefnu og reynir að byggja verkefni sín á þörfum og við styðjumst við rannsóknir sem sýna hvar er þörf fyrir mannúðarsamtök á borð við okkar. Ég tel að Rauði Kross Íslands sé fagleg samtök í takt við tímann og þarfirnar hverju sinni. Það skýrist að miklu leyti til af því að það eru mjög góðir starfsmenn innan okkar raða og stjórnin er afar hæf. Ein mesta gæfa Rauða krossins er að þar velst almennt gott fólk til starfa.“ ■

SIGRÚN ÁRNADÓTTIR Sigrún hefur starfað í fimmtán ár hjá samtökunum, þar af tólf sem framkvæmdastjóri. Hún segir mikla grósku hafa átt sér undanfarin ár og þakkar það góðu starfsfólki.

ANDLÁT

Guðfinna Árnadóttir, Faxatúni 27, Garðabæ, lést á St. Jósepsspítala í Hafnarfirði föstudaginn 12. ágúst.

Ólafía Árnadóttir, Hraunbæ 103, Reykjavík, lést á Landspítalanum föstudaginn 29. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Sæmundur Árni Hermannsson, Jöklatúni 3, Sauðárkróki, andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki föstudaginn 12. ágúst.

Amalía Rut Gunnarsdóttir, Björtusölum 23, Kópavogi, andaðist fimmtudaginn 11. ágúst.

Margrét Sighvatsdóttir, Hraunvangi 1, Hafnarfirði, andaðist á Hrafnistu, Hafnarfirði, miðvikudaginn 10. ágúst.

Antonína Nikolajevna Tsirkova lést í St. Pétursborg í Rússlandi miðvikudaginn 20. júlí. Útförin hefur farið fram.

Anna María Sigurbjörnsdóttir, Heiðarbraut 1, Blönduósi, lést laugardaginn 30. júlí. Útförin fór fram í kyrrþey.

Einar Oddgeirsson, Heiðvangi 16, Hafnarfirði, lést á heimili sínu miðvikudaginn 10. ágúst.

Jón Ingimundarson, bóndi á Haukagili í Hvítársíðu, lést á Kirkjuhvoli, dvalarheimili aldraðra á Hvolsvelli, miðvikudaginn 10. ágúst.

JARÐARFARIR

Hannes Þórður Hafstein verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni klukkan 13.00.

Hilmar Þór Helgason verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni klukkan 15.00.

†

Ástkær eiginmaður minn,

Sæmundur Árni Hermannsson

Jöklatúni 3, Sauðárkróki,

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki að morgni 12. ágúst.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Ása Sigriður Helgadóttir

Fróðleikur af gardur.is

Fyrsti ráðherra Íslands:

Hannes Hafstein

Fæddur á Möðruvöllum í Hörgárdal 4. des. 1861, sonur Péturs Havstein amtmanns og k.h. Kristjönu Gunnarsdóttur, alsystur Tryggva bankastjóra. Stúdent 1880, cand. jur. frá Khafnarhásk. 1886. Orti mikið ytra, var einn Verðandimanna og lærisveinn Brandes. Orðinn þjóðkunnur af ljóðum sínum við heimkomu til Íslands hálfþrítugur. Sýslum. í Dalasýslu 1886, málaflutningsm. við landsyfirréttinn, landshöfðingjaritari frá 1889, endurskoðandi við Landsbanka Ísl. 1890-1896. Sýslum. Ísafjarðarsýslu og bæjarfóg. á Ísafirði frá 1896. Fulltrúi á Þingvallafundinum 1888; foringi Heimastjórnarflokksins 1901-12. Var glæsilegur á velli, sem fæddur foringi. Alþm. Ísafjarðarsýslu 1900-02, Eyfirðinga 1903-16; landskjörinn alþm. 1916-22, sat síðast á Alþingi 1917. Ráðherra Íslands, fyrstur Íslendinga, 1904-09 og aftur 1912-14. Barðist fyrir ritsímanum o.fl. framfaramálum. Forseti samein. þings 1912. Bankastj. Íslandsbanka 1909-12, 1914-17, en missti heilsu. Lézt 13. des. 1922. Er meðal höfuðskálda (Ýmisleg ljóðmæli, Rv. 1893; aukin útg. 1916 o.fl. síðar, heildarútgáfa 1968). Skrifaði um Jónas Hallgrímsson, Þjóðfundinn 1851, Georg Brandes o.fl., auk ljóðaþýðinga, t.d. eftir Heine. Heiðursfél. Hins ísl. bókmenntafél. o.fl. viðurkenningar. Líkneski hans stendur fyrir framan Stjórnarráðshúsið. K.h.: Ragnheiður Thordersen. Áttu tíu börn og marga þekkta niðja.

Meira um hann á gardur.is

Hannes hvílir í leiði nr. 408 á svæði Z í Hólavallagarði, sjá nánar á www.gardur.is

gardur.is

Hægt er að setja inn ævidróg látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

Afmæli

Einar Þór Arason

fyrrverandi lögreglumaður, Grænási 1, 260 Njarðvík, verður **70 ára** mánudaginn 15. ágúst.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

480 milljónir

120+360

1. vinningur

ENNEMM / SIA / NM17605

Algjört met

Langstærsti potturinn frá upphafi!

Nú er fyrsti vinningur tvöfaldur og stefnir í að hann slái öll fyrri met.
Verði Ofurtalan ein af útdráttartölunum gæti hann orðið allt að 480 milljónir.

BÓNUS-VINNINGUR 17 MILLJÓNIR

Skelltu þér á miða á næsta sölustað eða á **lotto.is** fyrir klukkan **16** á morgun, eða fáðu þér miða í **áskrift**.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

Heyrst hefur ...

... að forráðamenn Fylkis séu allt annað en sáttir með gengi Árbæjarliðsins í Landsbankadeildinni í sumar og séu nú í logandi leit að eftirmanni Þorláks Árnasonar, en tvísýnt þykir að hann muni klára tímabilið með Fylki eftir döpur úrslit í síðustu leikjum liðsins.

sport

sport@frettabladid.is

HANDBOLTAKAPPINN ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON: STÍGUR FYRSTU SKREFIN Í ATVINNUMENNSKU

Hef sett mér háleit markmið

Ásgeir Örn Hallgrímsson, vinstrihandarskyttan úr Íslandsmeistaraliði Hauka, er að stíga sín fyrstu skref í atvinnumennskunni en hann mun leika með Lemgo í Þýskalandi á komandi tímabili. Hann mun þar hitta fyrir annan Íslending, Loga Geirsson. Ásgeir er 21 árs og er á leið til Ungverjalands ásamt U21 landsliði Íslands sem er að fara að keppa á heimsmeistaramótinu. „Ég fer aftur út til Lemgo strax eftir HM. Það er í nógu að snúast þegar maður er að skipta svona um lið og því ýmislegt sem ég þarf að hugsa um þessa dagana. Maður vinnur sig þá bara inn aðeins seinna, ég sé alls ekki eftir því að vera hér heima á fullu að taka þátt í þessum undirbúningi," sagði Ásgeir.

Hann er mjög spenntur fyrir tímabilinu í Þýskalandi og er bjartsýnn á komandi tímabil. „Ég var þarna úti hjá þeim í síðustu viku og það gekk bara mjög vel, við erum með mjög sterkt lið og höfum bætt okkur töluvert þannig að ég á von á því að við náum bara fantaárangri í vetur," sagði Ásgeir, sem fær góðar móttökur í Þýskalandi. „Þeir hafa staðið við allt sem þeir hafa sagt við mig, ég er búinn að finna mér íbúð og svona. Maður er að ná að setja sig inn í þetta hægt og rólega. Þetta mun allt fara að smella um leið og ég er alfarinn út."

Ásgeir er mjög sáttur við að hafa valið Lemgo. „Það er nú seint hægt að kalla Lemgo heimsborg en þetta er mjög lítið og vinalegt umhverfi. Það hentar vel fyrir mig því ég er að fara svona ungur út. Það eru allir þarna úti til í að aðstoða mann þannig að þetta er bara mjög jákvætt," sagði Ásgeir, sem segist vera búinn að setja sér háleit markmið sem hann vill þó ekki gefa upp. „Ég vil bara halda þessum markmiðum fyrir mig, að minnsta kosti til að byrja með."

> Við hrósum ...

... þeim Ásthildi Helgadóttur og Gunnari Heiðari Þorvaldssyni, sem gera það gott í sænsku úrvalsdeildunum þessa dagana.

Ásthildur skoraði um helgina sitt áttunda mark í deildinni og Gunnar Heiðar gerði þrennu með Halmstad í annað sinn í sumar. Frábærir sendiherrar íslenskrar knattspyrnu.

> Við skiljum ekki ...

.... þær hrókeringar sem hafa verið á byrjunarliði Fylkis undanfarnar vikur og mánuði. Síðasta útspilið hjá Þorláki þjálfara var að setja Björgólf Takefusa, einn besta mann liðsins, á bekkinn gegn Grindavík í gær þó svo að hann hafi verið að standa sig vel í síðustu leikjum. Ekki skrýtið að allan stöðugleika hafi vantað í Fylkisliðið í sumar.

LANDSBANKADEILDIN

Loksins sigur hjá KR á heimavelli

Glæsilegt mark frá Sigmundi Kristjánssyni tryggði KR-ingum sigur gegn Eyjamönnum í Landsbankadeildinni í gærkvöldi. Með sigrinum náði KR að koma sér upp úr mestu fallhættunni.

KR **1–0** ÍBV

Frostaskjól, áhorf: 850 — Jóhannes Valgeirsson (5)

1–0 Sigmundur Kristjánsson (38.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–10 (7–7)
Varin skot	Kristján 7 – Hrafn 7
Horn	8–7
Aukaspyrnur fengnar	12–10
Rangstöður	3–3

FÓTBOLTI Róður Eyjamanna þyngdist til muna í gær þegar liðið beið lægri hlut fyrir KR-ingum en staða KR-inga styrktist til muna með sigrinum. Það er samt ljóst að þessara liða bíða erfiðir leikir á lokasprettinum og baráttan á botninum heldur áfram.

KR-ingar byrjuðu leikinn af miklum krafti á heimavelli sínum og á fyrsta stundarfjórðungnum voru mikil batamerki á því sem liðið hefur sýnt í sumar. Leikmenn liðsins reyndu undantekningalaust að láta boltann ganga vel á milli manna í fáum snertingum og lítið var um óþarfa kýlingar. Þrátt fyrir það skiluðu batamerkin engum ákjósanlegum marktækifærum fyrr en Sölvi Davíðsson komst í gott færi en á síðustu stundu tókst Eyjamönnum að bjarga.

KR-ingar voru mun sterkari í fyrri hálfleik og það var svo sannarlega ekki gegn gangi leiksins þegar Sigmundur Kristjánsson skoraði glæsilegt mark af um 30 metra færi.

Heimamenn byrjuðu síðari hálfleikinn eins og þeir enduðu þann fyrri og Hrafn Davíðsson kom í veg fyrir að þeir bættu við marki þegar hann varði glæsilega frá Grétari Hjartarsyni sem komst einn inn fyrir vörn gestanna. Eyjamenn voru ákveðnir í að vinna sig smám saman inn í leikinn og voru þéttir fyrir. Þeir gáfu fá færi á sér og voru skynsamir í sínum sóknaraðgerðum og það skilaði þeim besta færi leiksins þegar Rune Lind komst einn gegn Kristjáni Finnbogasyni eftir vel útfærða skyndisókn. Skot hans fór hins vegar hátt yfir markið.

Heimamönnum var brugðið enda gestirnir varla fengið færi fram að þessu. Þeir héldu haus, spiluðu skynsamlega og sýndu að þeir ætluðu sér að halda í þessi þrjú stig sem í boði voru. Þeir geta þó þakkað Kristjáni Finnbogasyni að stigin þrjú urðu eftir í Frostaskjólinu því hann varði vel á lokamínútum leiksins frá Pétri Óskari Sigurðssyni sem var í ákjósanlegu færi.

- gjj

ÞÉTT VÖRN ÍBV Hrafn Davíðsson í marki Eyjamanna sést hér handsama knöttinn eftir misheppnaða marktilraun Garðars Jóhannssonar í KR. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

KR 4–4–2		ÍBV 4–3–3	
Kristján	7	Hrafn	7
Gunnar E.	6	Pétur R.	5
Tryggvi	7	Varenkamp	4
Pauletic	6	Páll Hjarðar	6
Bjarni	5	Bjarni Geir	4
(70. Gunnar K.	5)	Bjarni Rúnar	5
Sölvi D.	6	(62. Platt	5)
(75. Rógvi	5)	Jeffs	7
Ágúst Þór	5	Atli J.	6
Bjarnólfur	6	Lind	6
*Sigmundur	7	Pétur Óskar	6
Grétar	6	Sam	5
Garðar	6	(62. Steingrímur	5)
(86. Arnar	–)		

*MAÐUR LEIKSINS

Grindvíkingar bitu hressilega frá sér þegar þeir tóku Fylki í bakaríið, 3-0:

Grindvíkingar gefast ekki upp

Grindavík **3-0** Fylkir

Grind.völlur, áhorf: 620 — Eyjólfur Kristinsson (5)

1–0 Óskar Örn Hauksson (36.)
2–0 Óli Stefán Flóventsson (43.)
3–0 sjálfsmark (84.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–8 (5–2)
Varin skot	Savic 1 – Bjarni Þórður 2
Horn	3–6
Aukaspyrnur fengnar	11–12
Rangstöður	4–0

FÓTBOLTI Leikmenn Grindavíkur voru harðákveðnir í að taka sig saman í andlitinu eftir tapið stóra gegn FH-ingum á dögunum og þeir sýndu á sér sparihliðarnar þegar þeir tóku á móti Árbæingum í gær.

Leikurinn í gær fór frekar rólega af stað og leikmenn liðanna áttu í mesta basli með að fóta sig á flughálum vellinum. Það voru þó heimamenn sem voru ívið sterkari aðilinn í fyrri hálfleiknum en það var ekki fyrr en á 36. mínútu sem fyrsta markið leit dagsins ljós, en það var biðarinnar virði fyrir heimamenn. Þar var að verki Óskar Örn Hauksson sem skoraði með glæsilegri hjólhestaspyrnu eftir sendingu frá Óðni Árnasyni á hægri kantinum.

Fylkismenn sóttu eilítið í sig veðrið eftir að hafa lent undir, en Grindvíkingar vörðust vel og beittu skyndisóknum. Á 43. mínútu bætti Óli Stefán Flóventsson svo við öðru marki heimamanna eftir laglegan undirbúning frá Paul McShane og útlitið orðið ansi dökkt hjá Fylkismönnum.

Þorlákur Már Árnason, þjálfari Fylkis, gerði tvær breytingar á liði sínu í hálfleik, en þær skiluðu litlu, því það voru heimamenn sem gerðu út um leikinn á 84. mínútu með sjálfsmarki Guðna Rúnars Helgasonar.

Óli Stefán Flóventsson var ánægður með sigur sinna manna í gær. „Við tókum fund fyrir þennan leik og ég held að allir geri sér grein fyrir að það er algjörlega að duga eða drepast fyrir okkur. Allir leikir verða að vinnast hér eftir og ef lið getur ekki rifið sig upp eftir að tapa 8-0 höfum við ekkert að gera með það að vera í íþróttum," sagði Óli Stefán, sem átti fínan leik fyrir Grindavík í gær í nýrri stöðu sem framherji.

- bb

GRINDAVÍK 4–4–2		FYLKIR 4–5–1	
Savic	5	Bjarni Þórður	4
Eyþór Atli	5	Gunnar Þór	5
Jack	7	Hrafnkell	4
Kekic	6	Ragnar	4
(90. Guðmundur	–)	Arnar Þór	5
Óðinn	5	Kjartan Breiðdal	4
McShane	7	(67. Haukur Ingi	5
(86. Páll G.	–)	Guðni Rúnar	5
Óskar Örn	6	Helgi Valur	4
Eysteinn	5	Jón Björgvin	4
Niestroj	7	(46. Tranberg	4)
*Óli Stefán	7	Eyjólfur	3
Magnús	5	(46. Björgólfur	5)
(64. Ahandour	3)	Christiansen	4

*MAÐUR LEIKSINS

Íslandsmótið í tennis:

Arnar vann enn og aftur

TENNIS Arnar Sigurðsson varð í gær Íslandsmeistari karla í tennis níunda árið í röð þegar hann sigraði Raj Bonafacius, 6-3 og 6-1, í úrslitaleik Íslandsmótsins. Viðureignin fór fram í Tennishöll Kópavogs. Þetta er frábær árangur hjá Arnari, sem er 23 ára gamall og er á hraðri uppleið í alþjóðlegum tennis. Í júlí varð hann fyrstur Íslendinga til að komast á heimslista atvinnumanna í einliðaleik en því náði hann eftir mót í Kassel í Þýskalandi sem var liður í ATP-mótaröðinni.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

KR–ÍBV	1–0
GRINDAVÍK–FYLKIR	3–0
ÍA–FRAM	1–2

STAÐAN:

FH	13	13	0	0	39–5	39
VALUR	**13**	**10**	**0**	**3**	**27–9**	**30**
ÍA	14	6	2	6	17–18	20
KEFLAVÍK	**13**	**5**	**5**	**3**	**24–27**	**20**
FYLKIR	14	5	2	7	23–25	17
FRAM	**14**	**5**	**2**	**7**	**15–20**	**17**
KR	14	5	1	8	15–21	16
GRINDAVÍK	**13**	**3**	**3**	**7**	**14–28**	**12**
ÞRÓTTUR	13	2	4	7	15–21	10
ÍBV	**13**	**3**	**1**	**9**	**10–25**	**10**

Enska úrvalsdeildin:

ARSENAL–NEWCASTLE 2–0
1–0 Thierry Henry, víti (80.), 2–0 Robin van Persie (87.).

WIGAN–CHELSEA 0–1
0–1 Hernan Crespo (90.)

Þýska úrvalsdeildin:

MAINZ–WERDER BREMEN 0–2
STUTTGARD–KÖLN 2–3

Sænska úrvalsdeildin:

GEFLE–DJURGÅRDEN 1–3
Kári Árnason var í byrjunarliði Djurgården.

HALMSTAD–SUNDSVALL 6–0
Gunnar Heiðar Þorvaldsson lék allan leikinn fyrir Halmstad, skoraði þrennu og lagði upp tvö mörk að auki.

Norska úrvalsdeildin:

BODÖ/GLIMT–BRANN 2–1
Ólafur Örn Bjarnason og **Kristján Örn Sigurðsson** léku báðir allan leikinn fyrir Brann

LYN–VIKING 2–1
Stefán Gíslason var í byrjunarliði Lyn og **Hannes Þ. Sigurðsson** lék síðustu níu mínúturnar fyrir Viking.

TROMSÖ–MOLDE 2–1

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

12 13 14 **15** 16 17 18

Sunnudagur

LEIKIR

- 19.00 Breiðablik og Stjarnan mætast á Kópavogsvelli í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu.
- 19.15 Valur og Keflavík mætast á Hlíðarenda í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- 20.00 Þróttur og FH mætast á Laugardalsvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

SJÓNVARP

- 15.40 Helgarsportið á RÚV.
- 15.55 Fótboltakvöld á RÚV.
- 16.10 Ensku mörkin á RÚV.
- 19.10 Landsbankamörkin á Sýn.
- 19.40 Landsbankadeildin á Sýn. Bein útsending frá leik Þróttar og FH.
- 22.00 Olíssport á Sýn.
- 22.30 Ensku mörkin á Sýn.
- 23.10 Ensku mörkin á RÚV
- 23.45 Landsbankadeildin á Sýn.

Hönnunarsamkeppni um ljósker

Ljóstæknifélag Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og tímaritið Ljós efna til samkeppni um hönnun á ljóskeri (lampa).

Markmið samkeppninnar er að auka áhuga á góðri hönnun lýsingar og ljóskerja.

Ljósker er gamalt íslenskt orð og haft yfir þann hlut sem geymir ljósgjafa og dreifir ljósinu frá sér. Í samkeppni þessari er þátttakendum frjálst að gera tillögu að ljóskeri til hver kyns nota og er heimilt að notast við hvaða ljósgjafa sem er.

Þátttaka er opin öllum og hugmyndum ber að skila inn í samræmi við keppnislýsingu. Skiladagur tillagna er 7. nóvember 2005. Þremur tillögum verður veittur fjárstyrkur til áframhaldandi þróunar á ljóskerinu.

1. verðlaun: 500.000 kr.
2. verðlaun: 400.000 kr.
3. verðlaun: 300.000 kr.

Þá verða veittar viðurkenningar fyrir m.a. frumleika, útlit og gæði lýsingar. Sýning verður haldin á innsendum tillögum í Galleríi 100° í höfuðstöðvum OR auk þess sem valdar tillögur verða kynntar í tímaritinu Ljósi.

Afhending keppnisgagna og skráning þátttakenda fer fram í afgreiðslu í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 frá 15. ágúst.

Nánari upplýsingar um keppnina má finna á www.ljos.org og á www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ORK 29203 08/2005

SKALLAEINVÍGI Helgi Pétur Magnússon og Ómar Hákonarson eigast hér við í einni af tíu hornspyrnum Skagamanna í leiknum í gær.

Barátta Fram skilaði sigri

Framarar halda áfram á sigurbraut sinni og í gær náðu þeir að leggja Skagamenn á útivelli. Liðið sýnir allt annan leik en það gerði í upphafi móts.

ÍA **1-2** Fram

Akranesvöllur, áhorf: 700 Garðar Hinriksson (4)

0–1 Bo Henrikssen (13.)
1–1 Hjörtur Hjartarson, víti (65.)
1–2 Viðar Guðjónsson (80.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6–7 (3–3)
Varin skot	Páll Gísli 1 – Gunnar 2
Horn	10–1
Aukaspyrnur fengnar	12–8
Rangstöður	4–2

FÓTBOLTI „Þetta var sanngjarn sigur hjá Frömurum. Þeir vildu þetta miklu meira heldur en við. Við vorum alltaf værukærir og vorum ekki tilbúnir til að berjast og því fór sem fór. Hugarfarið hjá okkur var einfaldlega ekki í lagi í þessum leik,“ sagði Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði ÍA, eftir að liðið beið lægri hlut á heimavelli 1-2 gegn Fram í gær.

Fyrri hálfleikurinn var tíðindalítill og mark hins danska Bo Henriksen var nánast hið eina markverða sem gerðist. Andri Fannar Ottósson lagði upp markið fyrir Bo, sem skoraði af stuttu færi. Gunnar Þór Gunnarsson fékk úrvalsfæri stuttu seinna til að bæta við en tókst á óskiljanlegan hátt að skjóta framhjá. Meira fjör var í seinni hálfleiknum en Framarar virtust hafa leikinn í hendi sér þangað til Skagamenn fengu umdeilda vítaspyrnu og Hjörtur Hjartarson skoraði. Eftir það færðist líf í heimamenn, sem áttu nokkrar mjög álitlegar sóknir. En Framarar létu ekki deigan síga og Viðar Guðjónsson skoraði svo mark með vinstri fæti eftir góðan undirbúning Ómars Hákonarsonar og reyndist það vera sigurmark leiksins. Örstuttu seinna fékk reyndar hinn sænski Johann Karlefjard réttilega rautt spjald fyrir tveggja fóta tæklingu en Skagamönnum tókst ekki að nýta sér liðsmuninn síðustu mínúturnar.

„Þetta var svakalegur baráttuleikur eins og allir leikir á Skaganum. Við vorum komnir með þetta í hendurnar en svo fá þeir vafasamt víti og komast þar með inn í leikinn. En sem betur fer náðum við að skora og fá öll stigin. Það er mikill stígandi í þessu hjá okkur og um leið og eitt hjól fer að snúast þá koma hin með,“ sagði Viðar Guðjónsson, miðjumaður Framara, sem skoraði sigurmark þeirra í leiknum í gær.

Eggert Stefánsson hefur spilað vel í vörn Fram í undanförnum leikjum en hann fékk dæmda á sig vítaspyrnuna sem Skagamenn jöfnuðu úr. „Þetta var mjög harður dómur. Ég viðurkenni að ég tók aðeins í öxlina á honum en hann lætur sig síðan detta hálfri mínútu seinna! Að mínu mati var þetta ekki víti. En það sem skiptir máli er að við sýndum góðan karakter og náðum á endanum að landa mikilvægum sigri,“ sagði Eggert. **- egm**

ÍA 4–4–2		FRAM 4–4–2	
Páll Gísli	4	Gunnar S.	6
Guðjón Heiðar	5	Gunnar Þór	6
Gunnlaugur	6	Eggert	6
Helgi Pétur	5	Ingvar	6
Kári Steinn	6	Jóhann Karlefjard	5
Ellert Jón	4	Viðir	5
Jón Vilhelm	5	(75. Kristófer	–)
Pálmi	6	*Mathiesen	7
Dean Martin	4	Viðar	7
Hjörtur	5	Daði	5
(89. Finnbogi	–)	Bo Henriksen	6
Andri	5	(55. Ómar	6)
		Andri Fannar	7
		(89. Þorbjörn Atli	–)

*MAÐUR LEIKSINS

Fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar lauk í gær með tveimur leikjum:

Crespo bjargaði meisturunum

FÓTBOLTI Chelsea hóf titilvörn sína í ensku úrvalsdeildina í gær með naumum sigri á nýliðum Wigan. Varamaðurinn Hernan Crespo skoraði sigurmarkið á lokamínútu leiksins eftir að leikmenn Wigan fóru illa að ráði sínu nokkrum sinnum á lokamínútum leiksins. Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea en var tekinn af velli í hálfleik vegna meiðsla.

„Wigan átti ekki skilið að tapa þessum leik,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, eftir leikinn. „Við áttum slæman dag en vörðumst þó ágætlega. Venjulega vakna menn upp við vondan draum eftir að hafa tapað stigum en okkur tókst að gera það í dag án þess að tapa neinum stigum.“

Arsenal vann verðskuldaðan sigur á liði Newcastle í fyrri leiknum í ensku knattspyrnunni í gær. Fátt var um fína drætti í fyrri hálfleiknum, en þar gerðist lítið markvert ef undan er skilinn brottrekstur miðjumannsins Jermaine Jenas eftir um hálftíma leik. Jenas fékk að líta rauða spjaldið fyrir brot á Freddie Ljungberg og þótti það nokkuð strangur dómur.

Newcastle leit út fyrir að ætla

HETJAN Hernan Crespo skoraði sigurmark Chelsea á 92. mínútu leiksins gegn Wigan í gær og fagnaði marki sínu vel og innilega eins og sést á þessari mynd.

að halda stiginu, en tíu mínútum fyrir leikslok fékk Arsenal dæmda vítaspyrnu, sem Thierry Henry skoraði auðveldlega úr. Það var svo varamaðurinn Robin van Persie sem innsiglaði sigur heimamanna með marki þremur mínútum fyrir leikslok og þar við sat.

- esá, - bb

ÚR SPORTINU

Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englendinga, hefur valið **Darren Bent** í hóp sinn sem mætir Dönum í fyrirhuguðum æfingaleik í Kaupmannahöfn, í stað framherjans **Andy Johnson** sem er meiddur. Þetta er nokkuð áfall fyrir **Johnson**, sem er að vonast eftir sæti í enska liðinu á HM í Þýskalandi næsta sumar. Talið er að það muni reynast honum þrautin þyngri þar sem hann er að leika með liði í fyrstu deild og ekki verða meiðsli hans nú til að bæta það.

Varnarmaðurinn sterki **Sol Campbell** hjá Arsenal er orðinn leiður á þeirri gagnrýni sem hefur beinst að honum í kjölfar þrálátra meiðsla sem hann hefur barist við lengi. „Ég veit ekki hvað ég hef gert til að verðskulda þessa andúð sem fjölmiðlar virðast hafa á mér. Kannski er það vegna húðlitarins eða vegna þess að ég fór frá Tottenham, en ég er í það minnsta orðinn hundleiður á þessu. Það er ekkert að mér og þegar ég næ mér af meiðslum mínum mun ég koma tvíefldur til baka," sagði hann reiður í viðtali við breska fjölmiðla í gær.

Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var sáttur við sína menn eftir markalaust jafntefli við Middlesbrough á laugardaginn og vildi ekki gagnrýna fyrirliða sinn **Steven Gerrard**, þó hann hafi farið afar illa með færin sín í leiknum. „Mér þótti **Gerrard** bera höfuð og herðar yfir aðra leikmenn á vellinum, en færin duttu ekki fyrir hann í þetta sinn. Hann skoraði sjö mörk á æfingatímabilinu, þannig að þetta hefur bara ekki verið hans dagur. Ég var samt ánægður með að halda hreinu í leiknum og ætla bara að einbeita mér að næsta leik," sagði sá spænski.

David O'Leary, knattspyrnustjóri Aston Villa, vill lítið tjá sig um áhuga sinn á tékkneska framherjanum **Milan Baros**, í ljósi þess að hann er enn sakaður um að hafa nálgast **James Beattie**, sem nú leikur með Everton, ólöglega fyrir um ári síðan. „Við skulum bara segja að ég hafi áhuga á leikmanni að norðan," sagði hann. „Við hefðum gott af því að fá fleiri leikmenn og það er best að segja ekkert meira að svo stöddu."

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is



STUÐ MILLI STRÍÐA : Gúrkutíð

ODDUR ÁSTRÁÐSSON BÝSNAST YFIR ALMENNRI GÚRKUTÍÐ.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Á sumrin er sjaldnast nokkuð merkilegt í fréttum, jafnvel vikum saman. Þá keppast fjölmiðlar við að reyna sitt allra besta til að fylla upp í tómið með misáhugaverðum fréttum af smásöfnum á landsbyggðinni, börnum í gönguferðum og vangaveltum um verð- og gæðasamanburð á tjaldsvæðum. Svo gegnsýrast atvinnufjölmiðlaspekúlantar af gúrkutíðinni (súrar gúrkur) og stökkva á hvert það smámál sem upp kemur og stendur upp úr smásafnagönguferðaverðsamanburðarbullinu. Þannig verða pólitíkusarnir óðir yfir einhverju sem hefði þá engu máli skipt ef eitthvað raunverulega merkilegt hefði verið í gangi. Eins og allt havaríið í kringum R-listann sýnir núna. Eitthvað sauðmeinlaust kosningabandalag leggur upp laupana af þeirri einföldu ástæðu að að því standa þrír stjórnmálaflokkar með mismunandi áherslur og markmið. Kosningabandalögin hafa komið og farið án þess að það sé tilefni til að það sé efni fyrstu fréttar tuttugu sinnum á sama sumrinu.

Sjáum svo lögguna. Hvað gerist þegar það er gúrkutíð hjá bæði fjölmiðlum og löggunni í einu? Jú, löggan fer að eyða tíma og peningum í að hundelta einhverja grey trjáfaðmandi mótmælendur dagana langa. Húka í ómerktum bílum fyrir utan heimili þeirra ef ske kynni að þeir, uuu..., úðuðu á vegg eða klifruðu í krönum. Með sömu rökum ætti að setja viðlíka lögguskott á þriðja hvern unglingspilt í tíunda bekk. Ég held í alvörunni að það væri nær að hleypa löggunum bara í auka sumarfrí þannig að þær gætu hvílt sig fyrir raunveruleg verkefni framtíðarinnar, peningunum væri mun betur varið þannig. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

LINDSAY LOHAN á góðri stundu.

Leikkonan Lindsay Lohan:

Dáir tískuvit- und Kate Moss

Leikkonan unga Lindsay Lohan er aðdáandi tískuvitundar súpermódelsins Kate Moss. „Kate Moss er tískufyrirmyndin mín. Hún lítur alltaf vel út. Hún klæðir sig í föt sem myndu taka suma margar klukkustundir að setja saman, en ég er viss um að hún taki ekki svo langan tíma í það."

Lindsay Lohan er einungis nítján ára gömul en er talin einn áhrifamesti táningur í Hollywood. Eðlilega hafa margir áhuga á því hvernig hún klæðir sig og telja margir tískuspekúlantar að hún komist klakklaust frá þeim miskunarlausu augum sem hvíla á öllum Hollywood-stjörnum. ■

BURTON OG TAYLOR Ástarsamband þeirra mun brátt rata í nýja bók eftir J. Randy Taraborelli.

Bók um Burton og Taylor

Hjónaband Richards Burton og Elizabeth Taylor, eitt eldfimasta ástarsamband Hollywood, mun brátt rata í bók eftir J. Randy Taraborelli... og það eru ekki allir sáttir. Graham Burton, bróðir leikarans sáluga, segir að hvorki hann né Taylor muni aðstoða Taraborelli á neinn hátt. Þau telja það ósangjarnt að skrifa bók þegar Burton, sem lést árið 1984, getur ekki svarað fyrir sig. „Mér stendur stuggur af þessu liði. Það skrifar um þá sem eru látnir þannig að þeir geta sér enga björg veitt," sagði Graham og bætti við að þetta væri bók sem hann kærði sig ekkert um. ■

Ný plata í haust

OUTKAST Hljómsveitin OutKast gefur út nýja plötu næsta haust.

Næsta plata rappdúettsins OutKast kemur út í haust. Um verður að ræða tónlist við kvikmynd sveitarinnar, My Life In Idlewild, sem kemur út í janúar.

Næsta hljóðversplata sveitarinnar, The Hard 10, gæti síðan komið út undir lok næsta árs. Síðasta plata OutKast, Speakerboxx/The Love Below, náði gríðarlegum vinsældum og hefur selst í 5,5 milljónum eintaka í Bandaríkjunum síðan hún kom út 2003. ■

MEÐ MADDOX Angelina Jolie heldur á syni sínum Maddox sem er ættaður frá Kambódíu.

Fær kambódískan ríkisborgararétt

Leikkonan Angelina Jolie hefur fengið ríkisborgararétt í Kambódíu vegna hjálparstarfs hennar í landinu undanfarin ár. Jolie, sem ættleiddi son sinn Maddox frá Kambódíu fyrir þremur árum, hefur margoft heimsótt landið síðan þá og er orðin hálfgerður sendiherra þess.

Norodom Sihamoni, konungur Kambódíu, veitti Jolie skriflegt leyfi fyrir ríkisborgararéttinum 31. júlí síðastliðinn. Í heimsókn Jolie til landsins fyrir ári síðan var henni boðinn rétturinn og varð hún himinlifandi við tækifærið. „Það yrði mikill heiður fyrir mig. Ég yrði mjög ánægð," sagði Jolie, sem ákvað nýverið að gefa þróunardeild ríkisstjórnar Kambódíu um það bil áttatíu milljónir vegna umhverfisverndar í norðvesturhluta landsins.

Mounh Sarath, yfirmaður deildarinnar, var afar ánægður með ríkisborgararétt Jolie. „Okkur hefur dreymt um þetta fyrir hennar hönd í langan tíma. Núna hefur draumurinn ræst," sagði hann. Hann bætti því við að Jolie ætti skilið að öðlast þennan heiður, ekki bara vegna peninganna sem hún hefur gefið þjóðinni heldur einnig vegna hjartahlýju hennar og ástar í garð almennings í Kambódíu.

Hluti af kvikmynd Jolie, Lara Croft: Tomb Raider, var tekinn upp í Kambódíu á sínum tíma og þá kynntist hún landi og þjóð. Í kjölfarið ættleiddi hún Maddox og nýverið ættleiddi hún síðan munaðarlausa stúlku frá Eþíópíu. Jolie hefur verið mikið í sviðsljósinu undanfarið eftir að hún byrjaði með hjartaknúsaranum Brad Pitt, sem nú er fósturfaðir barnanna tveggja. ■

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-21.

Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá	1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
	Litgreining	Fatastíll	Innkaupastjóri
	Förðun út frá litgreiningu	Fatasamsetning	Útlitsráðgjafi
	Litasamsetning	Textill	Stílisti
			Verslunarstjóri

Kristín, *ráðgjafi*

Ég hef mikin áhuga á að starfa með fólki, veita ráðgjöf varðandi fatnað, liti og förðun sem hentar hverjum og einum. Mér finnst námið bæði lifandi og skemmtilegt sem einnig hefur opnað margar dyr til frekari náms á þessu sviði.

Birna, *verslunareigandi - Stílistinn*

Það hefur alltaf verður draumur hjá mér að stofna verslun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að fara út í reksturinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.

Ragnheiður, *ráðgjafi*

Ég hef alltaf haft áhuga á tísku og útliti. Námið opnaði mér nýja sýn á þetta áhugamál mitt. Auk þess er það mér mikils virði í tengslum við starf mitt.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu

Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin alla daga frá kl. 12-18

HÁDEGISBÍÓ

400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI

HERBIE FULLY LOADED	KL. 3.50-6-8.15-10.30
HERBIE FULLY L. VIP	KL. 3.50-6-8.15-10.30
THE ISLAND	KL. 6-8-10-10.40 B.I. 16
KICKING AND SCREAMING	KL. 4-6-8-10
MADAGASCAR enskt tal	KL. 4-6-8-10
MADAGASCAR ísl. tal	KL. 4-6
SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal	KL. 4

KEFLAVÍK

HERBIE FULLY LOADED	KL. 8 B.I. 16
THE ISLAND	KL. 10.10
FANTASTIC FOUR	KL. 8-10.10

AKUREYRI

HERBIE FULLY LOADED	KL. 6-8-10
THE ISLAND	KL. 8-10.30
MADAGASKCAR ísl. tal	KL. 6

KRINGLAN

HERBIE FULLY LOADED	KL. 4.20-6.30-8.40-10.40
THE ISLAND	KL. 8-10.40 B.I. 16
THE PERFECT MAN	KL. 4.20-6.15-8
MADAGASCAR ísl. tal	KL. 4.20-6.15
BATMAN BEGINS	KL. 10 B.I. 12

HERBIE FULLY LOADED	KL. 5-7.10-9.15-11	
THE ISLAND	KL. 5.30-8-10.40	B.I. 16 ára
DARK WATER	KL. 8-10.15	B.I. 16 ára
MADAGASCAR enskt tal	KL. 5-7-9	
BATMAN BEGINS	KL. 6-8.30	B.I. 12 ára
KICKING & SCREAMING	KL. 6	

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

Háskólabíó

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

HAFDÍS LILJA OG KLARA MALÍN Söfnuðu 720 krónum fyrir Rauða krossinn. Þær sögðust vonast til þess að peningarnir færu til Afríku.

Vildu hjálpa Afríku

Þær vinkonur Hafdís Lilja Torfadóttir og Klara Malín Þorsteinsdóttir héldu nýlega tombólu til þess að safna fyrir Rauða krossinn. Þær seldu meðal annars bækur og geisladiska. Að sögn þeirra beggja gekk salan nokkuð vel enda var verðið víst ekki til að kvarta yfir. Þær sögðust vonast til þess að upphæðin, alls 720 krónur, myndi renna til Afríku. ■

Algjör sveppur

Þær Guðlaug Hrefna Jónasardóttir, Kolfinna Tómasdóttir og Hilda Margrét Ragnarsdóttir bentu blaðamönnum Fréttablaðsins á undur sem þær komu auga á í garðinum hjá sér í gær. „Við vorum bara að leika okkur úti í garði við að hoppa á trampólíninu okkar þegar við sáum þennan risastóra svepp," segir Kolfinna. „Okkur fannst þetta svolítið merkilegt því sveppurinn sem við komum auga á nær okkur alla leið upp á hné. Við höfðum aldrei tekið eftir honum áður svo við höfum ekki hugmynd um hversu langan tíma það hefur tekið fyrir hann að vaxa."

RISAVAXINN SVEPPUR Stelpunum í Skaftahlíðinni brá heldur betur í brún þegar þær komu auga á þennan risastóra svepp.

MacFayden í uppáhaldi

Keira Knightley er nýkominn á markaðinn eftir að hún hætti með írsku fyrirsætunni Jamie Dornan í síðustu viku. Ekki er víst að hún verði lengi á lausu því hún hefur játað að meðleikari hennar í myndinni Pride and Prejudice Matthew MacFayden sé í miklu uppáhaldi hjá sér.

„Eitt af því rómantískasta í heiminum er kurteis og góður maður og Matthew leikur hr. Darcy á mjög fallegan hátt. Hann stóð sig frábærlega í myndinni og ég er enn þá meiri aðdáandi hans núna heldur en ég var," sagði Knightley. ■

KEIRA KNIGHTLEY Leikkonan fagra hefur mikið álit á meðleikara sínum Matthew MacFayden.

SHAUN RYDER Hljómsveitin Happy Mondays ætlar að spila á tónleikum í London 28. ágúst.

Ný lög frá Happy Mondays

Hljómsveitin Happy Mondays frá Manchester ætlar að halda tónleika í London hinn 28. ágúst þar sem hún spilar ný lög í fyrsta sinn í rúman áratug.

Um er að ræða tvö lög sem Shaun Ryder, forsprakki sveitarinnar, hefur samið. Tónleikarnir verða á hátíð sem nefnist Get Loaded In the Park. Á meðal fleiri hljómsveita sem troða upp verða Stereo MCs, The Farm og Flowered Up. ■

AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS EHF.

www.hlutverk.is

TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

Fréttablaðið
- stærsta bílasala landsins?

Á HVERJUM DEGI FÆRÐ ÞÚ EINA AF STÆRSTU BÍLASÖLUM LANDSINS INN UM BRÉFALÚGUNA ÞÍNA!

SPARAÐU TÍMA OG FYRIRHÖFN MEÐ ÞVÍ AÐ FINNA BESTA BÍLINN Á MEÐAN ÞÚ SVOLGRAR Í ÞIG MORGUNKAFFIÐ.

FRÉTTABLAÐIÐ

– SMÁAUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ

Fíton/SÍA F101390 1

ÚR BÍÓHEIMUM

í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning?

„Your life could be a whole lot simpler if you could learn to operate a VCR."

Svar:
Barþjónn í kvikmyndinni Absolute Power árið 1997.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR FÉKK SÉRDAGSKRÁ Á GUFUNNI ER HÚN FERÐAÐIST UM VESTFIRÐI

Eyrnakonfekt og langþráð slökun

Ég hef komist að því að framboð og eftirspurn fara í mínu tilviki ekki saman. Ofgnótt getur orðið til þess að ég missi áhugann, en kannski er ég bara svona íhaldssöm og gamaldags.
Á dögunum endurnærði ég andann með ástinni í návist vestfirsku alpanna, þar sem fm-tíðni útvarps hverfur reglulega í tignarlegum fjallasölum. Því fylgdi dýrmætt frelsi, enda malandi útvarp vart boðlegt hinu stórbrotna vestfirska landslagi. Þó hef ég frá bernskuárum verið mikill útvarpsfíkill og oftast þótt samfylgd ljósvakans vinaleg en eftir því sem framboðið eykst og afmæliskertunum fjölgar hef ég orðið æ minni áhuga, enda þrautin þyngri að finna eyrnakonfekt í háveru áreiti innantóms blaðurs.

Á vesturförinni náði ég oftast gufunni en þá var engu líkara en að dagsskráin hefði verið sérvalin fyrir okkur ástarfuglana. Við höfðum ekki fyrr kvatt einn unaðsfagra fjörðinn á eftir öðrum að jafnóðum kom fróðlegur þáttur um staðina sem við höfðum rétt áður upplifað. Þetta var fagurt veganesti í kveðjugjöf; notaleg umfjöllun um gönguleiðir Hornstranda, spjall við dugmikla athafnakonu í Súðavík og yndislegt viðtal um töfra Ísafjarðar. Inn á milli heyrðust fjarlægir tónar íslenskra dægurlaga þeirra tíma þegar amma var ung með tilheyrandi sveitarómantík og tælandi náttúrutöfrum. Allt þetta kryddaði ferðalagið á réttum andartökum og eftirlét ógleymanlegar minningar.

Á HORNSTRÖNDUM

Sama rótleysið vegna offramboðs skynja ég einnig við sjónvarpið en hjúfra mig auðvitað upp að hávöxnu hetjunni minni yfir einstaka uppáhalds þætti og finn þá eftirsóknarverðu slökun sem margir leita í sjónvarpssófanum eftir eril dagsins.

▶ **22.25** *Spenna*
LOST

▶ **21.55** *Sögur*
I'M STILL ALIVE

▶ **22.00** *Spjall*
KVÖLD-ÞÁTTURINN

▶ **22.00** *Drama*
DEAD LIKE ME

▶ **19.40** *Íþróttir*
ÞRÓTTUR-FH

SJÓNVARPIÐ

15.40 Helgarsportið **15.55** Fótboltakvöld **16.10** Ensku mörkin (1:38) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Gurra grís (14:26) **18.05** Kóalabræður (29:52) **18.15** Pósturinn Páll (11:13)

18.30 Ástfangnar stelpur (3:13)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Átta einfaldar reglur (47:52) (8 Simple Rules)
20.20 Satúrnus (Saturn: Lord of the Rings) Bresk heimildamynd um Satúrnus, þá plánetu í sólkerfi okkar sem stjörnuskoðendum þykir hvað forvitnilegust. Í júlí í fyrra lagði könnunarfar af stað til Satúrnusar en það er samvinnuverkefni sautján þjóða og var tíu ár í undirbúningi.
21.15 Lögreglustjórinn (The District III)
22.00 Tíufréttir
▶ **22.25 Lífsháski (20:25)** (Lost)

23.10 Ensku mörkin (1:38) **0.05** Kastljósið **0.25** Dagskrárlok

2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

12.20 Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers (110:150) **13.25** Bounce **15.15** Third Watch (18:22) (Bönnuð börnum) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag
19.35 Simpsons
20.00 Extreme Makeover – Home Edition (9:14)
20.45 Jamie Oliver (Oliver's Twist) (19:26)
21.10 The Guardian (22:22)
▶ **21.55 I'm Still Alive (2:5)** Hér segir frá mönnum sem hafa lent í hrikalegum aðstæðum en lifað af. Atburðarásin flytur áhorfendur upp í háloftin, út á sjó og inn til lands.
22.45 Ring of Fire (Ródeókappar) Dramatískur vestri þar sem rómantíkin er ekki langt undan. Aðalhlutverk: Kiefer Sutherland, Marcus Thomas, Daryl Hannah, Molly Ringwald. Leikstjóri: Xavier Koller. 2001. Bönnuð börnum.

0.25 Eyes (5:13) **1.10** Dead Man Walking (Stranglega bönnuð börnum) **3.10** Fréttir og Ísland í dag **4.30** Ísland í bítið **6.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Íslenski listinn Jónsi í Svörtum fötum fer með okkur í gegnum vinsælustu lög vikunnar og tekur púlsinn á öllu því heitasta í dag.
19.30 Friends 2 (11:24)
20.00 Seinfeld 3
20.30 Friends 2 (12:24)
21.00 American Dad (7:13) Stan Smith er útsendari CIA og er alltaf á varðbergi fyrir hryðjuverkahættum.
21.30 Íslenski listinn
▶ **22.00 Kvöldþátturinn**
22.45 David Letterman Það er bara einn David Letterman. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

23.35 The Newlyweds (15:30) **0.00** The Newlyweds (16:30) **0.30** Friends 2 (12:24) **0.55** Kvöldþátturinn **1.40** Seinfeld 3

SKJÁREINN

18.00 Cheers

18.30 Tremors (e)
19.15 Þak yfir höfuðið (e)
19.30 Less than Perfect (e)
20.00 Center of the Universe Gamanþættir um hjónin John og Kate.
20.50 Þak yfir höfuðið Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
21.00 The Contender
▶ **22.00 Dead Like Me** George þykist vera ættingi látins róna og Daisy kemur fram í raunveruleikaþætti. Reggie er forvitin og prufar að vera gothari í einn dag.
22.45 Jay Leno Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal. Í lok hvers þáttar er boðið upp á heimsfrægt tónlistarfólk.

23.30 Da Vinci's Inquest (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** The O.C. **1.20** The L Word **2.05** Óstöðvandi tónlist

sýn

12.50 Landsbankadeildin. Útsending frá leik KR og ÍBV í Frostaskjólinu. **14.40** US PGA Championship

19.10 Landsbankamörkin Mörkin og marktækifærin úr fjórtándu umferð Landsbankadeildarinnar en þá mætast eftirtalin félög: Grindavík – Fylkir, Valur – Keflavík, ÍA – Fram, KR – ÍBV og Þróttur – FH.
▶ **19.40 Landsbankadeildin** Bein útsending frá leik Þróttar og FH á Laugardalsvelli en með viðureign félaganna lýkur 14. umferð Landsbankadeildarinnar.
22.00 Olíssport
22.30 Ensku mörkin Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild.

23.00 Playmakers **23.45** Landsbankadeildin. Útsending frá leik Þróttar og FH á Laugardalsvelli. **1.35** Álfukeppnin

STÖÐ 2 BÍÓ

6.30 If These Walls Could Talk II **8.05** Molly **10.00** Little Man Tate **12.00** Tom Sawyer **14.00** If These Walls Could Talk II **16.00** Molly **18.00** Little Man Tate **20.00** The Learning Curve **22.00** Once Upon a Time in Mexico **0.00** The Package **2.00** Hard Cash **4.00** Once Upon a Time in Mexico

OMEGA

8.00 Barnaefni **10.00** Joyce M. **10.30** Benny Hinn **11.00** T.D. Jakes **11.30** Dr. David Cho **12.00** Believers Christian Fellowship **13.00** The Awakening Hour **13.30** Kvöldljós **14.30** Blandað efni **16.00** The Way of the Master **16.30** Barnaefni **17.30** Behind the Scenes **18.00** Times of Refreshing **18.30** Lessons for Leaders **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Blandað íslenskt efni **21.00** Mack Lyon **21.30** Acts Full Gospel **22.00** Joyce M. **22.30** Benny Hinn **23.00** T.D. Jakes **23.30** Time for Hope **0.00** The Way of the Master **0.30** CBN fréttastofan

E! ENTERTAINMENT

12.00 Jackie Collins Presents **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Behind the Scenes **15.00** The Daily Blend **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** E! News Weekend **18.00** Fashion Police **18.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** What Hollywood Taught Us About Sex **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** Wild On **1.00** The Anna Nicole Show

AKSJÓN

7.15 Korter **21.00** Níubíó – Enemy of My Enemy **23.15** Korter

ENSKI BOLTINN

14.00 Sunderland – Charlton frá 13.08. **16.00** Portsmouth – Tottenham frá 13.08 **18.00** Þrumuskot **19.00 Everton – Man. Utd frá 13.08** Leikur sem fram fór síðastliðinn laugardag. **21.00 Spurt að leikslokum 22.00 Middlesbrough – Liverpool frá 13.08. 0.00** Þrumuskot (e) **1.00** Man. City – WBA frá 13.08

Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Saturn: Lord of the Rings — Sjónvarpið **kl. 20.20.**

Forvitnilegasta pláneta sólkerfisins

Bresk heimildarmynd um þá plánetu í sólkerfi okkar sem stjörnuskoðendum þykir hvað forvitnilegust. Satúrnus þykir tilkomumeiri og dulúðugri en aðrar reikistjörnur í sólkerfinu. Satúrnus er í 1,32 milljarða kílómetra fjarlægð frá jörðu og alltaf hefur verið ljóst að ekki yrði auðvelt að smíða geimfar sem kæmist alla leið þangað. Enda tók það sinn tíma og það var ekki fyrr en í júlí í fyrra að könnunarfar lagði af stað til Satúrnusar eftir að sautján þjóðir höfðu unnið saman að verkefninu í tíu ár.

Satúrnus skartar fallegum hringjum og 31 tungli.

Satúrnus.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Elísabetu Brekkan. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Messufall e. **15.03** Allt og sumt. **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

19.30 Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Elísabetu Brekkan e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e.

23.00 Úrval úr Allt & sumt

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Saga ljóðsins: Vilborg Dagbjartsdóttir **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd

13.00 Sakamálaleikrit, Mærin í snjónum **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Einbjörn Hansson **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fastir punktar **16.13** Hlaupanótan

17.03 Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.00** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Ragtime **23.00** Hugsjónir og pólitík

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **17.03** Útvarp Bolur

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

1.10 Ljúfir næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Adda **10.00** Rósa **11.00** Bláhornið

12.25 Meinhornið **14.00** Kjartan G **15.00** Hildur H **17.00** Gústaf **18.00** Meinhornið

19.00 Bláhornið **20.00** Adda **22.00** Rósa **23.00** Kjartan G **0.00** Hildur H **2.00** Gústaf **3.00** Rósa **4.00** Kjartan G **5.00** Adda

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.00 Snooker: European Open Belfast Ireland **15.00** Tennis: WTA Tournament Toronto Canada **16.30** All sports: WATTS **17.00** Tennis: WTA Tournament Toronto Canada **18.30** Snooker: European Open Belfast Ireland **21.00** Football: Eurogoals **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** All sports: WATTS **22.45** Motorsports: Motorsports Weekend **23.15** News: Eurosportnews Report

BBC PRIME
12.00 Miss Marple **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Bill and Ben **14.35** Bring It on **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Vets in Practice **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** Holby City **19.00** Waking the Dead **19.50** Jonathan Creek **20.45** Black Cab **21.00** Blackadder II **21.30** 3 Non-Blondes **22.00** Two Thousand Acres of Sky **23.00** Meet the Ancestors **0.00** Supernatural Science **1.00** Richard II

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Ten Days To Victory **14.00** Victory in the Pacific **16.00** Battlefront **17.00** Search For The Lost Fighter Plane **18.00** The Hunt For Hitler's Scientists **19.00** Hitler's Sunken Secret **20.00** Victory in the Pacific **22.00** Bridge on the River Kwai – The Documentary **23.00** Victory in the Pacific

ANIMAL PLANET
12.00 Monkey Business **18.00** The Natural World **19.00** Wild South America **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Wild South America **1.00** The Natural World

DISCOVERY
12.00 Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Extreme Engineering **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Rides **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Super Surgery **20.00** Trauma **21.00** Body Works **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Battlefield

MTV
13.00 SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** European Top 20 **18.00** Switched On **19.00** The House of Wax **19.30** Advance Warning **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Power Girls **21.30** The Real World **22.00** The Rock Chart **23.00** Just See MTV

VH1
15.00 So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** All Access **20.00** Remaking Vince Neil **20.30** I Want a Famous Face **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Streets Top 5 **22.30** The Fabulous Life of... **23.00** VH1 Hits

CLUB
12.10 Fashion House **12.35** The Stylists **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** Fashion House **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Fantasy Open House **18.05** It's a Girl Thing **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** My Messy Bedroom **21.35** Sex Tips for Girls **22.00** Ex-Rated **22.30** Men on Women **23.00** Weekend Warriors **23.30** Anything I Can Do **23.55** Arresting Design **0.25** Fashion House **0.50** The Stylists

CARTOON NETWORK
12.20 Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX
12.10 Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

MGM
12.25 Swamp Thing **14.00** Lisa **15.35** Killer Klowns from Outer Space **17.00** Windprints **18.40** Extreme Adventures of Super Dave, the **20.10** Warm Summer Rain **21.35** Meatballs 4 **23.05** Men's Club, the **0.45** Sonny Boy **2.30** Intimate Strangers

TCM
19.00 Butterfield 8 **20.45** The V.I.P.S **22.40** Alfred the Great **0.40** The Appointment **2.30** Children of the Damned

HALLMARK
12.45 Dinotopia **14.15** A Child's Cry For Help **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** Locked in Silence **18.30** Early Edition **19.15** Midsomer Murders **21.00** Crime and Punishment **22.30** Early Edition **23.15** Midsomer Murders **1.00** Mrs. Lambert Remembers Love **2.30** Crime and Punishment

BBC FOOD
12.00 Neil Perry Fresh and Fast **12.30** Grigson **13.00** Paradise Kitchen **13.30** The Great Canadian Food Show **14.00** Coxon's Royal Feast **14.30** Beyond River Cottage **15.00** The Hi Lo Club **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Food Source Asia **16.30** Nigel Slater's Real Food **17.00** Off the Menu **17.30** Deck Dates **18.00** Douglas Chew Cooks Asia **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Madhur Jaffrey's Far Eastern Cookery **19.30** James Martin Sweet **20.00** The Naked Chef **20.30** The Tanner Brothers **21.00** Ever Wondered About Food **21.30** Ready Steady Cook

DR1
12.00 Vildmark **12.30** Et dyrehospital i Sverige **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Line og Lykke **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Becoming **14.30** Last Exile **15.00** Konrad og Bernhard **15.10** Lovens vogtere **15.30** Film og flotte fiduser **16.00** Palle Gris på eventyr **16.20** Anton **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** DR-Explorer – tværs over Canada **17.30** Derhjemme **18.05** Alaskas nomader **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Hemmeligheder og bedrag **21.30** Fra baggård til big business

SV1
13.30 Sportspegeln **14.00** Rapport **14.05** Forsytesagan **15.00** Född Dostojevskij **15.55** Blomstersprå**k 16.00** Bakom kulisserna på zoo **16.30** Nalle har ett stort blått hus **16.55** Våra djur **17.00** Lilla Smågodis **17.15** Första kärleken **17.30** Rapport **18.00** Sommartorpet **18.30** Djurgalen **19.00** Rose och Maloney **20.30** Vet hut! **21.20** Rapport **21.30** Sommardebatt **22.30** Sändning från SVT24

RATAÐU Á RÉTTA TÆKIÐ

Garmin StreetPilot c320 leiðsögutæki fyrir bifreiðar

Nýtt GPS kort fyrir Garmin-tæki með götum og heimilisföngum

GPS kort er vektor-kort af Íslandi fyrir Garmin GPS-tæki með leiðsöguhæfum vegagögnum um allt land, ásamt götukorti af höfuðborgarsvæðinu með heimilisföngum, 40.000 örnefnum og áhugaverðum stöðum, vatnafari, þjóðvegum, fjallaslóðum og skálaskrá. Í fyrsta sinn á Íslandi er saman komið vegakort með leiðsöguhæfum gögnum fyrir PC-tölvur, Windows Mobile handtölvur og Garmin GPS-tæki. Láttu ekki afvegaleiða þig – veldu Garmin.

Garmin Quest
Einfalt og handhægt leiðsögutæki í bílinn eða mótorhjólið. Fer líka vel í vasa þegar tveir jafnfljótir fara af stað.

Garmin GPSmap 60C
Níðsterkt tæki í alla útivist. Eitt með öllu!

Garmin iQue M5
Öflug vasatölva með GPS korti – og fundurinn byrjar á réttum tíma.

www.garmin.is GARMIN

Komdu í glæsilega verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda og kynntu þér gott úrval GPS-staðsetningartækja frá Garmin. Við eigum tæki sem henta fyrir bátinn, bílinn, flugið, útivistina og jafnvel skokkið, innanbæjar sem utan.

R.SIGMUNDSSON

Umboðsmenn **Akureyri**: Haftækni · **Egilsstaðir**: Bílanaust · **Grundarfjörður**: Mareind · **Ísafjörður**: Bensínstöðin **Keflavík**: Tæknivík · **Reyðarfjörður**: Veiðiflugan · **Selfoss**: Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar**: Geisli **Reykjavík**: Arctic Trucks, Everest, Hlað, Intersport, RSH, Útilíf, Vesturröst · **Fríhöfnin**

FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.rs.is

HRÓSIÐ

...fær Baltasar Kormákur fyrir að koma kvikmyndinni A Little Trip to Heaven á Toronto-hátíðina.

SÉRFRÆÐINGURINN SIF GUNNARSDÓTTIR VERKEFNISSTJÓRI HJÁ HÖFUÐBORGARSTOFU SEGIR MENNINGARNÓTT GRASRÓTARHÁTÍÐ

Kaupmannahöfn gestasveitarfélag á menningarnótt

Næstkomandi laugardag verður menningarnótt í Reykjavík haldin í tíunda sinn. Tilurð menningarnætur varð í kjölfar heimsóknar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur þáverandi borgarstjóra til Kaupmannahafnar, en þar kynntist hún menningarnótt höfuðborgar Dana og hreifst svo mjög að hugmyndin um að gera eins í tengslum við afmæli Reykjavíkur 18. ágúst varð að veruleika.

Sif segir orðið „nótt" vísa meira til sérkennilegrar birtingu menningar á menningarnótt en klukkutíma sólarhringsins.

„Í Kaupmannahöfn heitir hún Kultur Nat og sú nótt er byggð á Kultur Nat í Lundi, sem upphaflega varð til í vetrarfríi grunnskóla. Þá skorti fjölskyldur eitthvað skemmtilegt að gera og menningarstofnanir höfðu opið lengur en vanalega. Í Reykjavík gerast atburðir „næturinnar" á tólf tímum, og gestir upplifa listdans, leiksýningar, rokktónleika og fleira í öðruvísi ljósi og stöðum en vaninn býður."

Menningarnótt er fjölsóttasti menningarviðburður þjóðarinnar en í fyrra mættu hundrað þúsund gestir í miðbæ Reykjavíkur. Hvergi á öðrum tíma koma jafn margir landsmenn saman í miðbænum, hvorki á 17. júní né á Þorláksmessu.

„Í ár verður á þriðja hundrað atburða í boði. Nýlunda verður fjölþjóðleg karnivalganga á vegum Alþjóðahússins, og þá kemur Þjóðleikhúsið inn með dagskrá á tröppunum og í kjallara Þjóðleikhússins. Í tilefni tíu ára afmælisins buðum við okkar gömlu dönsku höfuðborg að vera gestasveitarfélag menningarnætur en danskir leikarar og tónlistarmenn verða með skemmtilegar uppákomur í Ráðhúsinu á menningarnótt," segir Sif og er viss um sérstöðu menningarnætur Reykjavíkur.

„Í samanburði við erlendar menningarnætur finnst mér einkennandi gríðarleg þátttaka miðborgarinnar. Ytra eru helst opnar menningarstofnanir ríkis og borgar en hér taka lítil sem stór fyrirtæki þátt líka, og ekki síst íbúar miðborgarinnar sem bjóða alla þessa gesti velkomna heim. Því er menningarnótt Reykjavíkur meiri grasrótarhátíð en þekkist annars staðar."



Lárétt: **1** aða, **5** sönghópur, **6** skammst., **7** íþróttaviðburður, **8** nögl, **9** stillt, **10** ull, **12** eldsneyti, **13** svelgur, **15** frá Reykjavík, **16** tarfur, **18** lélegt.
Lóðrétt: **1** ekluna, **2** fraus, **3** sem, **4** frásagnarvert, **6** tannhirðuefni, **8** eins um r, **11** ærða, **14** leðja, **17** goð.

Lausn

Lárétt: **1** skel, **5** kór, **6** fr., **7** ol, **8** kló, **9** prúð, **10** tó, **12** kol, **13** íða, **15** re, **16** naut, **18** rýrt.
Lóðrétt: **1** skortinn, **2** kól, **3** er, **4** fróðleg, **6** fiður, **8** krk, **11** óða, **14** aur, **17** tý.

[VEISTU SVARIÐ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Að sextíu ár eru liðin síðan bókin Lína langsokkur kom út.
2. 39 ára.
3. Hanna Birna Kristjánsdóttir.

LANDSBANKADEILDIN
DRAUMALIÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

ÍSLENSKI PIPARSVEINNINN: HVAÐA FJÓRIR VERÐA Í FORÞÁTTUNUM ?

Fjórir strákar keppa um kvenhylli

„Við höfum verið að leita að því besta sem í boði er," segir dagskrárgerðarmaðurinn Þorleifur Örn Arnarsson hjá Saga Film um leitina að þátttakendum í sjónvarpsþátt um íslenska „Piparsveininn".

Jón Ingi Hákonarson, þáttastjórnandi „Piparsveinsins", segir að nú þegar sé búið að velja 25 kvenna hóp sem komi til með að keppa um hylli karlmannsins. „Þetta eru hressar, flottar og skemmtilegar stelpur á aldrinum 21 til 34."

Landinn spáir nú og spekúlerar hvaða karlmaður komi til með að hreppa hnossið. „Í Bandaríkjunum er piparsveinninn kynntur til sögunnar í fyrsta þætti en íslenska útfærslan er aðeins öðruvísi. Við erum nú með tíu manna hóp og ætlum að byrja að velja fjóra af þeim vænlegu piltum til að kynna í forþáttum sem hefjast um miðjan september. Einn af þeim verður svo valinn til að fara í piparsveinshlutverkið og halda uppi þáttunum í vetur."

Jón Hákon segir að úr vöndu sé að ráða. „Strákarnir í hópnum eru með ólíkan bakgrunn, útlit og menntun. Stelpnahópurinn er líka mjög fjölbreyttur en piparsveininn verður að velja með það í huga að þær geti allar orðið skotnar í honum."

Í erlendu Bachelor-þáttunum virðast piparsveinarnir ýmist vera erfingjar milljarðamæringa, ríkir athafnamenn eða frægir íþróttagarpar. Spurningin er hvort aðstandendur íslenska Bachelorsins hafi haft samband við þekkta og álitlega íslenska piparsveina. „Ætli það sé ekki bara best að svara því þannig til að við höfum verið að horfa í kringum okkur til að finna álitleg mannsefni handa stelpunum en einnig hafa fjölmargir haft samband við okkur," segir Þorleifur Örn.

Her manns er búinn að vinna hörðum höndum að undirbúningi þáttanna í sumar og kemur þátturinn til með að verða sá dýrasti sem framleiddur hefur verið fyrir Skjá einn. „Það er ekkert til sparað og búið að skipuleggja glæsileg stefnumót og ævintýraferðir hér og þar um landið og að mér skilst einnig rómantískar ferðir út fyrir landsteinana," segir Jón.

Eins og í erlendu þáttunum hvílir mikil leynd yfir íslenska Bachelor-þættinum. „Það þurfa bara allir að þegja," segir Jón Hákon. „Það er mystíkin í kringum þetta sem gerir þetta skemmtilegt og til að koma í veg fyrir að úrslitin kvisist út þegar þættirnir byrja verður brugðið á það ráð að taka þá upp í tveimur hollum." ■

SINDRI SINDRASON? Fréttamaðurinn á Stöð 2 þykir bæði ríkur og klár.

SÖLVI SNÆR MAGNÚSSON? Myndarlegur og flottur strákur sem veit hvað hann vill.

BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA? Hraustlegur fótboltakappi með góða menntun og traustan bakhjarl.

VIKTOR BLÆR BIRGIS? Gæti lagt Hollywood að fótum sér eftir leikinn í kvikmyndinni Flags of Our Fathers.

REISUBÓKARBROT
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON ER Á SKÁKHÁTÍÐ HRÓKSINS Á GRÆNLANDI.

Ekkert fjólublátt ljós við barinn

Það er ekki mikið við að vera í Tasiillaq þannig að í fásinninu hlýtur maður fyrr eða síðar að enda á hótelbarnum, jafnvel þótt maður sé hættur að drekka. Þeir sem láta reykingar á skemmtistöðum í Reykjavík fara í taugarnar á sér ættu að reka nefið inn í mökkinn á eina barnum í Tasiilaq. Það er óhætt að segja að skyggnið sé fágætt enda keðjureykir hver einasti gestur eins og hann sé í akkorði. Íslendingar kalla ekki allt ömmu sína þegar það kemur að sukki og sumbli aftaninn vetrarlangann allan ársins hring en samt sem áður gátu fáir ferðafélaga minna hugsað sér að staldra lengur við en svona eins og í eina kollu. Sjálfur hef ég gleymt ýmsu sem ég vildi að ég hefði aldrei upplifað á eymdarbörum en ekkert sem ég hef séð í brennivínsþokunni í gegnum árin hefur búið mig undir þennan bar sem er helltur fullur af myrkri. Heimamenn vita greinilega upp á hár til hvers áfengi er brúklegt en notagildi þess hefur vitaskuld ekkert með skemmtun að gera. Áfengi er fyrst og fremst nothæft til þess að gleyma, verða einhver annar en maður er og hverfa inn í fuglabjarg óminnishegranna. Höfundur ferðamannabókar um Grænland varar sérstaklega við hótelbarnum í Tasiilaq og ræður engum að stíga þar inn fyrir. Sjálfur segist hann hafa orðið fyrir því að eldri kona móðgaði sig og því ætti enginn að fara þangað. Ég ráðlegg þvert á móti öllum að kíkja á barinn og get rétt ímyndað mér hvernig sú gamla gekk fram af þessum geðstirða manni þar sem það þarf, að ég held, enginn að fara einn heim af þessum stað. Ég gæfi mikið fyrir að sjá hinn dæmigerða íslenska „korter í þrjú gæja", ljósabrúnan og strípaðan bregðast við ágangi „korter í þrjú kerlinganna" í Tasiilaq. Sumar hverjar eru að mestu tannlausar og ég er ekki frá því að í einhverjum augabrúm iði flatlýsnar. Ég varð samferða einum heimamanni út og sá var einhverra hluta vegna einn á ferð. Hann horfði á lausar skóreimar sínar og grét. Það slær fátt meira á vínlöngun en ferð á barinn í Tasiilaq.

alltaf gott - alltaf ódýrt

mánudagstilboð

2 fyrir 1
Frissi Fríski appelsínu og epla

2 fyrir 1
Nagga grísasnitsel

2 fyrir 1
Goða pylsur

50% afsláttur

179 kr.stk.
1944 kindabjúgu m. uppstúf
verð áður 358 kr.stk.

50% afsláttur

165 kr.kg.
Búrfells pönnubúðingur
verð áður 329 kr.kg.

50% afsláttur

99 kr.stk.
Náttúru pizza Margarita
verð áður 198 kr.stk.

50% afsláttur

99 kr.stk.
Náttúru pizza m. pepperoni
verð áður 198 kr.stk.

99 kr.stk.
Náttúru pizza m. skinku
verð áður 198 kr.stk.

Auglýsingastofa Vikurfrétta • www.vf.is

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

Trúlofunar- og giftingarhringir

20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040

BAKÞANKAR
ÞRÁINS BERTELSSONAR

Baugs-passían

Kristur kom fyrir Kaífas, klögumálin gengu á víxl...“ Eitthvað á þessa leið minnir mig að síra Hallgrímur komist að orði í Passíusálmunum um frægasta dómsmál allra tíma. Frægasta dómsmál nýs árþúsunds á Íslandi snýst ekki um auralausan sveitalubba frá Galíleu, heldur hvort messað hafi verið samkvæmt réttu rítúali við tilbeiðslu þess guðs sem mest er trúað á í nútímanum – sem er auðvitað Mammon.

BAUGS-PASSÍAN er hafin. Fyrir helgi var fastan rofin þegar enska dagblaðið Guardian (Vörður) birti grein um ákærur, og á laugardag voru allir fjölmiðlar fullir af upplýsingum um þetta umtalaða mál sem er mér því miður fullkomlega óskiljanlegt. Sumpart vegna þess að útburðurinn sem færir mér Fréttablaðið ákvað að nota þennan örlagadag til að skrópa í vinnunni, svo að líklega hef ég verið eini maðurinn á Íslandi sem ekki hefur átt kost á þeirri afþreyingu að eyða helginni í að kynna sér ákærurnar og svör hinna ákærðu.

PRÍVAT og persónulega er ég ekki sérlega snókinn fyrir því að fylgjast með hvar peningamenn eru á ferðinni með gírugar klærnar. Ég hef aldrei náð því að skilja mín eigin fjármál til hlítar, hvað þá að ég skilji fjármál stórgróssera. En þetta mál er athyglisvert vegna þeirra klögumála sem ganga á víxl. Annars vegar halda menn því fram að Baugsmenn hafi verið í peningasukki, og hins vegar halda hinir ákærðu því fram að þeir séu saklaus fórnarlömb ofsókna sem Ríkislögreglustjóri stundi til að sleikja sig upp við Davíð Oddsson reginvald á Íslandi, en þar er eftir nokkru að slægjast því að vinátta hans ku hafa verið metin 300 milljón króna virði.

ÞETTA mál verður að leysa á farsælan hátt. Kannski með því að gera Baugsmenn gjaldþrota og dæma þá í smávegis fangelsi, eins og gert var með góðum árangri við Hafskipsmenn á sínum tíma? Þegar þeir koma úr steininum geta þeir svo farið að brugga einhvers staðar þar sem snillingar fá að njóta sín ótruflaðir af lögreglu. Svo geta þeir snúið heim og keypt allt sem falt er fyrir fé á Íslandi, þar á meðal nýtt mannorð. Svo gætu allir verið sáttir. Þetta hefur áður gefist vel.